# FRÉTTABLAÐIÐ

13. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR 2019




## Þvert nei fyrir May

Breska þingið kolfelldi samning ríkisstjórnar Theresu May við ESB um Brexit í gærkvöldi. Atkvæðagreiðsla um vantrauststillögu á stjórnina fer fram í kvöld. Evrópusinnar sem mótmæltu samningnum fyrir utan breska þingið kættust mjög þegar niðurstaðan lá fyrir. Sjá síðu 8. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eaton Vance losar um hluti

**VIÐSKIPTI** Sjóðir á vegum bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum síðla árs 2015, hafa á síðustu mánuðum minnkað markvisst við sig í skráðum félögum í Kauphöll Íslands.

Sala sjóða Eaton Vance er ein ástæða þess að Seðlabanki Íslands hefur ítrekað gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn.

– kij / sjá Markaðinn

## Bjóða nær 20 milljarða í hótel

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group gæti átt von á allt að tuttugu milljörðum króna við sölu á Icelandair Hotels og fasteignum sem tilheyra hótelrekstrinum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins nema óskuldbindandi tilboð fjárfesta, sem var nýlega hleypt áfram í aðra umferð söluferlisins, um 140 til 165 milljónum Bandaríkjadala. hae / sjá Markaðinn

# Mál vegna laxeldis fá flýtimeðferð fyrir dómi

Landeigendur og veiðirétthafar stefna ríkinu og laxeldisfyrirtækjum og krefjast ógildingar á bráðabirgðarekstrarleyfum frá sjávarútvegsráðherra. Stefnendurnir telja ráðherra hafa verið vanhæfan og lagasetninguna fara í bága við stjórnarskrá.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fallist á beiðni um flýtimeðferð tveggja dómsmála sem höfðuð eru til ógildingar á bráðabirgðarekstrarleyfum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitti laxeldisfyrirtækjunum Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm í byrjun nóvember síðastliðins.

Leyfin veitti ráðherra á grundvelli lagabreytingar sem samþykkt var í miklum flýti eftir á úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi rekstrarleyfi þeirra úr gildi.

„Það hefur væntanlega fáum dulist hversu ólögmæt og óboðleg meðferð þessa máls hefur verið allt frá því að kærunefndin kvað upp sinn lögmæta og rétta úrskurð,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður stefnenda málsins.

> Í þessari vegferð skrikaði mönnum illilega fótur á vegi réttvísinnar og það er markmið okkar að fá dóm því til staðfestingar. Rangt verður ekki rétt við það eitt að valdhafarnir krefjist þess.
>
> Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður stefnenda



Málið höfða landeigendur, veiðirétthafar og náttúruverndarsamtök sem eiga það sameiginlegt að hafa átt aðild að meðferð málanna á stjórnsýslustigi.

Páll segir stefnuna sem málið tók eftir niðurstöðu úrskurðarnefndar hafa verið með ólíkindum. Valdhafar hafi notast við handafl fremur en lögspeki til að ná fram augljósum markmiðum sínum, leikreglum hafi verið breytt eftir á til að ná fram ákveðnum niðurstöðum og réttaröryggissjónarmið verið virt að vettugi.

„Í þessari vegferð skrikaði mönnum illilega fótur á vegi réttvísinnar og það er markmið okkar að fá dóm því til staðfestingar. Rangt verður ekki rétt við það eitt að valdhafarnir krefjist þess,“ segir Páll. – aá / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag


**SPORT** Guðmundur og Dagur losna ekki hvor við annan. 12

**LÍFIÐ** Íslenska landsliðið í handbolta stendur í ströngu þessa dagana á HM. Í stúkunni hafa Íslendingar líka staðið sig vel og litað mótið með skemmtilegri framkomu. 24




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SKRIFSTOFAN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðan 6-12 en hvassari hlémegin fjalla SV- og S-lands. NA 17-22 á Suðausturlandi, lægir seinnipartinn. Él norðan til, en léttskýjað á S- og V-landi. Frost 2 til 10 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Bragginn ekki til saksóknara



Tillaga um að vísa skýrslu um framkvæmdirnar við Nauthólsveg 100 til héraðssaksóknara var felld í borgarstjórn í gærkvöldi. Þrettán borgarfulltrúar greiddu atkvæði gegn tillögunni en átta með. Tveir sátu hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir úr borgarstjórn í gærkvöldi er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Bitcoin notuð í Hvíta-Rússlandi

**TÆKNI** Viðskiptafólk og spákaupmenn í Hvíta-Rússlandi geta nú keypt hlutabréf, gull og erlendar myntir með bitcoin og öðrum stórum rafmyntum. Fjárfestingarfyrirtækin VP Capital og Larnabel Ventures tilkynntu þetta í gær.

„Þetta er fyrsti vettvangurinn fyrir rafmyntareigendur til að fjölþætta eignasafn sitt,“ sagði Víktor Prokopeníja, eigandi VP Capital, við Reuters.

Samkvæmt Prokopeníja bárust 2.000 beiðnir um skráningu á fyrstu tveimur klukkustundunum. Gengið er úr skugga um að umsækjendur stundi ekki peningaþvætti.

Virði bitcoin stóð í 3.637 bandaríkjadölum í gær eða 438.986 krónum. Rafmyntin er þekkt fyrir sitt afar óstöðuga gengi og geta sveiflurnar verið miklar. Bitcoin var verðmætust í desember 2017. Var þá virði um tveggja milljóna króna. **– þea**



**Pólverjar votta Pawel Adamowicz virðingu sína í Gdansk.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fjöldi minnist borgarstjóra

**PÓLLAND** Fjölmargir Pólverjar lögðu leið sína í ráðhúsið í Gdansk í gær til þess að rita nafn sitt í samúðarbækur fyrir Pawel Adamowicz, borgarstjóra Gdansk, sem lést á sjúkrahúsi á mánudag eftir að hafa verið stunginn á góðgerðartónleikum á laugardagskvöld.

Pólska þjóðin er harmi slegin vegna málsins. Adamowicz var 53 ára gamall og hafði gegnt embætti borgarstjóra Gdansk í tuttugu og eitt ár ár. Hann var frjálslyndur og andvígur áherslu núverandi valdhafa í Póllandi á þjóðernishyggju. **– þea**




# Milljarðar úr þörungum við Hellisheiðarvirkjun

**Félag sem hyggst vinna smáþörunga í skepnufóður og jafnvel til manneldis er sagt munu geta skilað sjö milljarða árstekjum af starfseminni í Jarðhitagarði ON. Bæjarráð Ölfuss vill að félagið fái fyrirgreiðslu hjá ívilnunarnefnd nýfjárfestinga.**

**IÐNAÐUR** Smáþörungafyrirtækið Algaennovation Iceland ehf. er sagt munu velta sjö milljörðum króna fimm árum eftir að það tekur til starfa í Jarðhitagarði Orku náttúrunnar við Hellisheiðarvirkjun.

Að því er kemur fram í fundargerð bæjarráðs Ölfuss hefur Algaennovation Iceland sótt um fyrirgreiðslu hjá ívilnunarnefnd nýfjárfestinga. Samið hafi verið við alþjóðlega sprotafyrirtækið Algaennovation um aðstöðu og ýmis orkutengd aðföng fyrir ræktun smáþörunga í Jarðhitagarði ON.

„Úr þörungunum verður framleitt fóður fyrir skepnur og hugsanlega til manneldis. Algaennovation er í eigu vísindamannanna sem stofnuðu fyrirtækið auk íslenskra fyrirtækja og fjárfesta,“ segir um áætlaða starfsemi fyrirtækisins.

Bæjarráð Ölfuss segir verksmiðjuna geta orðið eina af stoðum atvinnulífs í sveitarfélaginu og gefur jákvæða umsögn um hana til ívilnunarnefndar.

„Þá fellur verkefnið afar vel að áherslum sveitarfélagsins á umhverfisvænan léttiðnað, matvælavinnslu og fullnýtingu orku innan svæðisins,“ segir bæjarráðið enn fremur í bókun sinni um málið. Verkefnið styrki búsetu á svæðinu og efli innri gerð þess.

„Þannig er gert ráð fyrir að eftir fimm ár muni árstekjur verksmiðjunnar verða um 70 milljónir dollara sem samsvarar um 7 milljörðum króna og störfum sem skapast verði að minnsta kosti 25 til 35. Í upphafi mun árleg framleiðsla hlaupa á tugum tonna en á sjötta ári verður framleiðslan komin í 900 tonn,“ dregur bæjarráðið upp í framtíðarmynd af starfsemi Algaennovation Iceland.

Þá er útskýrt að Jarðhitagarður Orku náttúrunnar sé umgjörð um fjölbreytta starfsemi og stuðli að sem bestri nýtingu afurða og að jákvæðum umhverfisáhrifum og verðmætasköpun. Vinnslu rafmagns og heits vatns í Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun fylgja ýmsar aukaafurðir; vatn og gufur. „Efni í jarðgufunni á borð við kísil og jarðhitaloft geta verið verðmæt og við virkjunina er greiður aðgangur að fersku vatni og rafmagni sem unnið er í virkjuninni.“

Einnig er fjallað um málið í hafnafrettir.is, fréttabréfi Ölfuss.

„Ástæða er til að hrósa þessu tiltekna fyrirtæki fyrir skilning á mikilvægi þess að vinna þétt og náið með samfélaginu og íbúum á svæðinu. Þannig hyggst fyrirtækið leita leiða til að manna störf með íbúum í nágrenni þess, kaupa þjónustu af fyrirtækjum þar og ýmislegt fleira,“ er þar haft eftir Elliða Vignissyni bæjarstjóra, sem er bjartsýnn fyrir hönd sveitarfélagsins og bætir við: „Framtíðin er björt og hamingjan á heimilisfesti í Ölfusi.“

**gar@frettabladid.is**



**Nýta aukaafurðir Hellisheiðarvirkjunar í Jarðhitagarði ON.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> *Ástæða er til að hrósa þessu tiltekna fyrirtæki fyrir skilning á mikilvægi þess að vinna þétt og náið með samfélaginu og íbúum á svæðinu.*
>
> Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, í fréttabréfi sveitarfélagsins



> „Námið hjá Promennt gagnast mér gríðarlega vel á nýjum starfsvettvangi enda mjög hagnýtt bókhaldsnám. Möguleiki á stað- og fjarnámi skipti mig mjög miklu þar sem ég var í fæðingarorlofi mestan hluta námstímans. Í kjölfar þessa skemmtilega og krefjandi náms sinni ég nú verkefnum aðalbókara/fjármálastjóra í nýju starfi í ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki.
>
> **Ingunn Guðbrandsdóttir, fyrrverandi nemandi í Bókhaldi**

GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**




# BÓKHALDS- OG SKRIFSTOFUNÁM

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **28. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • **23 skipti**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **28. janúar** og **19. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **25 skipti**

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

BÓKHALDSGREINAR
miðvikudaginn
**16. janúar kl. 18**

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í fimm hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Verkefnastjórnun með MindManager**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 28. janúar • Lýkur í desember 2019**

## SKRIFSTOFUSKÓLI — EINSTAKT VERÐ

Mjög gagnleg námsbraut í samstarfi við Framvegis fyrir þá sem hafa áhuga á að ná frama með almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám.

Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er 18 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði og er þess vegna hægt að bjóða hana á ótrúlegu verði, eða **54.000 kr.** (pr. námsbraut) í stað 293.000 kr.

Hefst **6. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • **48 skipti**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 184288

# Fresta Metoo-ráðstefnu að ósk þingmanna Miðflokks

**ALÞINGI** Metoo-ráðstefnu stjórnmálaflokka á Alþingi hefur verið frestað. Hún átti að fara fram á þingsetningardegi. Miðflokkurinn vildi ekki vera með, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Framkvæmdastjórar flokka sem eiga sæti á þingi hafa undanfarið unnið við skipulagningu fundarins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vildi Miðflokkurinn ekki halda fundinn á þessum tímapunkti. Úr varð að honum var frestað um nokkrar vikur og reynt að fá alla að borðinu síðar meir.

„Framkvæmdastjórar ákváðu að verða við ósk sem fram kom eftir að ljóst varð að ekki var samstaða allra flokka um að halda ráðstefnuna 21. janúar eins og áætlað hafði verið,“ segir Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri VG.

„Rök framkvæmdastjóra fyrir frestun eru þau að Metoo-ráðstefna á þingsetningardegi gæti beint athyglinni að óútkljáðum málum einstaklinga í tveimur flokkum á Alþingi, frekar en því stóra samfélagslega vandamáli sem við erum að glíma við. Ráðstefnan er áfram á dagskrá en henni er aðeins frestað um nokkrar vikur,“ undirstrikar Björg Eva.

Hólmfríður Þórisdóttir, ritari þingflokks Miðflokksins, segir Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann flokksins, svara fyrir af hverju Miðflokkurinn hafi ekki viljað halda fundinn á þessum tíma. Ekki náðist í Sigmund við vinnslu fréttarinnar.

Allt frá því í lok nóvember, þegar upptökur af þingmönnum á Klaustri bar voru gerðar upptækar, hafa bæði Miðflokkur og Samfylking tekist á við mál innan sinna raða.

Ekki er enn vitað hvort Gunnar Bragi Sveinsson og Bergþór Ólason, þingmenn Miðflokksins sem fóru í frí vegna málsins, mæti til þingsetningar 21. janúar eða hvort varamenn þeirra verði enn við störf. – **sa**



**Þingmenn Miðflokksins á fundi í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Spurt var innan norskra trúfélaga.**

## Áreitnin er á margra vitorði

**NOREGUR** Yfir helmingi starfsmanna í trúfélögum í Noregi er kunnugt um kynferðislega áreitni innan félaganna. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var fyrir stofnun gegn ofbeldi innan kirknanna.

Byggt er á könnun sem send var trúfélögum, þar á meðal norsku kirkjunni, rómversk-kaþólsku kirkjunni og rétttrúnaðarkirkjunni. Kaþólska kirkjan neitaði þátttöku.

Sögðust 52,5 prósent vita til þess að starfsmenn hefðu gerst sekir um kynferðislega áreitni, 45,1 prósent svaraði neitandi en 2,4 prósent neituðu að svara. Árin 2016 og 2017 bárust 34 tilkynningar um kynferðislega áreitni innan norsku kirkjunnar. – **ibs**

## Rafflug innan fimmtán ára

**SAMGÖNGUR** Rafknúnar flugvélar gætu vel orðið hluti af flota flugfélaga innan næstu fimmtán ára. Þetta sagði Alexandre de Juniac, fyrrverandi forstjóri Air France og nú forstjóri Alþjóðasambands flugfélaga, í Business Insider í gær.

„Frá tæknilegu sjónarmiði er ljóst að flugsamgöngur munu þróast í átt að aukinni sjálfbærni og hljóðlátari vélum,“ sagði de Juniac. Stærsta áskorunin væri drægi rafflugvéla, líkt og eigi við um rafbíla.

Airbus hefur nú þegar framleitt tvinnflugvél í samstarfi við Rolls-Royce og Siemens. Fyrirtækið vonast til þess að geta komið vélinni á markað fyrir 2025. – **þea**

# Telja ráðherra vera vanhæfan og lögin andstæð stjórnarskrá

Stefnendur í dómsmáli gegn ríkinu og laxeldisfyrirtækjum telja bráðabirgðarekstrarleyfi til laxeldis í Tálknafirði og Patreksfirði ekki standast lög. Héraðsdómur féllst á að málið fái flýtimeðferð. „Starfsemi sú sem um ræðir kann í þessari mynd að valda verulegum og óafturkræfum skaða,“ segir lögmaður stefnenda.

**FISKELDI** Landeigendur, veiðiréttahafar og náttúruverndarsamtök hafa stefnt íslenska ríkinu og laxeldisfyrirtækjunum Fjarðalaxi og Arctic Sea Farm og krefjast ógildingar á rekstrarleyfum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitti þeim 5. nóvember síðastliðinn.

Leyfin voru veitt á grundvelli lagasetningar sem samþykkt var á Alþingi í kjölfar þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi rekstrarleyfi fyrirtækjanna úr gildi síðastliðið haust.

Héraðsdómur féllst á beiðni um að málið fái flýtimeðferð á mánudaginn.

„Málsókn þessi lýtur að athöfn stjórnvalds og varðar stórfellda hagsmuni þeirra sem málið höfða. Fyrir liggur að starfsemi sú sem um ræðir kann í þessari mynd að valda verulegum og óafturkræfum skaða á vistkerfinu og það skiptir öllu máli að það njóti vafans. Þetta eru mikilsverðir og stjórnarskrárvarðir hagsmunir og niðurstaðan því sú að málið hljóti flýtimeðferð,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður sem fer með málið af hálfu stefnenda. Páll segir málið bæði hafa almenna og sértæka þýðingu en í því reyni í fyrsta sinn á heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða á grundvelli lagabreytingar sem samþykkt var á Alþingi 9. október í haust.

Í stefnu er meðal annars byggt á því að bráðabirgðaleyfin sem sjávarútvegsráðherra gaf út eftir lagabreytinguna hafi ekki uppfyllt lagaskilyrði og faglegt mat á skilyrðum til rekstrarleyfa hafi ekki farið fram áður en ráðherra gaf þau út.



**Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra mælti fyrir lagabreytingum vegna málsins 9. október. Þær voru samþykktar samdægurs.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður.**

Einnig er á því byggt að ráðherra hafi verið vanhæfur við meðferð málsins enda hafi hann tekið eindregna afstöðu til málsins fyrirfram með því annars vegar að lýsa opinberlega afstöðu sinni til málsins og mæla fyrir lagabreytingum á Alþingi strax í kjölfarið sem veittu honum sjálfum heimild til að gefa út bráðabirgðaleyfi.

Þá segir einnig að fyrirtækin hafi enn ekki uppfyllt þá skilmála sem settir voru fyrir bráðabirgðaleyfunum að þeim bæri þegar í stað að hefjast handa við að bæta úr þeim göllum sem úrskurðarnefndin taldi vera á málsmeðferð við útgáfu þeirra leyfa sem ógilt voru eða að öðrum kosti láti reyna á ógildingu úrskurðar nefndarinnar fyrir dómstólum.

Það mál sem nú hefur verið höfðað verður þingfest 22. janúar.

**adalheidur@frettabladid.is**

## Aðdragandi málsins

22. desember 2017 gaf Matvælastofnun út rekstrarleyfi til fyrirtækjanna vegna framleiðslu á samtals 17.500 tonnum af eldislaxi í sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði.

16. janúar 2018 skutu landeigendur, veiðiréttahafar og náttúruverndarsamtök þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nefndin felldi rekstrarleyfi fyrirtækjanna úr gildi 27. september vegna annmarka á umhverfismati. Fyrirtækin óskuðu eftir frestun á réttaráhrifum ógildingarinnar en því hafnaði nefndin með úrskurði 5. október.

Þann 9. október lagði sjávarútvegsráðherra svo fram frumvarp um breytingar á lögum um fiskeldi með nýju ákvæði um heimild ráðherra til að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða og var það samþykkt á Alþingi samdægurs.

Ráðherra veitti fyrirtækjunum rekstrarleyfi til tíu mánaða þann 5. nóvember fyrir framleiðslu á samtals allt að 4.000 tonnum.


ramisland.is

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST




EIGUM ALLAR ÚTFÆRSLUR TIL AFHENDINGAR, SLT, LARAMIE, LARAMIE SPORT, LIMITED OG LIMITED TUNGSTEEN.
BJÓÐUM UPP Á 37" TIL 42" BREYTINGARPAKKA.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

Ný og ómótstæðileg tilboð daglega!

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

# LAGER SALA

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**Dacia Logan**
Nýskr. 06/17, ekinn 28 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**TOYOTA Rav4 Hybrid 2wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 16 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 5.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**4.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**RENAULT Kadjar Intens 4wd**
Nýskr. 11/17, ekinn 6 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 4.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.490.000 kr.**

AFSLÁTTUR 900.000 KR.




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 02/17, ekinn 60 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**NISSAN X-trail Tekna 4wd**
Nýskr. 06/16, ekinn 63 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 4.290.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.590.000 kr.**

AFSLÁTTUR 800.000 KR.




**HONDA CRV Executive Navi**
Nýskr. 01/16, ekinn 58 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.490.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.690.000 kr.**

AFSLÁTTUR 700.000 KR.




**RENAULT Clio Sport Tourer**
Nýskr. 10/15, ekinn 61 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.790.000 kr.

**TILBOÐ!**
**1.090.000 kr.**

AFSLÁTTUR 900.000 KR.




**RENAULT Talisman Intens**
Nýskr. 03/17, ekinn 17 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.890.000 kr.

**TILBOÐ!**
**3.990.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM91826

## LAGERSALA BÍLALANDS ER BYRJUÐ!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland - Klettháls 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

# Knattspyrnumaður sýknaður af kynferðisbroti gegn 15 ára stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt var í Héraðsdómi Reykjaness í upphafi árs sýknaður af ákæru um kynferðisbrot gegn fimmtán ára stúlku.

Manninum var gefið að sök að hafa stungið fingrum í leggöng stúlkunnar meðan hún svaf. Það sem réð úrslitum var að erfðaefni hennar fannst ekki á fingrum hans.

Atvik málsins áttu sér stað aðfaranótt 7. ágúst 2016. Maðurinn hafði keppt í knattspyrnu daginn áður, farið í brúðkaup um kvöldið og endað heima hjá móður sinni. Þar voru fyrir yngri systir hans og vinkona hennar.



**Stúlka segir bróður vinkonu hafa brotið á henni sofandi.** NORDICPHOTO/GETTY

Um nóttina vaknaði vinkonan og sá manninn við hlið sér. Sagði hún að maðurinn hefði sett fingur sína í leggöng hennar en látið af háttseminni er hann sá að hún hafði rumskað. Maðurinn neitaði því og sagðist aðeins hafa lagst við hlið hennar.

Lögregla var kölluð til og handtók manninn á vettvangi. Tók lögreglan sýni úr nærbuxum stúlkunnar og af höndum brotaþola. Í buxunum fannst aðeins erfðaefni stúlkunnar en ekki á höndum mannsins. Ekkert erfðaefni úr honum fannst í leggöngum stúlkunnar. Sérfræðingur í réttarvísindum sagði að slíkt útilokaði ekki að fingur hefðu farið þangað enda myndi erfðaefni hins grunaða „drukkna“ í DNA hennar. Þá gæti maðurinn hafa þvegið hendurnar áður en lögregla mætti á staðinn.

Dómari mat framburð beggja trúverðugan. Orð stæði gegn orði. Úrslitaatriði væri að baðherbergisvaskur hafði ekki verið rannsakaður. Þar hefði mögulega mátt finna ummerki þess að ákærði hefði skolað hendur sínar. Vafi um sekt hans var metinn honum í hag.

Sakarkostnaður, alls rúmar tvær milljónir króna, greiðist úr ríkissjóði. **– jóe**


Tækniþróunarsjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur til 15. febrúar 2019

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Nánari upplýsingar eru á tths.is

Tækniþróunarsjóður · Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið · rannís www.rannis.is




**Á Alþingi var rætt hvort Ríkisendurskoðun væri vanhæf til að gera úttekt á málum Íslandspósts.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ríkisendurskoðun geri úttekt á Íslandspósti

**Fjárlaganefnd hefur samþykkt beiðni um stjórnsýsluúttekt á starfsemi Íslandspósts. Orsök fjárhagsvanda fyrirtækisins er ógreind. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda fagnar úttektinni og segir tilefni hafa verið til að hefja hana fyrr.**

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd Alþingis samþykkti á fundi sínum í gær að senda beiðni um stjórnsýsluúttekt á málefnum Íslandspósts ohf. (ÍSP) til ríkisendurskoðanda.

Þetta staðfestir Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, við Fréttablaðið.

Úttekt á málum ÍSP hefur verið til umræðu eftir að fyrirtækið óskaði eftir 1,5 milljarða neyðarlánveitingu frá ríkinu. Fyrirtækið hefur þegar fengið 500 milljónir til að mæta bráðasta lausafjárvandanum. Lánveitingarheimild var samþykkt á þingi fyrir jól með ströngum skilyrðum þurfi ÍSP að sækja þann milljarð sem eftir stendur.

Í umsögn ríkisendurskoðanda við frumvarp til fjáraukalaga segir að „[almennt sé óheppilegt] að ekki liggi nákvæmlega fyrir hvernig sé fyrirhugað að taka á rekstrarvanda félagsins“. Þá sé orsök fjárhagsvandans alls ógreind. Ekki liggi fyrir hvort hann stafi af samkeppnisrekstri eða starfsemi innan einkaréttar.

Í fyrrgreindum umræðum var meðal annars rætt hvort Ríkisendurskoðun væri vanhæf til verksins því stofnunin sæi um fjárhagsendurskoðun reikninga fyrirtækisins.

> **Ég átta mig ekki á því á hvaða lagagrundvelli slíkt vanhæfi ætti að koma til.**
>
> Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi



Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi segir svo ekki vera.

„Fjárhagsendurskoðunin felur meðal annars í sér frágang á reikningum til birtingar og skattlagningar ef um þá er að ræða. Slík vinna felur ekki í sér að lagt sé mat á innri verkefni hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar og hvort unnið sé eftir þeim lögum og reglum sem gilda,“ segir Skúli Eggert.

Í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er kveðið á um tvenns konar endurskoðun, annars vegar fjárhagsendurskoðun og hins vegar stjórnsýsluendurskoðun. Sú síðarnefnda felur meðal annars í sér skoðun á meðferð ríkisfjár og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri. Þessi tvö verkefni eru algerlega aðskilin hjá stofnuninni.

„Ég átta mig ekki á því á hvaða lagagrundvelli slíkt vanhæfi ætti að koma til. Það er þá í höndum aðilans sem í hlut á að koma fram með slíka kröfu og þá yrði tekin afstaða til hennar,“ segir Skúli Eggert.

„Það eru ánægjulegar fréttir að það eigi að leggjast í slíka úttekt. Sumarið 2016 þótti okkur full ástæða til slíks og sendum við Ríkisendurskoðun erindi þess efnis,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Ólafur segir að svar stofnunarinnar hafi verið á þann veg að hún væri að einhverju leyti vanhæf til að fjalla um upplýsingagjöf í ársreikningum og ársskýrslum þar sem hún væri endurskoðandi ÍSP.

„Þótt farið sé í þessa vinnu má velta fyrir sér, með þeim fyrirvara að ég hef ekki séð umrædda beiðni, hvort ekki sé rétt að fá utanaðkomandi fyrirtæki til að gera óháða endurskoðun sem snýr að reikningsskilum og upplýsingagjöf fyrirtækisins,“ segir Ólafur.

**joli@frettabladid.is**


Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

AÐALFUNDUR

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

**Laugardaginn 26. janúar 2019 kl. 11:30 á Hilton Nordica hóteli sal I.**

Í allsherjaratkvæðagreiðslu 9. nóvember 2018 var samþykkt að sameina Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og SFR stéttarfélag.
Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar boðar hér með til aðalfundar í samræmi við ákvörðun félagsmanna.

Aðalfundur verður haldinn laugardaginn 26. janúar 2019, kl. 11.30, á Hilton Nordica hóteli. Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt 13. gr. laga félagsins auk þess sem stjórn félagsins mun leggja fram tillögu um lagabreytingar vegna sameiningarinnar.

Tillagan mun liggja fyrir á skrifstofu félagsins 10 dögum fyrir aðalfundinn.
Reikningar félagsins og ársskýrsla liggja ekki fyrir.
Stjórn félagsins gerir því ráð fyrir að fresta þurfi afgreiðslu tiltekinna mála til framhaldsaðalfundar.

*Stjórnin*


IGNIS
MÍKRÓ JEPPI
SUZUKI
Way of Life!
LÁTTU EKKERT STOPPA ÞIG
SUZUKI IGNIS 4X4!
SUZUKI ER ÁREIÐANLEGASTI BÍLLINN SAMKVÆMT NIÐURSTÖÐUM ÁRLEGRAR KÖNNUNAR BRESKA BÍLARITSINS „WHAT CAR?“
VERÐ FRÁ KR.
2.790.000
IGNIS
Það er alltaf Suzuki veður!
ALLGRIP AUTO
Allgrip auto fjórhjóladrifskerfi
18 cm undir lægsta punkt
Sparneytin og öflug 1,2L Dualjet vél
4,7 m beygjuradíus
Einnig fáanlegur með Mild Hybrid tvinnaflrásarvél
Suzuki Ignis er valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt að utan sem innan.
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Stórtap hjá May og stjórnin í lífshættu

**Breska þingið kolfelldi samning ríkisstjórnar Theresu May við ESB um útgöngu. Stærsta tapið í meira en öld. Verkamannaflokkurinn leggur fram vantraust á stjórnina. Atkvæðagreiðsla um tillöguna fer fram í kvöld.**


Niðurstaðan var langt frá því að vera sú sem May óskaði sér. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**BRETLAND** Ríkisstjórn breska Íhaldsflokksins undir forsæti Theresu May er í bráðri hættu eftir að þingið felldi samning hennar við ESB um Brexit í gærkvöldi. Alls greiddu 432 þingmenn atkvæði gegn samningnum en 202 með. Íhaldsflokkurinn klofnaði í málinu. Rúmlega þriðjungur þingflokksins, 118 þingmenn, greiddi atkvæði gegn samningnum. Forsætisráðherra Bretlands hefur aldrei beðið stærri ósigur frá því lýðræði var tekið upp árið 1918.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, hefur lagt fram tillögu um vantraust á stjórnina sem verður tekin fyrir á þingi í dag. Von er á atkvæðagreiðslu um klukkan 19 í kvöld.

Auk ríkisstjórnarinnar er útgangan sjálf í hættu. Útgöngudagur hefur verið settur 29. mars næstkomandi en þar sem enginn samningur liggur fyrir og afar fáir á breska þinginu og innan ESB vilja samningslausa útgöngu gæti útgöngu verið frestað.

„Atkvæðagreiðsla kvöldsins segir okkur ekkert um hvað þingið vill. Ekkert um hvernig þingið eða hvort þingið ætlar að virða þá ákvörðun sem breska þjóðin tók í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem þingið boðaði,“ sagði May eftir atkvæðagreiðsluna. Hún bætti því við að það væri skylda hennar að framfylgja þeim vilja sem þá kom fram.

Niðurstaðan á þingi var nokkuð fyrirsjáanleg. Upphaflega átti að taka samninginn til atkvæðagreiðslu í desember. Deginum ljósara var að þingið hefði þá fellt samninginn og var May harðlega gagnrýnd á þeim tíma fyrir ákvörðun sína. Í millitíðinni hefur May leitast við að útskýra fyrir þinginu og Bretum öllum, hvers vegna samningur hennar sé í fyrsta lagi sá eini í stöðunni og í öðru lagi ákjósanlegri en samningslaus útganga.

May hefur einnig leitast við að koma því á framfæri að varúðarráðstöfun um fyrirkomulag á landamærum Írlands og Norður-Írlands, náist ekki sérstakt samkomulag þar um, sem finna má í samningnum sé einungis varúðarráðstöfun og að hún verði aldrei varanleg þótt það sé vissulega möguleiki samkvæmt plagginu sjálfu.

Þessi varúðarráðstöfun felur í sér að Norður-Írland eitt verði sett undir mun stærri hluta regluverks ESB heldur en aðrir hlutar Bretlands og er sá hluti samningsins sem einna flestir þingmenn hafa lýst vanþóknun sinni á.

Eftir atkvæðagreiðsluna sagði May að fyrsta skref væri að staðfesta hvort stjórnin nyti trausts þingsins. Ef svo er sagði May að ríkisstjórnin myndi funda bæði innan flokksins og með leiðtogum annarra flokka á þingi til þess að ræða um hvað þyrfti að gerast til þess að ná meirihluta á bak við samning. Fáist einhver niðurstaða í þeim viðræðum verður hún svo tekin til Brussel.

„Ég varð forsætisráðherra strax eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna og það er skylda mín að framfylgja ósk þjóðarinnar sem þar birtist,“ sagði May. Hún biðlaði jafnframt til þingsins að hlusta á þjóðina. Hún vildi að málið yrði útkljáð sem fyrst.

Verkamannaflokkurinn er greinilega sammála May um byrjunarreitinn. „Ég hef lagt fram vantrauststillögu á hendur ríkisstjórninni og er ánægður með að sú tillaga verði rædd á morgun svo hægt sé að leggja vanhæfni ríkisstjórnarinnar í dóm þingsins,“ sagði Corbyn.

## Hvað nú?

- Umræða og atkvæðagreiðsla um vantraust á ríkisstjórnina fer fram í dag.
- Ef ríkisstjórnin vinnur situr hún áfram.
- Ef hún tapar hefur þingið fjórtán daga til þess að samþykkja nýja stjórn eða jafnvel lýsa yfir trausti á stjórn May.
- Ef það tekst ekki er svo boðað til nýrra kosninga.
- Að minnsta kosti 25 virkir dagar verða að líða frá því að boðað er til kosninga og þar til þær fara fram.

May sagði í kjölfar atkvæðagreiðslunnar að ríkisstjórnin myndi setja slíka tillögu á dagskrá í dag ef hún bærist. Tillagan barst og því gætu örlög stjórnarinnar ráðist nú í dag.

Ian Blackford, þingflokksformaður Skoska þjóðarflokksins, sagði að flokkur hans myndi styðja tillögu Corbyns. Frjálslyndir demókratar munu greiða atkvæði með tillögunni að öllu óbreyttu.

Ríkisstjórn May er minnihlutastjórn og reiðir sig á stuðning Lýðræðislega sambandsflokksins (DUP), norðurírsks smáflokks. Samkvæmt BBC ætla þingmenn DUP að styðja May í atkvæðagreiðslu dagsins þótt þeir hafi greitt atkvæði gegn samningnum. Stóra spurningin er hins vegar hvort þessi rúmi þriðjungur Íhaldsmanna sem felldi samninginn í gær muni standa vörð um leiðtoga sinn.

Það má gróflega skipta þeim Íhaldsmönnum sem felldu samninginn í tvær fylkingar. Öðrum hlutanum þykir samningurinn fela í sér of náið samband við ESB en hinn hlutinn eru þeir þingmenn sem eru einna hlynntastir Evrópusambandinu.

Þingmenn Íhaldsflokksins gætu stutt stjórnina af ótta við að Verkamannaflokkurinn næði völdum í nýrri minnihluta- eða samsteypustjórn eða þá eftir nýjar kosningar. Verkamannaflokkurinn mælist vinsælli í könnunum.

Boris Johnson, sem sagði af sér sem utanríkisráðherra í fyrra vegna óánægju með gang mála, sagðist í gær ætla að styðja stjórnina af einmitt þessari ástæðu. Samkvæmt heimildum The Guardian mun fylking harðra Brexit-sinna eins og hún leggur sig einnig styðja stjórnina. May þarf stuðning 320 þingmanna. Saman hafa Íhaldsflokkurinn og DUP 327 sæti þannig að lítið má út af bregða.

**thorgnyr@frettabladid.is**







# BOXID

Matvöruverslun á netinu boxið.is

Pantaðu matvörurnar á netinu og þú ákveður afhendingar tímann

## Verðlaunapeningar

Fáðu inneign í næstu pöntun




KAUPTU MEIRA, FÁÐU MEIRA




INNEIGN STRAX!



NOTAÐU STRAX EÐA SAFNAÐU

## Dóspokinn

settu dósirnar upp í næstu pöntun





í samstarfi við

Graenir skátar





FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ekki til saksóknara

„Þetta mál hefur misboðið fjölmörgum Reykvíkingum og landsmönnum einnig,“ segir í bókun sem borgarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir úr Miðflokki og Kolbrún Baldursdóttir úr Flokki fólksins lögðu fram eftir að tillaga þeirra um að vísa skýrslu um braggann í Nauthólsvík til héraðssaksóknara var felld í borgarstjórn gær.







# Reiddu of hátt til höggs



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Kapp borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins bar skynsemina ofurliði á borgarstjórnarfundi í gær. Þar lögðu þær Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir til að Braggamálinu yrði vísað til héraðssaksóknara til sakamálarannsóknar.

Þetta báru þær á borð þó að skýrsla Innri endurskoðunar hafi ekki tilgreint ástæðu til að blanda lögregluyfirvöldum í málið, en það er úrræði, sem hún vitaskuld getur gripið til telji hún líklegt að borgarstjóri og embættismenn borgarinnar hafi gerst sek um refsivert athæfi.

Braggamálið er hrópandi dæmi um hversu illa er farið með fé almennings. Málið er birtingarmynd stærri vanda. Skýrsla Innri endurskoðunar Reykjavíkur gefur stjórnsýslu borgarinnar falleinkunn. Haft er fyrir satt að um þessar mundir sé verið að gera fjórar sambærilegar skýrslur um lausatök í fjármálastjórn í borginni. Skapast hefur mynstur fjálglegrar ráðstöfunar almannafjár. Það er ólíðandi, og við því þarf að bregðast af festu. En til þess þarf enga sakamálarannsókn.

Íþyngjandi úrræði á borð við rannsókn sakamáls á ekki að hafa í flimtingum eða nota til þess að slá ódýrar, pólitískar keilur. Það er ekkert grín að vera settur á sakamannabekk. Ákvarðanir um slíkt eiga einfaldlega ekki heima á vettvangi stjórnmálanna. Raunar eru pólitísk leikrit, líkt og það sem Vigdís og Kolbrún settu á svið í gær, til þess eins fallin að draga athyglina frá aðalatriðum málsins.

Vissulega geta einstakir stjórnmálamenn kært mál ef þeir finna hjá sér hvöt til þess vegna grunsemda um að saknæmt athæfi hafi átt sér stað, en að leita eftir pólitískum meirihluta til að styðja slíka kæru er glórulaust og setur ömurlegt fordæmi.

Ekki þarf að líta langt aftur í sögunni til þess að rifja upp að varhugavert er að halda réttarhöld yfir pólitískum andstæðingum. Menn þurfa ekki einu sinni að hafa sæmilegt skammtímaminni til að rifja upp að stjórnmálamenn sem gert hafa sig seka um slíkt hafa farið sneypuför, sem margir viðurkenna að þeir skammist sín fyrir.

Í því ljósi verður að teljast furðulegt, að í hópi borgarfulltrúa Sjálfstæðismanna sé fólk sem léði máls á að sameinast um að leggja til sakamálarannsókn byggða á meirihlutasamþykkt. Það er algjört stílbrot. Þau létu þar stallsystur Vigdísi og Kolbrúnu afvegaleiða sig og léku fullkominn afleik í borgarstjórn. Þátttakendur í fiflaganginum reiddu of hátt til höggs og urðu sjálfum sér til minnkunar.

Ráðast þarf í nauðsynlegar úrbætur svo að Braggamálið endurtaki sig ekki. Til þess þarf engan saksóknara. Að minnsta kosti ekki fyrr en þær Vigdís og Kolbrún hafa eitthvað fast í hendi um að sakamál sé á ferðinni í tengslum við framkvæmdir við Nauthólsveg 100.

**Þátttakendur í fiflaganginum reiddu of hátt til höggs og urðu sjálfum sér til minnkunar.**

DAG HVERN LESA
116.000
ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI
HEIMILD: PRENTMÆLING GALLUP APR-JÚN 2018, 12-80 ÁRA, ALLT LANDIÐ, HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2018
FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hlýddu pabba!**
**Frétt á Féttablaðið.is í gær um að Samband íslenskra myndlistarmanna hefði hafnað Þrándi Þórarinssyni þar sem hann er ekki með BA-gráðu vakti mikla athygli á Facebook. Faðir listamannsins notaði til dæmis tækifærið til þess að snupra soninn: „Þú áttir að hlýða föður þínum og klára þennan andskotans skóla!“ Stórskáldið Þórarinn Eldjárn kvað einnig upp sinn Salómonsdóm: „Hlálegt. En skaði Sambandsins vissulega meiri en þinn.“ Hugleikur Dagsson, náfrændi útlagans, grínaðist með málið og bókmenntapáfi RÚV, sjálfur Egill Helgason, klóraði sér rafrænt í kollinum: „Sýndi hann ekki í fínu sýningarrými í Kaupmannahöfn og fékk afar góðar viðtökur?“**

**Óskiljanlegur misskilningur**
**Myndlistarmaðurinn, erkitöffarinn og ljúfmennið Jón Óskar talaði enga tæpitungu þegar hann deildi fréttinni. Sagði þetta skammarlegt og óskiljanlegt. Þá dró hann í efa að BA-gráða væri ávísun á eitthvað gott og bætti við að það ætti ekki að vera gæðastuðull að vera meðlimur í SÍM og ef svo væri „mætti henda 350 manns út. Er þetta ekki bara stéttarfélag? Ég er farinn að halda að myndlistarmenn séu upp til hópa hálfvitar og þar af leiðandi er allur minn starfsferill misskilningur. Nú hoppa ég upp í rassgatið á sjálfum mér af skömm.“ thorarinn@frettabladid.is**

# Færum myrkrið frá morgni til kvölds



Pétur Gunnarsson
rithöfundur

Sennilega er okkur Íslendingum ýmislegt betur lagið en að fara eftir aðstæðum. Mætti nefna mörg dæmi þar um, en látum nægja þau endemi að við skulum stefna börnum okkar á hverjum virkum degi út í náttmyrkrið að vetrinum. Það jaðrar við ofskynjanir að sjá þau trítla í myrkrinu með töskurnar á bakinu eins og litlir fallhlífarhermenn innan um æðandi stálflykkin, oft við akstursskilyrði sem nálgast blindakstur.

Þetta er þeim mun ótrúlegra að við höfum í hendi okkar að breyta þessu með einu pennastriki, án minnstu útgjalda, og gerðum það reyndar allt til ársins 1968 að meðan klukkunni var breytt vor og haust, þar til svokölluðum viðskiptahagsmunum var leyft að lögfesta myrkrið.

En þá mætti kannski hafa í huga að árið 1968 – fyrir hálfri öld – var Reykjavík smábær í samanburði við þá borg sem nú flæðir yfir holt og móa. Ennfremur að árið 1968 var einkabíllinn tæplega kominn til sögu, fleytifullir strætisvagnar fluttu borgarbúa á milli staða auk þess sem allt var í göngufjarlægð fyrir þá sem vildu ferðast á hestum postulanna.

Þyrfti ekki að taka þessar breytur með í myndina nú þegar við hugleiðum að færa klukkuna aftur til dagskímu að vetrinum? Til grundvallar liggja skýrslur unnar af vísindafólki sem talar einum rómi um mikilvægi þess að taka mið af hnattstöðu landsins. Líkt og menn gerðu reyndar í þúsund ár á meðan hér bjó landbúnaðarþjóð. Dagurinn byrjaði þegar dagaði, svo einfalt var það. Eða með orðum Jónasar frá Hrafnagili: „En nærri fóru menn um það af vana, hvenær fara skyldi á fætur. Réð jafnan birta á morgnana á vetrum ...“ (Íslenskir þjóðhættir, bls. 1)

Um það þurfti hvorki skýrslur né rökræður í þingnefndum, allt og sumt var að líta út um gluggann.

**Það jaðrar við ofskynjanir að sjá þau trítla í myrkrinu með töskurnar á bakinu eins og litlir fallhlífarhermenn innan um æðandi stálflykkin ...**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Raunverulegan kaupmátt, takk



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður Viðreisnar

Íslensk stjórnvöld gætu aukið kaupmátt lægstu launa um allt að þriðjung og það áður en til launahækkana kæmi. Þau hafa öll nauðsynleg tæki í höndum sér og skortir aðeins viljann. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu miklu máli 33% aukning kaupmáttar myndi skipta fyrir það fólk sem lægstar hefur tekjurnar og á erfitt með að ná endum saman. Slíkar breytingar væru svo sannarlega verðugt framlag til lausnar á erfiðum kjaradeilum sem eru í uppsiglingu.

**Skattleysismörk í 250 þúsund**

Viðreisn vill leggja til róttæka uppstokkun á núverandi skattkerfi. Hækka mætti skattleysismörk í allt að 250 þúsund krónur á mánuði með því að taka upp útgreiðanlegan persónuafslátt sem eykst með vaxandi tekjum upp að 100 þúsund krónum á mánuði en skerðist síðan hlutfallslega með hækkandi tekjum eftir það. Samhliða þessu yrði skattprósenta lægra skattþreps lækkuð í 25% en skattprósenta hátekjuþrepsins héldist svipuð og nú er. Tekjumörk skattþrepanna væru samhliða lækkuð nokkuð.

Þessar breytingar myndu auka jöfnunarhlutverk skattkerfisins og tryggja að skattbyrði einstaklinga með minna en 800 þúsund krónur á mánuði myndi lækka. Ávinningur tekjulægstu hópanna yrði langsamlega mestur. Þessar hugmyndir byggja á skattatillögum sem settar voru fram af samráðsvettvangi um aukna hagsæld en hafa verið útfærðar nánar með það að markmiði að skila hærri skattleysismörkum en þar var gert ráð fyrir. Gróft áætlað mætti ætla að þessar breytingar myndu leiða til 10-15 milljarða skattalækkunar til einstaklinga.

**Matarkarfan gæti lækkað um þriðjung**

Fjögurra manna fjölskylda hér á landi greiðir um 67 þúsund krónum meira á mánuði fyrir matarkörfuna en nágrannar okkar gera. Þar af greiðum við um 57 þúsund krónum meira á mánuði fyrir þær matvörur sem njóta mestrar verndar, þ.e. innlendar landbúnaðarafurðir. Það er þó ekki svo að nágrannar okkar styðji ekki við bændur. Þvert á móti nýtur landbúnaður í þessum löndum mikils stuðnings. Þar hefur þess hins vegar einnig verið gætt að neytendur njóti góðs af. Sú vernd og stuðningur sem hér hefur tíðkast beinist hins vegar fyrst og fremst að því að standa vörð um einokunarstöðu innlendra afurðastöðva.

**Breytingar fyrir fjölskyldu með 700 þúsund í heildartekjur og 20 milljóna króna húsnæðislán**




Við höfum reynslu af umbótum hér á landi sem hafa skilað neytendum miklum ávinningi. Stuðningskerfi garðyrkjubænda var þannig breytt fyrir um 15 árum síðan, tollvernd afnumin en beingreiðslur auknar á móti. Verðhækkanir á grænmeti hafa upp frá því verið mun minni en t.d. á mjólkurafurðum eða kjöti, einmitt vegna aukinnar samkeppni erlendis frá. Á sama tíma hefur orðið mikil vöruþróun á sviði innlendrar grænmetisframleiðslu og umtalsverð aukning á heildarframleiðslu.

Það er því vel hægt að breyta landbúnaðarkerfinu þannig að bæði bændur og neytendur hafi ávinning af. Það vantar einfaldlega vilja stjórnvalda til þess.

**Og svo blessuð krónan**

Loks er það kostnaðurinn af krónunni. Við borgum miklu hærri vexti en nágrannalönd okkar. Vaxtakostnaður af 20 milljóna króna húsnæðisláni er liðlega 70 þúsund krónum meiri á mánuði hér á landi en hjá nágrönnum okkar. Ástæðan er kostnaðarsamur og óstöðugur gjaldmiðill sem og skortur á samkeppni á fjármálamarkaði. Fákeppnina má m.a. rekja til þess að erlendir bankar hafa lítinn sem engan áhuga á að starfa á svo litlu gjaldmiðilssvæði. Enn og aftur skortir hins vegar vilja hjá stjórnvöldum til að breyta þessu.

> **Það er því vel hægt að breyta landbúnaðarkerfinu þannig að bæði bændur og neytendur hafi ávinning af. Það vantar einfaldlega vilja stjórnvalda til þess.**

Þegar allt þetta er dregið saman, endurskoðun skattkerfisins, afnám tollverndar á matvælum og lækkun vaxta með stöðugra gengi, gæti fjögurra manna fjölskylda með 700 þúsund krónur í mánaðarlaun aukið ráðstöfunartekjur sínar um nærri 180 þúsund krónur á mánuði. Það munar um minna.

Lausnir þessar eru heldur ekki til skamms tíma heldur framtíðarlausn fyrir landsmenn, það er það sem Viðreisn vill. Vilji er allt sem þarf en því miður skortir þann vilja hjá stjórnvöldum.

# 66 þúsund tonn af kolum



Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri Landverndar

Eitt af stóru málum okkar hjá Landvernd er baráttan gegn stóriðjuframkvæmdum sem auka mjög á losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum. Þetta á meðal annars við um kísilver PCC á Bakka. Samkvæmt starfsleyfi hefur kílsilverið heimild til að brenna árlega 66 þúsund tonnum af kolum og þannig auka losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum um 8 prósent á ári.

Fyrir jól féll úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem Landvernd kærði starfsleyfi kísilversins. Landvernd telur að starfsleyfið stangist meðal annars á við skuldbindingar Íslands um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Því miður féllst Úrskurðarnefndin ekki á að ástæða væri til þess að afturkalla starfsleyfi verksmiðjunnar.

Landvernd kallar eftir því að stofnanir ríkisins og fyrirtæki í eigu þess leggist á eitt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í raun og hætti að nota loftslagsmál sem tylliástæðu fyrir uppfyllingu virkjana- og verksmiðjudrauma sinna.

> **Landvernd kallar eftir því að stofnanir ríkisins og fyrirtæki í eigu þess leggist á eitt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í raun.**

**Réttlæta eyðilegginguna**

Sumum er tamt að halda því fram að framlag okkar Íslendinga til loftslagsmála sé virkjun vatnsfalla og jarðhita til framleiðslu á hráefnum sem fara á heimsmarkað. Með því réttlæta sumir fyrir sjálfum sér þá eyðileggingu sem við höfum stundað á gríðarfögrum náttúruminjum Íslands sem eru oft einstakar í heiminum. Þá er því haldið fram að með því dragi úr framleiðslu hráefnanna með jarðefnaeldsneyti en ekki hefur verið sýnt fram á slíkt samhengi; eingöngu er ljóst að framboð af hráefninu er aukið.

Landvernd er í þessu tilviki ekki sumir. Við viljum leggja okkar af mörkum til þess að benda á þau mörgu tækifæri sem við höfum til þess að draga úr okkar eigin losun gróðurhúsalofttegunda jafnframt því sem við verndum þann mikla auð sem býr í náttúrunni okkar og vera þannig góð fyrirmynd fyrir heiminn sem þjóð sem er kolefnishlutlaus. Með því yrðum við þjóð sem bindur meira af gróðurhúsalofttegundum en hún losar.





# Losna ekki hvor við annan

Guðmundur Guðmundsson og Dagur Sigurðsson mætast enn eina ferðina þegar Ísland og Japan leiða saman hesta sína í B-riðli á HM í handbolta í dag. Þetta er í 17. sinn sem lið undir þeirra stjórn mætast.

## Gummi gegn Degi

| 16 | 8 | 4 | 4 |
|---|---|---|---|
| leikir | sigrar Guðmundar | jafntefli | sigrar Dags |

■ Gummi ■ Dagur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2010 | EM | ■ Ísland – ■ Austurríki | 37 – 37 |
| 2010 | Þýska deildin | ■ Fücshe Berlin – ■ Löwen | 28 – 28 |
| 2011 | Þýska deildin | ■ Löwen – ■ Füchse Berlin | 33 – 32 |
| 2011 | Þýska deildin | ■ Füchse Berlin – ■ Löwen | 35 – 28 |
| 2012 | Þýska deildin | ■ Löwen – ■ Füchse Berlin | 31 – 29 |
| 2012 | Þýska deildin | ■ Löwen – ■ Füchse Berlin | 25 – 23 |
| 2013 | Þýska deildin | ■ Füchse Berlin – ■ Löwen | 32 – 26 |
| 2013 | Þýska deildin | ■ Füchse Berlin – ■ Löwen | 21 – 21 |
| 2014 | Þýska deildin | ■ Löwen – ■ Füchse Berlin | 31 – 27 |
| 2015 | HM | ■ Danmörk – ■ Þýskaland | 30 – 30 |
| 2016 | EM | ■ Þýskaland – ■ Danmörk | 25 – 23 |
| 2016 | Vináttuleikur | ■ Þýskaland – ■ Danmörk | 33 – 26 |
| 2016 | Vináttuleikur | ■ Þýskaland – ■ Danmörk | 19 – 25 |
| 2017 | Vináttuleikur | ■ Barein – ■ Japan | 37 – 22 |
| 2018 | Vináttuleikur | ■ Barein – ■ Japan | 21 – 20 |
| 2018 | Asíumótið | ■ Barein – ■ Japan | 29 – 21 |

**HANDBOLTI** Leiðir Guðmundar Guðmundssonar og Dags Sigurðssonar hafa legið æði oft saman. Þeir mættust sem leikmenn í efstu deild hér á landi og Dagur var svo fyrirliði íslenska landsliðsins þegar Guðmundur þjálfaði það í fyrsta sinn (2001-04).

Síðan Dagur hellti sér út í þjálfun hafa lið þeirra Guðmundar mæst 16 sinnum. Og sautjándi leikur þeirra fer fram í München í dag þegar Ísland og Japan eigast við í B-riðli heimsmeistaramótsins. Íslendingar eru með tvö stig eftir sigurinn á Bareinum, gamla liðinu hans Guðmundar, en Japanir eru enn án stiga. Japan lék þó mjög vel gegn Evrópumeisturum Spánar í fyrradag og hjá Guðmundi er aldrei í boði að vanmeta andstæðinginn. Hið unga íslenska lið mætir því væntanlega fullt einbeitingar til leiks í dag.

Dagur þekkir það þó að ná í óvænt úrslit gegn Guðmundi. Þeir mættust í fyrsta sinn sem þjálfarar í riðlakeppninni á EM 2010. Guðmundur var með íslenska liðið og Dagur það austurríska sem náði óvæntu jafntefli, 37-37, eftir ævintýralegan endasprett.

Guðmundur og Dagur mættust átta sinnum í þýsku úrvalsdeildinni þegar þeir stýrðu Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin. Ljónin hans Guðmundar unnu fjóra leiki, Berlínarrefirnir hans Dags tvo og tvisvar varð jafntefli.

Árið 2014 tóku Guðmundur og Dagur aftur við landsliðum; Guðmundur því danska og Dagur því þýska. Þau mættust í riðlakeppninni á HM 2015 í Katar og gerðu jafntefli, 30-30, í hörkuleik.

Danmörk og Þýskaland mættust í milliriðli á EM 2016 og þá höfðu Þjóðverjar betur, 25-23, og tryggðu sér sæti í undanúrslitum á meðan Danir sátu eftir með sárt ennið. Þjóðverjar fóru svo alla leið og urðu Evrópumeistarar. Danmörk og Þýskaland mættust tvisvar í viðbótar í vináttulandsleikjum 2016 og skiptu sigrunum á milli sín.

> **9**
> ár eru liðin síðan lið undir stjórn Guðmundar og Dags mættust fyrst.

Leiðir Guðmundar og Dags lágu enn einu sinni saman þegar þeir tóku við Barein og Japan 2017. Dagur sendi Guðmundi skemmtilega kveðju á Facebook af þessu tilefni. „Maður losnar ekki við þig. Til lukku, þetta verður stuð. Game on.“

Barein og Japan mættust þrisvar sinnum meðan Guðmundur stýrði Bareinum. Og hann hafði betur í öll skiptin, m.a. á Asíumótinu 2018 þar sem Barein fór alla leið í úrslitaleikinn.

Guðmundur tók við íslenska landsliðinu í þriðja sinn í fyrra og það var skrifað í skýin að Ísland yrði með Japan í riðli á HM. Guðmundur og Dagur virðast ekki losna hvor við annan og þeir mætast í 17. sinn sem þjálfarar í dag. Tölfræðin er á bandi Guðmundar. Lið hans hafa unnið átta leiki, liðin hans Dags fjóra og fjórum sinnum hefur orðið jafntefli. Og íslenska þjóðin vonast til þess að Guðmundur bæti níunda sigurleiknum við í München í dag.

**ingvithor@frettabladid.is**

## Nýjast

### Olís-deild kvenna

**Fram - HK 31-23**

**Fram:** Steinunn Björnsdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Ragnheiður Júlíusdóttir 5, Harpa María Friðgeirsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 3, Lena Margrét Valdimarsdóttir 1...
**HK:** Elva Arinbjarnar 6, Berglind Þorsteinsdóttir 4, Elna Ólöf Guðjónsdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 3, Helena Ósk Kristjánsdóttir 2, Sigríður Hauksdóttir 2, Díana Kristín Sigmarsdóttir 2

**ÍBV - Haukar 23-29**

**ÍBV:** Ásta Björt Júlíusdóttir 5, Ester Óskarsdóttir 5, Arna Sif Pálsdóttir4, Karólína Bæhrenz 3, Sunna Jónsdóttir 3, Kristrún Hlynsdóttir 2, Sandra Dís Sigurðardóttir 1.
**Haukar:** Maria Ines da Silva 11, Ramune Pekarskyte 5, Berta Rut Harðardóttir 4, Ragnheiður Sveinsdóttir 2, Karen Helga Díönudóttir 2, Þórhildur Braga Þórðardóttir 2, Hekla Rún Ámundadóttir 2, Rakel Sigurðardóttir 1.

**Stjarnan - KA/Þór 21-21**

**Stjarnan:** Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6, Stefanía Theodórsdóttir 5, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 2, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1, Auður Ómarsdóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir, Rakel Dögg Bragadóttir 1.
**KA/Þór**: Martha Hermannsdóttir 7, Hulda Bryndís Tryggvadóttir 5, Katrín Vilhjálmsdóttir 3, Sólveig Lára Kristjánsdóttir 2, Anna Þyrí Halldórsdóttir 2, Aldís Ásta Heimisdóttir 1, Aldís Guðmundsdóttir 1..

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 17 | KA/Þór | 11 |
| Valur | 17 | Stjarnan | 9 |
| ÍBV | 15 | HK | 7 |
| Haukar | 14 | Selfoss | 4 |

### HM í handbolta

**A-riðill**

| | |
|---|---|
| **Rússland - Brasilía** | **23-25** |
| **Kórea - Serbía** | **29-31** |
| **Þýskaland - Frakkland** | **25-25** |

**Stig þjóða:** Frakkland 7, Þýskaland 6, Rússland 4, Brasilía 4, Serbía 3, Kórea 0..

**C-riðill**

| | |
|---|---|
| **Sádi-Arabía - Túnis** | **20-24** |
| **Noregur - Síle** | **41-20** |
| **Austurríki - Danmörk** | **17-28** |

**Stig þjóða:** Noregur 8, Danmörk 8, Túnis 4, Austurríki 2, Síle 2, Sádí Arabía 0..

# Biðin lengist eftir sigri eftir bragðdauft jafntefli

**FÓTBOLTI** Enn lengist biðin eftir fyrsta sigri Íslands undir stjórn Eriks Hamrén og fyrsta sigri íslenska karlalandsliðsins í langan tíma eftir markalaust jafntefli gegn Eistlandi í gær. Eitt ár og einn dagur, upp á dag, var liðinn frá síðasta sigri karlalandsliðsins gegn Indónesíu í æfingarleik þegar flautað var til leiks í gær. Var þetta seinni æfingarleikur landsliðsins í ferð til Katar eftir 2-2 jafntefli gegn Svíþjóð á dögunum og síðasti undirbúningsleikur Íslands áður en undankeppni EM hefst í mars.

Þar sem leikurinn fór fram utan alþjóðlegra leikdaga var það óreynt lið Íslands sem mætti til leiks fyrir utan Birki Má Sævarsson. Birkir, sem bar fyrirliðabandið í gær, lék í gær sinn 88. leik fyrir Íslands hönd og komst með því upp að hlið Eiðs Smára í þriðja sæti yfir leikjahæstu leikmenn Íslands í karlaflokki frá upphafi. Alls gerði þjálfarateymið sjö breytingar á byrjunarliðinu á milli leikja og byrjaði Davíð Kristján Ólafsson fyrsta leik sinn fyrir Íslands hönd.



Birkir lék 88. landsleik sinn í gær og komst með því upp að hlið Eiðs Smára í 3. sætið yfir flesta landsleiki fyrir karlalandslið Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir að Ísland væri líklegri aðilinn allan leikinn er ekki hægt að segja annað en að hann hafi verið bragðdaufur. Í síðari hálfleik fengu Alex Þór Hauksson og Willum Þór Willumsson fyrstu mínútur sínar fyrir landsliðið og fengu því allir sex nýliðarnir í landsliðshópnum að spreyta sig í ferðinni. Kolbeinn Birgir Finnsson kom boltanum í net Eistlands á upphafsmínútum seinni hálfleiks en markið var flautað af vegna rangstöðu. Þrátt fyrir að Ísland hafi fengið fín færi tókst liðinu ekki að brjóta ísinn og lauk leiknum með markalausu jafntefli.

**Slæmt met innan seilingar**

Rúmir tveir mánuðir eru í að stóra verkefnið hefjist þegar Ísland mætir Andorra ytra í fyrsta leik í undankeppni Evrópumótsins 2020 áður en Strákarnir okkar mæta heimsmeisturum Frakklands nokkrum dögum síðar. Þá mun Erik Hamrén vonandi loksins geta teflt fram öllum lykilmönnum Íslands sem hafa átt svo stóran þátt í góðu gengi liðsins undanfarin ár og farið að vinna fótboltaleiki á ný. Eftir leik gærdagsins hefur landsliðið leikið fimmtán leiki í röð án sigurs en aðeins einu sinni áður hefur Ísland leikið fleiri leiki án sigurs. Á tæplega þriggja ára tímabili frá 1977 til 1980 lék karlalandsliðið sautján leiki í röð án sigurs. **– kpt**

# Cech hættir í vor

**FÓTBOLTI** Tékkneski markvörðurinn Petr Cech tilkynnti það í gær að hanskarnir myndu fara upp í hillu að tímabilinu loknu. Með því lýkur tuttugu ára ferli en lengst af lék hann með liði Chelsea áður en hann skipti yfir til erkifjendanna í Arsenal árið 2015.

Cech var keyptur til Chelsea árið 2004 og með Cech í markinu setti liðið met strax á fyrsta tímabili þegar Chelsea fékk aðeins fimmtán mörk á sig á heilu tímabili.



Hann varð fjórum sinnum enskur meistari og vann Meistaradeildina og Evrópudeildina með Chelsea ásamt því að vinna alls fimm bikarmeistaratitla með Chelsea og Arsenal. Þá lék hann 124 leiki fyrir hönd Tékklands á farsælum ferli. **– kpt**


COMBO-TILBOÐ
PANINI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
TORTILLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PIZZA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
PYLSA OG GOS*
549 KR
FULLT VERÐ: 748 KR
2 PYLSUR OG GOS*
649 KR
FULLT VERÐ: 1.097 KR
CROISSANT MEÐ ÁLEGGI OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 898 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KLEINUHRINGUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
SNÚÐUR OG KÓKÓMJÓLK
399 KR
FULLT VERÐ: 628 KR
BEYGLA OG GOS*
499 KR
FULLT VERÐ 998 KR
ATH! ekki hægt að breyta innihaldi, tilbúin vara.
KAFFI OG KLEINA
299 KR
FULLT VERÐ: 548 KR
SÓMA LANGLOKA OG GOS*
799 KR
FULLT VERÐ: 1.198 KR
SÓMA SAMLOKA OG GOS*
699 KR
FULLT VERÐ: 998 KR
netgíró
Kvikk
ON THE GO
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni

## Merkisatburðir

**1909** Leiðangur Ernests Shackleton finnur segulskaut Suðurpólsins.

**1920** Áfengisbann tekur gildi í Bandaríkjunum.

**1945** Adolf Hitler fer í byrgi sitt.

**1947** Opnað talsímasamband milli Íslands og Bandaríkjanna. Fyrstir töluðu saman Emil Jónsson samgöngumálaráðherra og Thor Thors, sendiherra í Washington.

**1960** Kona ver doktorsritgerð í fyrsta skipti á Íslandi við Háskóla Íslands: Selma Jónsdóttir listfræðingur.

**1966** Metropolitan-óperan opnuð í Lincoln Center í New York-borg.

**1973** Fyrsti stóri skuttogarinn sem Spánverjar smíðuðu fyrir Íslendinga kemur til Reykjavíkur: Bjarni Benediktsson RE 210.

**1976** Réttarhöld hefjast yfir hluta hryðjuverkahópsins Rote Armee Fraktion í Stuttgart í Þýskalandi.

**1979** Íranska byltingin: Mohammad Reza Pahlavi Íranskeisari flýr ásamt fjölskyldu sinni til Egyptalands.

# Stjörnustríð á íþróttamóti í tölvuleiknum Fortnite

**Rafíþróttasamtök Íslands í samstarfi við ÍBR halda stærsta rafíþróttaviðburð hér á landi um næstu helgi. Þá munu bestu lið landsins í tölvuleikjum keppa um hver getur kallað sig rafíþróttameistara Reykjavíkurleikanna í fyrsta sinn.**



**Fortnite er einhver vinsælasti tölvuleikur heims um þessar mundir.** NORDICPHOTOS/GETTY

Rafíþróttasamtök Íslands í samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur halda stærsta rafíþróttaviðburð Íslands frá upphafi dagana 26.-27. janúar. Á fyrri deginum verður keppt í Fortnite, þar sem fjögur efstu tveggja manna liðin í mótinu munu keppa um hver stendur uppi sem sigurvegari. Að móti loknu munu átta heppnir gestir fá að leika listir sínar uppi á sviði og fá ráð frá bestu spilurum landsins á meðan.

Eftir að Fortnite-dagskránni lýkur verður keppt í League of Legends. Þar munu fjögur efstu lið mótsins spila upp á hvaða lið komast í úrslitaleikinn.

Eftir að League of Legends-dagskránni lýkur verður stillt upp fyrir Counter-Strike: Global Offensive. Þar munu tvö bestu lið landsins eigast við í úrslitum uppi á sviði í Best of 3 seríu af hágæða Counter-Strike. 16 ára aldurstakmark er á Counter-Strike hluta mótsins nema í fylgd með fullorðnum.

Á degi tvö verður svokallað stjörnustríð í Fortnite þar sem fjórar íslenskar stórstjörnur slást í hópinn með fjórum bestu spilurum Íslands og keppa um titilinn Fortnite Stjarna Íslands. Að móti loknu geta áhorfendur síðan unnið sér tækifæri til að spila við hlið stjarnanna uppi á stóra sviðinu.

Eftir að Fortnite-dagskránni lýkur er komið að úrslitum League of Legends-mótsins á RIG og keppa tvö bestu liðin hvort gegn öðru til að komast að því hver hreppir titilinn á Reykjavíkurleikunum og hver vinnur sér keppnisrétt á „Nordic Championship“ á Dreamhack 2019 sem er stærsti LAN-viðburður Evrópu.

Auk rafíþróttamótanna verður nóg um að vera fyrir áhorfendur. Hægt verður að prófa akstursherma, fræðast um rafíþróttir og eins og áður sagði geta áhorfendur fengið tækifæri til að spila Fortnite á stóra sviðinu á sunnudeginum og fylgst með stjörnustríði í Fortnite þar sem þjóðþekktir einstaklingar keppa við bestu spilara landsins. **benediktboas@frettabladid.is**

---



Okkar ástkæri

**Eiríkur Ingólfsson**

búsettur í Fredrikstad, Noregi,

lést á heimili sínu aðfaranótt 9. janúar. Útför í Fredrikstad verður þriðjudaginn 22. janúar. Minningarstund og jarðarför á Íslandi auglýst síðar.

**Mette Bakken**
**Áslaug Eiríksdóttir** — **Helgi Þ. Möller**
**Leifur Eiríksson**
**Heiðar Eldberg Eiríksson** — **Svala K. Eldberg Þorleifsdóttir**
**og barnabörn**
**Ingólfur Guðmundsson** — **Áslaug Eiríksdóttir**
**og systkini hins látna.**

---



Kærleiksríka

**Laufey Guðmundsdóttir**

Egilsstaðakoti,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Fossheima, Selfossi.

**Helga Elín** — **Halldór**
**Sigurbjörg** — **Árni**
**Guðsteinn Frosti** — **Kristín**
**Einar** — **Elín Bjarnveig**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Stefán Jónsson**

málarameistari,
Bakkahlíð 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 18. janúar klukkan 13.30.

**Heiðrún Björgvinsdóttir**
**Jón Ari Stefánsson**
**Hjördís Stefánsdóttir** — **Heiðar Konráðsson**
**Heiðrún Valdís og Hildur Védís**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Stefán Dan Óskarsson**

Ísafirði,

varð bráðkvaddur 14. janúar sl. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rannveig Hestnes**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórir Finnur Helgason**

húsasmíðameistari,
Iðalind 3, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, föstudaginn 4. janúar. Útför fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 18. janúar klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Vigdís Björnsdóttir**
**Ingibjörg Halla Þórisdóttir** — **Bárður Sveinbjörnsson**
**Helgi Þórisson** — **Sigríður Pálsdóttir**
**Björn Þórisson** — **Kristín Garðarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Ástkær sambýliskona mín, móðir, dóttir og systir,

**Björk Albertsdóttir**

varð bráðkvödd á Spáni laugardaginn 12. janúar.

**Elí Pétursson**
**Bergur Snorri Salomonsen** — **Elí Xavi Bjarkar Elíson**
**Ingibjörg Gísladóttir**
**Albert K. Skaftason** — **Emilía Davíðsdóttir**
**Eyvindur Elí Albertsson**
**Gylfi Geir Albertsson,**
**Skafti Þór Albertsson**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorvaldur Ólafsson**

vélstjóri,
Strikinu 2, Garðabæ,

lést laugardaginn 12. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 15.00.

**Ólöf Árnadóttir**
**Ólafur Þorvaldsson** — **Erla Kjartansdóttir**
**Steinunn Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Rafn E. Sigurðsson**

fv. forstjóri Hrafnistu,
Hólabraut 17, Hafnarfirði,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 6. janúar, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13.00.

**Rannveig Erna Þóroddsdóttir**
**Sigþór Rafnsson** — **Elísabet Rafnsdóttir**
**Gerður Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur bróðir og frændi okkar,

**Þórarinn Brandur Þórarinsson**

lést þriðjudaginn 8. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þann 24. janúar kl. 15.00.

**Stefán Þórarinsson**
**Sæunn Stefánsdóttir**
**Svava Lóa Stefánsdóttir**
**Pétur Helgason**
**Helena Helgadóttir**
**Helga Björk Helgadóttir**
**Gunnar Þór Helgason**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Bjarnason**

Klapparholti 12, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 9. janúar á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 22. janúar kl. 13.00.

**Ólöf Haraldsdóttir**
**Júlía Magnúsdóttir** — **Ingibergur Gunnar Jónsson**
**Sæunn Magnúsdóttir** — **Haraldur Sigurðsson**
**Bjarni Magnússon** — **Ólína Helgadóttir**
**Sigurborg Skjaldberg** — **Baldur Snæhólm Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. janúar 2019 | 2. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







Eaton Vance
Investment Managers

# Eaton dregur saman seglin

Sjóðir í stýringu Eaton Vance hafa selt sig niður í að minnsta kosti tíu skráðum félögum á undanförnum mánuðum. Seðlabankinn kom að hluta til móts við útflæðið með inngripum á gjaldeyrismarkaði. » 8-9

**Júlí 2018**

**25 milljarðar króna**

var fjárfesting sjóða **Eaton Vance** í íslenskum hlutabréfum

**Október 2018**

**22 milljarðar króna**

var fjárfesting sjóða **Eaton Vance** í íslenskum hlutabréfum






»2

## Bjóða um 17 til 20 milljarða í hótel Icelandair

Tilboð fjárfesta sem var hleypt áfram í aðra umferð söluferlis Icelandair Hotels hljóða upp á 140 til 165 milljónir dala. Í þeim hópi eru Blackstone, asísk hótelkeðja og sameiginlegt tilboð frá Keahótelum og Regin.

»4

## Lífeyrissjóðir leggi hinu opinbera lið í innviðafjárfestingum

Skynsamlegt væri af hálfu stjórnvalda að fjölga þátttakendum í uppbyggingu innviða, að mati framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Gild rök séu fyrir því að lífeyrissjóðir fjármagni innviði.

»14

## Úr vasa heimila

„Að teknu tilliti til vaxta- og barnabóta greiða efstu tvær tekjutíundirnar rúmlega 70% af hreinum heildargreiðslum tekjuskatts einstaklinga,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA, í aðsendri grein.




# 0,05 prósenta hlut vantaði upp á

**4,3%**

**nemur eignarhlutur félaga í eigu Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur í Högum.**

Aðeins vantaði 0,05 prósenta hlut upp á til þess að krafa félaga í eigu Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur, forstjóra Torgs, og fleiri hluthafa Haga um að margfeldiskosningu yrði beitt við stjórnarkjör smásölurisans næði fram að ganga. Þetta herma heimildir Markaðarins.

Hluthafar sem ráða yfir minnst 10 prósentum hlutafjár geta kallað eftir margfeldiskosningu en fram kom í tilkynningu frá stjórn Haga síðdegis í gær að tilskildum hluta hefði ekki verið náð. Verður meirihlutakosningu því beitt við stjórnarkjörið.

Samtals tólf hluthafar, sem eiga samtals liðlega 10,5 prósenta hlut í smásölufélaginu en þar af eiga félög tengd Ingibjörgu Stefaníu 4,3 prósenta hlut, kröfðust þess að margfeldiskosningu yrði beitt við stjórnarkjörið á hluthafafundi félagsins sem verður haldinn á föstudag. Samkvæmt heimildum Markaðarins taldi stjórn Haga hins vegar að umboð eins aðila til þess að fara með atkvæðarétt á fundinum, vegna framvirks samnings, hefði verið ófullnægjandi.

Að sögn viðmælenda Markaðarins gætir nokkurrar óánægju á meðal sumra hluthafa með þá niðurstöðu stjórnarinnar.

Margfeldiskosning virkar á þann veg að gildi hvers atkvæðis er margfaldað með fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, sem eru fimm í tilfelli Haga, og má hluthafi skipta atkvæðamagni sínu, þannig reiknuðu, í hverjum þeim hlutföllum sem hann sjálfur kýs á jafn marga menn og kjósa skal eða færri.

Átta manns hafa gefið kost á sér í stjórn Haga, þar á meðal Jón Ásgeir Jóhannesson, fjárfestir og eiginmaður Ingibjargar Stefaníu, en einn frambjóðandi, Sandra Hlíf Ocares, lögfræðingur og sjálfstætt starfandi ráðgjafi, bættist í hópinn um liðna helgi.

Torg ehf., útgefandi Fréttablaðsins, er að stærstum hluta í eigu Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur. **– hae /kij**



Jón Ásgeir Jóhannesson.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf inn á
Job.is
Glæný og fersk störf í hverri viku.
FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is




Icelandair Hotels rekur meðal annars hótelið Canopy Reykjavík við Smiðjustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Bjóða allt að 20 milljarða króna í Icelandair Hotels

**Tilboð fjárfesta sem var hleypt áfram í aðra umferð söluferlis Icelandair Hotels hljóða upp um á 140 til 165 milljónir dala. Í þeim hópi eru sjóður í stýringu Blackstone, asísk hótelkeðja og sameiginlegt tilboð frá Keahótelum og Regin.**

**1.100**

**milljónir króna er áætluð EBITDA hótelrekstrarins á árinu 2019.**

Icelandair Group gæti átt von á því að fá allt að um tuttugu milljarða íslenskra króna við sölu á Icelandair Hotels og fasteignum sem tilheyra rekstri hótelkeðjunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins nema þannig óskuldbindandi tilboð fjárfesta, sem var nýlega hleypt áfram í aðra umferð söluferlisins, á bilinu um 140 til 165 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði um 17 til 20 milljarða króna á núverandi gengi, miðað við heildarvirði félagsins.

Í þeim hópi fjárfesta eru meðal annars sjóður í stýringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, asísk hótelkeðja og eins sameiginlegt tilboð frá Keahótelum og fasteignafélaginu Regin, samkvæmt heimildum Markaðarins. Frestur til að skila inn skuldbindandi tilboðum í Icelandair Hotels er til 12. febrúar næstkomandi en stefnt er að því að niðurstaða fáist í söluferlið fyrir lok fyrsta ársfjórðungs. Heildarvirði hótelkeðjunnar – hlutafé og vaxtaberandi skuldir – er bókfært á um 111 milljónir dala í reikningum Icelandair Group og því gæti flugfélagið fengið umtalsverðan hagnað við söluna miðað við þau óskuldbindandi tilboð sem nú liggja fyrir.

Formlegt söluferli á Icelandair Hotels hófst í byrjun nóvember á síðasta ári og var umtalsverður áhugi á meðal fjárfesta. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, lét þannig hafa það eftir sér í viðtali við ViðskiptaMoggann þann 20. desember síðastliðinn að á annan tug óskuldbindandi tilboða væru þá komin í hús. Á meðal þeirra sem skiluðu inn tilboðum, en voru ekki teknir áfram í aðra umferð söluferlisins, samkvæmt heimildum Markaðarins, voru meðal annars fjárfestingarfélagið Stoðir og fjárfestahópur sem var leiddur af Jóhanni Halldórssyni en félag í hans eigu hefur haft uppi áform um að byggja hótel í Vatnsmýrinni.

Icelandair Hotels rekur 13 hótel í Reykjavík og á landsbyggðinni auk þess að reka einnig sumarhótelkeðjuna Hótel Eddu, en um er að ræða alls 1.937 herbergi á landinu öllu. Tekjur félagsins á fyrstu níu mánuðum síðasta árs námu samtals um 93 milljónum dala, jafnvirði 11 milljarða króna, og jukust um tólf milljónir dala frá sama tíma fyrir ári en á árinu 2018 bættust þrjú ný hótel við rekstur Icelandair Hotels sem jók framboð hótelherbergja um 197. Icelandair Group hefur upplýst um að áætlað hafi verið að leigutekjur fasteigna hótelkeðjunnar hafi numið 700 milljónum króna á síðasta ári og að EBITDA hótelrekstrar yrði um 900 milljónir. Fyrir núverandi ár er gert ráð fyrir að leigutekjur fasteigna nemi 800 milljónum og að EBITDA hótelrekstrar verði um 1.100 milljónir.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Blackstone falast eftir stórri fjárfestingu í íslenskri ferðaþjónustu. Þannig áformaði sjóður á vegum félagsins, sem er stýrt af Chad Pike, einum af yfirmönnum Blackstone í Evrópu, en fyrirtæki í hans eigu rekur lúxushótelið Deplar Farm í Fljótunum í Skagafirði, að kaupa 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lóninu sumarið 2017 fyrir um 110 milljónir evra, jafnvirði 13 milljarða króna á þáverandi gengi. Ekkert varð hins vegar af kaupunum þegar Jarðvarmi, samlagshlutafélag í eigu fjórtán lífeyrissjóða, beitti neitunarvaldi sínu og hafnaði tilboðinu.

Keahótel, sem er þriðja stærsta hótelkeðja landsins, rekur meðal annars Hótel Borg og Apótek hótel í miðbæ Reykjavíkur. Stærstu eigendur félagsins, sem komu inn í hluthafahópinn haustið 2017, eru bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Pt Capital Advisors og bandaríska fjárfestingar- og þróunarfélagið JL Properties, sem er með aðsetur í Alaska, með samtals 75 prósenta hlut. **hordur@frettabladid.is**

# Stofna greiðslufyrirtæki í Litháen

Stofnendur og fyrrverandi stjórnendur Kortaþjónustunnar hafa stofnað greiðslufyrirtæki í Litháen og hyggjast á næstu tveimur árum ráða til sín allt að þrjátíu starfsmenn. Virginijus Sinkevičius, ráðherra efnahagsmála og nýsköpunar í Litháen, fagnar framtakinu og bendir á að fyrirtækið sé þriðja íslenska tæknifyrirtækið á aðeins fáeinum árum til þess að hefja starfsemi í landinu.

Jóhannes Ingi Kolbeinsson og Gunnar Már Gunnarsson standa að baki greiðslufyrirtækinu, sem ber nafnið Paystra, en haft er eftir þeim í frétt á vef litháíska fréttamiðilsins Lrtyas að fyrirtækið muni meðal annars nýta sér fjártækni, sjálfvirkni og gervigreind til þess að þróa greiðslulausnir fyrir evrópska kaupmenn.

Fyrirtækið hefur opnað skrifstofu í Vilníus, höfuðborg Litháens, og hyggst á þessu ári ráða til sín á bilinu fimmtán til tuttugu starfsmenn. Í frétt Lrtyas segir að stofnendurnir hafi jafnframt skoðað að opna höfuðstöðvar í Lúxemborg, Lundúnum og Reykjavík en mikil gróska í fjártæknigeiranum, samkeppnishæft rekstrarumhverfi, hátt menntastig og jákvætt viðmót seðlabanka Litháens átti meðal annars þátt í því að Vilníus varð fyrir valinu.



Jóhannes Ingi Kolbeinsson

Sem kunnugt er keypti Kvika banki og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna af félögum í eigu Jóhannesar Inga og Gunnars Más á eina krónu síðla árs 2017 og lögðu færsluhirðingarfyrirtækinu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. Fyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum lausafjárvanda í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch Airlines en fyrirtækið var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir flugfélagið.

Hlutafé Kortaþjónustunnar var aukið um 1.050 milljónir króna í síðasta mánuði, eins og greint var frá í Markaðinum, og tók Jakob Már Ásmundsson um leið við forstjórastarfinu.

Jóhannes Ingi, sem var ásamt eiginkonu sinni, Andreu Kristínu Jónsdóttur, stærsti hluthafi Kortaþjónustunnar, stýrði áður færsluhirðingarfyrirtækinu en Gunnar Már fór fyrir hugbúnaðarsviði fyrirtækisins. **– kij**


VINSÆLUSTU LÚXUSBÍLAR Á ÍSLANDI 2018
VOLVO XC60 AWD
HANNAÐUR FYRIR ÞIG
Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti bíllinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.
Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúru-legum gæðaefnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.
XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.
XC60 AWD T8 tengitvinn verð frá: 8.790.000 kr.
VOLVO XC90 AWD
OKKAR SÝN Á LÚXUS
Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti bíllinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggis-stofnuninni (IIHS).
Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.
XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengitvinn verð frá: 10.690.000 kr.
VOLVO XC40 AWD
TÍMAMÓTABÍLLINN
Það eru breyttir tímar.
Meira er ekki lengur allt.
Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft.
Engu er ofaukið. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstraprófunum Euro NCAP.
Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.
XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.990.000 kr.
Komdu og skoðaðu þessa vinsælu verðlaunajeppa
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6
VOLVO
Volvo á Íslandi | Brimborg
volvocars.is
Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000
Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5 | Sími 515 7050

# Lífeyrissjóðir leggi hinu opinbera lið

**Skynsamlegt væri af hálfu stjórnvalda að fjölga þátttakendum í uppbyggingu innviða, að mati framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs. Gild rök séu fyrir því að lífeyrissjóðir fjármagni innviði. Fjárfestingar í slíkum verkefnum falli vel að eðli sjóðanna.**

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, segir að færa megi góð og gild rök fyrir því að lífeyrissjóðir fjármagni innviði, hvort sem er með beinu eignarhaldi eða í formi kaupa á skuldabréfum. Slíkir sjóðir séu langtímafjárfestar og hagur þeirra sé fólginn í því að innviðir landsins styðji sem best við uppbyggingu hagkerfisins til lengri tíma.

„Skuldbindingar lífeyrissjóða,“ útskýrir Ólafur í samtali við Markaðinn, „eru til áratuga og fjárfestingargeta þeirra er mikil á meðan uppbygging kerfisins er hvað mest. Geta lífeyrissjóða til að fjárfesta til langs tíma er þannig alla jafna meiri en annarra fjárfesta og þá er lífeyriskerfi landsmanna ólíkt einkafjármagni á marga vegu sem gæti stuðlað að meiri sátt um þátttöku þeirra í fjármögnun innviða,“ nefnir hann.

Horfa þurfi í meira mæli til „markaðsvæðingar innviða“.

Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins með hreina eign upp á 350 milljarða króna.

Ólafur bendir á að Samtök iðnaðarins hafi nýverið áætlað uppsafnaða viðhaldsþörf tilgreindra innviða um 372 milljarða króna en með uppsafnaðri viðhaldsþörf hafi þar verið átt við það sem þurfi til þess að koma þeim innviðum í eðlilegt ástand.

Sem dæmi hafi fráveitukerfi landsmanna fengið slaka einkunn og uppsöfnuð viðhaldsþörf á því verið metin á bilinu 50 til 80 milljarðar króna.

„Í mörgum tilfellum fara innviðaverkefni vel saman við kröfur um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóða,“ segir Ólafur og nefnir að fjárfesting í fráveitukerfi geti til að mynda stuðlað að bættu umhverfi sem falli vel að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærar fjárfestingar og ekki síður að markmiðum lífeyrissjóða um jákvæð samfélagsleg áhrif af fjárfestingum.

Að mati Ólafs væri skynsamlegt af hálfu stjórnvalda að fjölga þátttakendum í uppbyggingu innviða. Lífeyrissjóðir geti létt undir með ríki og sveitarfélögum. „Jafnvel þó einhverjir telji að hið opinbera geti eitt og sér staðið að framkvæmdum upp á hundruð milljarða á næstu árum, þá gæti breiðari nálgun stuðlað að meiri áhættudreifingu og aukið skilvirkni við innviðauppbygginguna.

Dæmin sýna að stórar fjárfestingar geta verið íþyngjandi fyrir stjórnsýsluna og fjölþættari nálgun gæti bætt ákvarðanatöku. Í sumum tilfellum gætu sveitarfélög ekki ráðið við umfangsmiklar fjárfestingarnar þó lög og reglur geri kröfu til þeirra um endurbætur á innviðum,“ nefnir hann.

Áhugi á innviðafjárfestingum fari vaxandi og hér á landi sé fyrir hendi mikil þekking á hönnun, byggingu og rekstri slíkra verkefna.



Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, segir að horfa þurfi í meira mæli til markaðsvæðingar innviða. Áhugi á innviðafjárfestingum fari vaxandi og hér á landi sé fyrir hendi mikil þekking á rekstri slíkra verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Fleiri fjárfestingarkostir**

Ólafur nefnir einnig að innviðafjárfestingar falli vel að eðli lífeyrissjóða sem geri slíkar fjárfestingar að áhugaverðum kosti fyrir þá.

„Þau sjónarmið hafa verið uppi að lífeyrissjóðir eigi orðið of hátt hlutfall í atvinnufyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöllinni og sumir hafa áhyggjur af því að þverað eignarhald þeirra í samkeppnisrekstri geti haft letjandi áhrif á samkeppnisvilja stjórnenda.

Á meðan skuldbindingar eru mældar í íslenskum krónum er skynsamlegt að verja eignum að hluta til innanlands og þá skiptir máli að fjölga fjárfestingarkostum og fjölbreytileika þeirra, umfram þá kosti sem lífeyrissjóðum standa til boða í dag,“ segir Ólafur.

Aðspurður hvort lífeyrissjóðir og einkafjárfestar geri ekki of háa arðsemiskröfu til fjárfestinga í innviðum segir Ólafur svo ekki endilega vera. Skoða þurfi hverja fjárfestingu fyrir sig.

Hann bendir á að leyfð arðsemi flutningsfyrirtækja og dreifiveitna í eigu ríkisins geri ráð fyrir að arðsemi eiginfjár liggi á bilinu 9 til 10 prósent. Horfa þurfi til fjármagnsskipanar slíkra verkefna í heild og meta arðsemi út frá vegnum fjármagnskostnaði.

„Dæmi eru fyrir því að erlendir bankar líti á aðild innlendra lífeyrissjóða sem styrkleika,“ bendir Ólafur á. „Þannig gæti eiginfjárþátttaka þeirra haft jákvæð áhrif á veginn fjármagnskostnað og jafnvel haft jákvæð áhrif á framgang verkefna. Lífeyrissjóðir eru ekki endilega sérfræðingar á sviði innviðafjárfestinga en stærð og geta þeirra til að fjárfesta til lengri tíma getur haft jákvæð áhrif.“

Þá geri lífeyrissjóðir sér fyllilega grein fyrir því að um innviðafjárfestingar gildi stundum strangari reglur um arðsemi. Kostir geti falist í því fyrir lífeyrissjóði ef arðsemi séu sett efri mörk, enda búi þeir þá líka við takmarkaða tapsáhættu.

Aðkoma lífeyrissjóða þurfi jafnframt ekki að vera sambærileg. Hún geti ráðist af stöðu þeirra og eðli skuldbindinga og fjárfestingarstefnu. Sumir sjóðir gætu haft meiri áhuga á skuldabréfum á meðan aðrir hefðu áhuga á eiginfjárþátttöku.

**Slaki að myndast**

Ólafur segir aðspurður skynsamlegt að ráðast í innviðafjárfestingar um þessar mundir, þó ekki væri nema einungis til þess að viðhalda núverandi innviðum og láta þá ekki drabbast niður.

„Það er margt sem bendir til þess að draga muni úr hagvexti næstu misseri og að það kunni að myndast slaki til slíkra verkefna. Undirbúningur innviðaverkefna getur tekið langan tíma og það kann þannig að vera skynsamlegt að geta hraðað framkvæmdum ef hagkerfið verður fyrir áföllum. Þau gera sjaldnast boð á undan sér og skemmst er að minnast vangaveltna um mögulegar breytingar í ferðaþjónustu frá því í fyrrasumar,“ segir Ólafur.

kristinningi@frettabladid.is

**372**

**milljarðar króna er áætluð uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða að mati Samtaka iðnaðarins.**

**Dæmin sýna að stórar fjárfestingar geta verið íþyngjandi fyrir stjórnsýsluna og fjölþættari nálgun gæti bætt ákvarðanatöku.**

## Skoðar lagalega stöðu sína

Gamli Byr, sem lauk nauðasamningum í janúar árið 2016, segir allar tilraunir Íslandsbanka til þess að leita frekara mats á virði lánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011 til þess fallnar að tefja lyktir deilu félaganna og koma í veg fyrir að Gamli Byr geti hafið útgreiðslu til kröfuhafa sinna. Skoðar Gamli Byr í því sambandi lagalega stöðu sína.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bréfi sem Gamli Byr skrifaði kröfuhöfum sínum í síðasta mánuði og Markaðurinn hefur undir höndum. Í bréfinu segist stjórn Gamla Byrs jafnframt vera reiðubúin til að ræða við Íslandsbanka um mögulegar sættir í málinu.

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum komust dómkvaddir matsmenn nýverið að þeirri niðurstöðu að hátt í 1.500 lán í lánasafni Byrs hefðu verið ofmetin um ríflega 2,2 milljarða króna í bókum sparisjóðsins um mitt ár 2011. Til samanburðar hefur Íslandsbanki gert kröfu á hendur Gamla Byr sem hljóðar upp á rúma 7 milljarða króna en bankinn telur að ofmati á verðmæti lánasafnsins hafi valdið sér fjártjóni.

Í bréfi Gamla Byrs segir að ef Íslandsbanki kjósi að leita yfirmats muni það tefja málið um að minnsta kosti nokkra mánuði. Að öðrum kosti gæti aðalmeðferð í málinu hafist á síðari hluta þessa árs.

Þá segist Gamli Byr gera nokkrar athugasemdir og fyrirvara við skýrslu matsmannanna sem sé ýmsum annmörkum háð. Íslandsbanki geti, að mati félagsins, ekki nýtt sér hana til þess að krefjast skaðabóta. – kij




Gamli Byr hefur ekki getað hafið útgreiðslu til kröfuhafa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**7,7**

**milljarðar króna er krafa Íslandsbanka á hendur Gamla Byr og ríkissjóði.**

## Basko tapaði rúmum milljarði

Eignarhaldsfélagið Basko, sem hefur rekið verslanir undir merkjum 10-11 og Iceland, tapaði ríflega 1.030 milljónum króna á síðasta rekstrarári sem lauk í febrúar í fyrra. Þar af gjaldfærði félagið kostnað upp á tæpar 890 milljónir króna vegna endurskipulagningar. Til samanburðar hagnaðist félagið um liðlega 53 milljónir króna á fyrra rekstrarári.

Þetta má lesa út úr nýjum ársreikningi Basko sem er í 80 prósenta eigu framtakssjóðsins Horns III í stýringu Landsbréfa. Árni Pétur Jónsson, fyrrverandi forstjóri Basko, á um 18 prósenta hlut í félaginu.

Í ársreikningnum kemur fram að endurskipulagningin hafi falið í sér að nokkrum verslunum hafi verið lokað, öðrum breytt úr 10-11 í Iceland, auk þess sem öllum stöðum Dunkin' Donuts á landinu hafi verið lokað. Samhliða sölu eigna hafi jafnframt verið ákveðið að flytja höfuðstöðvar Basko, loka vöruhúsi og breyta skipulagi starfseminnar með það að markmiði að einfalda reksturinn.

Sem kunnugt er seldi Basko tólf verslanir, þar af rekstur allra sjö verslana Iceland á landinu og fimm verslana 10-11 miðsvæðis í Reykjavík, til Samkaupa síðasta sumar.




Basko rekur sex 10-11 verslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Basko, sem rekur áfram sex 10-11 verslanir og þrettán verslanir undir merkjum Kvikk, auk verslunar Inspired by Iceland og veitingastaðarins Bad Boys Burgers & Grill, seldi vörur fyrir 9.776 milljónir króna frá mars 2017 til febrúar 2018. Dróst salan saman um 2,6 prósent frá fyrra rekstrarári.

Var framlegð félagsins 3.148 milljónir króna á rekstrarárinu 2017 til 2018 en EBITDA – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var neikvæð um tæpar 149 milljónir króna. Eignir Basko námu 2.891 milljón króna í lok febrúar í fyrra og var eiginfjárhlutfallið á sama tíma um 17 prósent. – kij


Miklu meira en bara ódýrt
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
13.995
Flísasög 80mm
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Bjarni kaupir meirihluta í Bako Ísbergi

**Bjarni Ákason framkvæmdastjóri stefnir á að veltan fari úr 800 milljónum króna í einn milljarð á tveimur árum. Hann hefur starfað í tölvubransanum frá því hann var tvítugur og meðal annars átt og rekið Epli en fannst kominn tími til að breyta um starfsvettvang.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Bjarni Ákason, sem rak um árabil Apple-umboðið Epli, hefur keypt 80 prósenta hlut í Bako Ísbergi. „Það þarf stundum að taka hliðarskref,“ segir hann í samtali við Markaðinn. Fyrirtækið þjónustar stóreldhús fyrirtækja og stofnana og veitingastaði. Starfsmenn eiga það sem eftir stendur af hlutafénu.

„Bako Ísberg er vel rekið fyrirtæki sem hefur verið í sókn á undanförnum árum. Ég hef verið að skoða markaðinn og samkeppnin hefur verið að gefa eftir,“ segir Bjarni.

Fyrirtækið velti í fyrra 820 milljónum króna, að hans sögn. Samkvæmt ársreikningi nam veltan 752 milljónum árið 2017 og 531 milljón árið áður. Vöxturinn var því rúmlega 40 prósent árið 2017 og tæplega tíu prósent í fyrra. Árið 2017 hagnaðist félagið um 38 milljónir samanborið við 31 milljón árið áður. Starfsmenn eru 14.

**Seljendur starfa áfram**

Bjarni keypti hlutinn af Guðmundi Kr. Jónssyni matreiðslumanni og Þresti Líndal rafiðnaðarfræðingi. Þeir munu starfa áfram hjá fyrirtækinu. Sá fyrrnefndi verður sölustjóri og sá síðarnefndi þjónustustjóri. Bjarni tekur við sem framkvæmdastjóri. „Ég ætla að byggja á gömlu formúlunni minni: Það verður að vera gaman í vinnunni hjá öllum, það verður mikill vöxtur og fín arðsemi,“ segir hann.

„Fyrirtækið þarf að stækka til að rekstrareiningin verði hagkvæmari. Veltan þyrfti að fara yfir milljarð króna. Ég reikna með að það taki um tvö ár,“ segir hann. Það kallar á um tíu prósenta vöxt á ári. „Til að svo megi verða erum við að breyta skipulaginu á rekstrinum og leggjum ríka áherslu á markaðsmál. Þegar ég var með Aco í gamla daga jókst veltan iðulega um 50 prósent á milli ára og sá vöxtur hélt áfram með Epli,“ segir hann.

Hann segir að það sé óvissa um hvað framtíðin beri í skauti sér vegna kjaraviðræðna en lítur á kaupin á fyrirtækinu sem tækifæri. Ef á móti blási í efnahagslífinu myndist tækifæri hjá þeim sem standi traustum fótum, líkt og Bako Ísberg, og á kostnað þeirra sem séu veikari fyrir.

Einungis lítinn hluta veltunnar má rekja til veitingastaða í miðbænum, segir Bjarni, og nefnir að margir þeirra hafi átt erfitt uppdráttar að undanförnu og jafnvel orðið að loka þeim. Starfsemi Bako Ísbergs byggi mikið á þjónustu við stóreldhús fyrirtækja, stofnana og skóla.

**Eitt stærsta eldhús Norðurlanda**

„Bako Ísberg hefur sinnt í stórum stíl allra stærstu eldhúsum landsins en þau þarf að hanna sérstaklega. Hér á Íslandi er til dæmis eitt stærsta eldhús Norðurlanda, sem við komum að. Það er í Bláa lóninu og þar vinna 50 kokkar og 30 nemar. Það hefur verið mikið um nýjar uppsetningar á vegum fyrirtækisins eins og til dæmis á Skelfiskmarkaðnum og Hótel Sögu.

Vöxturinn mun halda áfram. Eldhús vinnustaða eða skóla kosta um 20 milljónir króna. Það er mikil tækniþjónusta í kringum eldhúsin. Hér er her manna að störfum sem setjast ekki allan daginn heldur þeysast um allan bæ og veita þjónustu,“ segir hann.

**Seldi í Epli fyrir einu og hálfu ári**

Bjarni seldi hlut sinn í Epli fyrir einu og hálfu ári og lét samhliða af störfum sem framkvæmdastjóri. Hann fór að skima í kringum sig eftir tækifærum. „Á þeim tíma má segja að markaðurinn með fyrirtæki hafi verið seljendamarkaður. Það var verið að biðja um of há verð. Nú hefur hann breyst hratt í kaupendamarkað,“ segir hann.

„Þegar horft er yfir landslagið í viðskiptalífinu um þessar mundir eru smásalar að draga saman seglin, meðal annars vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar, og því vildi ég færa mig úr þeim geira og þjónusta þess í stað þá sem selja mat, enda þurfa allir að borða,“ segir Bjarni.

Hann segir að það hafi ekkert kitlað að fara aftur í tæknigeirann. „Nei. Minn tími þar var búinn. Ég hef verið í tölvubransanum frá því að ég fór á atvinnumarkað og ætlaði mér alltaf að gera eitthvað allt annað. Ég verð nú samt að viðurkenna að mig langaði að fara á tæknisýninguna í Las Vegas sem var að ljúka.“

Bjarni segist ekki hafa áður fjárfest í rekstri ótengdum tækni. „Ég lít ekki á mig sem fjárfesti.“

**Ég hef verið að skoða markaðinn og samkeppnin hefur verið að gefa eftir.**

### Alla tíð í tölvugeiranum

Bjarni hóf störf hjá föður sínum, Áka Jónssyni, í tölvufyrirtækinu Aco þegar hann var tvítugur. „Ég var í háskólanámi en fékk vírus og sá ekkert. Þá byrjaði ég að vinna hjá pabba og festist í tölvubransanum. Spurning hvort þetta hafi ekki við tölvuvírus!“ Árið 1997 keypti Bjarni föður sinn út og fékk Opin kerfi í hluthafahópinn. Fyrirtækið sameinaðist síðar Tæknivali. Því næst átti Bjarni í og rak Humac, sem var með umboð fyrir Apple á Norðurlöndunum, en seldi hlut sinn til Baugs Group árið 2007. Hann keypti svo Apple-umboðið hérlendis ásamt Valdimar Grímssyni, fyrrverandi handboltakappa, skömmu eftir hrun en þeir seldu fyrirtækið fyrir einu og hálfu ári til Guðna Eiríkssonar.



**Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Bako Ísbergs, segir að einungis lítinn hluta veltu fyrirtækisins megi rekja til veitingastaða í miðbænum, en rekstur margra þeirra hefur gengið illa á undanförnum misserum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Endurskipulagning Marorku gengur vel

Endurskipulagning rekstrar Marorku, sem selur orkustjórnunarkerfi og hugbúnað í stór skip, hefur gengið vel og framlegð var jákvæð á árinu 2018 þrátt fyrir að rekstrarkostnaður fyrstu fimm mánuði ársins hafi verið í hlutfalli við fyrri umsvif. Það er mat stjórnenda þegar litið er til þeirra þátta sem áunnust á árinu 2018 að framtíðarhorfur félagsins séu jákvæðar. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2017.

Upplýst var í mars á liðnu ári að lykilstarfsmenn Marorku hefðu fest kaup á íslenskri starfsemi fyrirtækisins og dótturfélagi í Singapúr til að tryggja rekstrarhæfi þess. Seljandinn var þrotabú móðurfélags Marorku. Fyrirtækið var danskt og bar nafnið Marorka International A/S. Það var aftur í eigu þýska fjárfestingarsjóðsins Mayfair. Við kaupin áttu nýir eigendur eftir að semja við starfsmenn, kröfuhafa og fjárfesta um næstu skref.

**2,1**

**milljónar evra tap var á rekstri Marorku árið 2017.**

Við gjaldþrot móðurfélagsins lokaði Mayfair á frekari fjármögnun til Marorku á Íslandi. Fram að því hafði sjóðurinn fjármagnað rekstur fyrirtækisins með lánum og hlutafjárframlögum.

Marorka tapaði 2,1 milljón evra, jafnvirði 292 milljóna króna, árið 2017 samanborið við 2,6 milljóna evra tap árið áður. Endurskoðendur félagsins benda á að skammtímaskuldir séu hærri en veltufjármunir sem nemur 4,3 milljónum evra. Tekjurnar jukust úr 2,5 milljónum evra í 3,4 milljónir.

Við kaup lykilstjórnendanna voru skuldir Marorku við móðurfélagið Marorka International A/S og systurfélagið Marorka A/S afskrifaðar. „Starfsfólki var fækkað og samið var við fráfarandi starfsmenn um starfslok. Rekstur félagsins var endurskipulagður, samið var við lánardrottna um eftirgjöf hluta krafna og greiðslufresti eftirstöðva. Samið var við leigusala um fyrirvaralausa uppsögn leigusamnings samhliða gerð nýs samnings um hagstæðari húsnæðiskost,“ segir í ársreikningi. **– hvj**

# Bætir við eignarhlut sinn í Capacent á Íslandi

Capacent í Svíþjóð hefur aukið hlut sinn í Capacent á Íslandi með kaupum á 4,1 prósents hlut í síðarnefnda félaginu. Eftir kaupin fer sænska félagið með 66,6 prósenta hlut í Capacent á Íslandi.

Þetta kemur fram á vef sænska félagsins, Capacent Holding AB, en það festi sem kunnugt er kaup á meirihluta hlutafjár í Capacent á Íslandi fyrir tæpum tveimur árum.

Kaupverðið á 4,1 prósents hlutnum er fimmföld EBITDA, afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir, og er greitt með reiðufé. Seljandi hlutarins er Capacent á Íslandi sem hafði keypt hann af fyrrverandi starfsmönnum ráðgjafarfyrirtækisins.

Haft var eftir Edvard Björkenheim, framkvæmdastjóra Capacent í Svíþjóð, í tilkynningu vegna kaupanna á meirihluta hlutafjár í Capacent á Íslandi í febrúar árið 2017 að ráðgjafarfyrirtækið ætti mörg sóknarfæri hér á landi.

Margvísleg samlegðaráhrif væru af kaupunum og hægt yrði að sameina krafta, mannauð og þekkingu til þess að takast á við stærri verkefni.

Capacent Holding AB hefur verið skráð á Nasdaq First North markaðinum í Stokkhólmi frá árinu 2015. Hjá félaginu starfa um 150 manns á fimm skrifstofum í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi. Sænska félagið var upphaflega stofnað árið 1983 sem hluti af alþjóðafyrirtækinu ABB. **– kij**



zendium
ÖRVAÐU GÓÐU BAKTERÍURNAR*
STYRKTU NÁTTÚRULEGAR VARNIR MUNNSINS
MEÐ NÁTTÚRULEGUM ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM
FÉLAG ÍSLENSKRA TANNFRÆÐINGA MÆLIR MEÐ ZENDIUM TANNKREMI
*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.



# Eaton Vance losar um hluti í íslenskum félögum




Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is


**Sjóðir í stýringu Eaton Vance Management hafa selt sig niður í að minnsta kosti tíu skráðum félögum á undanförnum mánuðum. Seðlabanki Íslands kom að hluta til móts við útflæðið með kaupum á krónum á gjaldeyrismarkaði. Fjárfesting sjóðanna í íslenskum hlutabréfum nam tæpum 22 milljörðum króna í lok október í fyrra.**

Fjárfestingarsjóðir á vegum bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, sem hófu fyrst að kaupa í íslenskum hlutabréfum síðla árs 2015, hafa á allra síðustu mánuðum minnkað markvisst við sig í skráðum félögum í Kauphöll Íslands.

Þetta má lesa út úr yfirliti yfir fjárfestingar sjóða Eaton Vance, sem var nýlega birt á vef bandaríska verðbréfaeftirlitsins, og listum yfir tuttugu stærstu hluthafa í skráðum innlendum félögum.

Sala sjóða Eaton Vance, sem hefur síðustu ár verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn á hérlendum hlutabréfamarkaði, á eignarhlutum sínum í íslenskum félögum er ein ástæða þess að Seðlabanki Íslands hefur ítrekað gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn á undanförnum tveimur vikum með kaupum á krónum til þess að mæta útflæði gjaldeyris úr landi af hálfu sjóðanna.

Sjóðir á vegum sjóðastýringarfyrirtækisins hafa á síðustu fimm mánuðum selt sig niður í að minnsta kosti tíu félögum í Kauphöllinni, samkvæmt samantekt Markaðarins, en sem dæmi seldu sjóðirnir allan hlut sinn, samanlagt um ríflega tveggja prósenta hlut, í Icelandair Group fyrir um 900 milljónir króna í september. Jafnframt hafa sjóðir Eaton Vance selt á sama tímabili að lágmarki eins prósents hlut í Högum, Festi, Regin, Reitum, TM og VÍS.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Ríkisútvarpið í síðustu viku að Seðlabankinn væri – með inngripum sínum á gjaldeyrismarkaði – meðal annars að bregðast við útflæði fjármagns af hálfu erlendra fjárfesta. Einhverjir þeirra væru að „losa stöður“ sínar. „Við höfum vissar upplýsingar um að þarna sé að hluta til tímabundinn þáttur á bak við þetta, meira hreint fjármagnsútstreymi og að hluta til á vegum útlendinga,“ nefndi Már.

**59**
**milljarðar króna var heildarfjárfesting sjóða Eaton Vance á Íslandi í lok október.**

**22**
**milljarðar króna var fjárfesting sjóða Eaton Vance í íslenskum hlutabréfum í lok október.**

### 60 milljarða fjárfesting

Fjárfestingar sjóða Eaton Vance í íslenskum hlutabréfum, sem sjóðsstjórinn Patrick Campbell hefur haft yfirumsjón með, námu samanlagt liðlega 182 milljónum dala, jafnvirði 22,2 milljarða króna miðað við þáverandi gengi, í lok síðasta októbermánaðar, að því er fram kemur í gögnum sjóðanna, en á þeim tíma áttu fimm sjóðir í stýringu bandaríska fyrirtækisins hlutabréf í þrettán skráðum félögum í Kauphöllinni.

Til samanburðar nam hlutabréfaeign sjóðanna alls 232 milljónum dala, sem jafngilti þá um 25 milljörðum króna, í lok júlí. Þess ber að geta að gengi krónunnar veiktist um 15 prósent gagnvart Bandaríkjadal og úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um meira en1,5 prósent frá því í lok júlí til loka október. Hlutur sjóðanna í Arion banka nær tvöfaldaðist á tímabilinu – fór úr 1,8 prósentum í 3,3 prósent – en að öðru leyti minnkaði sjóðurinn hlut sinn í flestum félögum.

Nettó sala sjóðanna var um fimm milljarðar króna á tímabilinu, að undanskildum kaupum þeirra í Arion banka, sé leiðrétt fyrir gengisáhrifum. Síðan þá, frá því í lok október, hafa sjóðirnir ekki bætt við sig í Arion og haldið áfram að minnka við sig í öðrum félögum.

Það eru einkum tveir sjóðir Eaton Vance – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – sem hafa látið hvað mest til sín taka eftir að sjóðastýringarfyrirtækið hóf innreið sína á hérlendan hlutabréfamarkað fyrir rúmum þremur árum en sjóðirnir hafa báðir verið áberandi á listum yfir stærstu hluthafa skráðra félaga.

### Selt sig niður í flestum félögum

Samantekt Markaðarins leiðir í ljós að umræddir tveir sjóðir hafa frá því í lok júlí síðastliðins selt sig niður í að minnsta kosti tíu skráðum félögum. Sem dæmi hafa sjóðirnir selt ríflega eins prósents hlut í Högum og fara nú með samanlagt 4,8 prósenta hlut í verslunarfyrirtækinu. Sömu sögu er að segja af eignarhaldi þeirra í Festi þar sem þeir fara nú með um samanlagt 3,3 prósenta hlut borið saman við 4,5 prósenta hlut í september.

Þá seldu sjóðirnir um 1,5 prósenta hlut í TM á síðari hluta árs 2018 og eiga nú samanlagt þriggja prósenta hlut í tryggingafélaginu. Annar sjóðurinn, Global Macro Absolute Return Advantage, seldi sem kunnugt er um 2,2 prósenta hlut í VÍS síðla sumars og fór í lok október með 0,9 prósenta hlut í félaginu, samkvæmt yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins. Sjóðirnir tveir minnkuðu lítillega við sig í Sjóvá á síðustu mánuðum síðasta árs og áttu samanlagt um 6,5 prósenta hlut í tryggingafélaginu í lok ársins.

Jafnframt minnkaði samanlagður hlutur sjóðanna tveggja í Símanum örlítið á síðustu mánuðum ársins 2018 og var 9,2 prósent í árslok.

Sjóðirnir tveir – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – minnkuðu við sig í fasteignafélögunum Regin og Reitum á síðustu tveimur mánuðum síðasta árs eftir að hafa bætt nokkuð við sig á fyrri hluta ársins. Sjóðirnir seldu samanlagt tæplega 1,2 prósenta hlut í síðarnefnda félaginu og þá seldi annar sjóðurinn, Global Macro Absolute Return Advantage, um 0,7 prósenta hlut í fyrrnefnda fasteignafélaginu. Hinn sjóðurinn, Global Macro Portfolio, er ekki lengur á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa Regins en hann var í lok október fimmtándi stærsti hluthafi félagsins með 1,6 prósenta hlut.

Nýjustu upplýsingar um eignarhald fjárfestingarsjóða Eaton Vance í Eik fasteignafélagi og Eimskipafélagi Íslands eru frá því í lok októbermánaðar en þá áttu áðurnefndir tveir

## Seðlabankinn vilji að fjármagn fari úr landi „án mikilla átaka“

Nærtækasta skýringin á tíðum inngripum Seðlabanka Íslands á gjaldeyrismarkaði undanfarnar vikur er sú að bankinn hafi nokkuð skýrar upplýsingar um afmarkað fjármagnsflæði – flæði sem er tiltölulega vel skilgreint í fjárhæðum og tímasetningu – sem hann vilji að fari án mikilla átaka af markaðinum.

Þetta segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka. „Ef bankinn ætlaði sér að standa gegn undirliggjandi þrýstingi á krónuna, það er einhverju flæði sem væri eðlilegt út frá grunnstærðum hagkerfisins, þá væri það til lítils og í raun ekki nema skammgóður vermir,“ nefnir hann.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, segir Seðlabankann ekki hafa útskýrt nægilega vel breytta stefnu sína þegar komi að inngripum á gjaldeyrismarkaði. Margir klóri sér í höfðinu yfir síðustu inngripum bankans.

„Bankinn vill væntanlega ekki vera fyrirsjáanlegur en það felst einnig í því ókostur að vera ófyrirsjáanlegur. Það getur haft það í för með sér að inngripin verða ómarkviss,“ nefnir Daníel.



**Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka.**

Eins og fjallað er um hér til hliðar hefur Seðlabankinn undanfarið gripið ítrekað inn í gjaldeyrismarkaðinn með kaupum á krónum, meðal annars til þess að koma til móts við útflæði gjaldeyris af hálfu erlendra fjárfestingarsjóða.

Jón Bjarki segir inngripin fela í sér talsverða stefnubreytingu frá því í haust. Gengishreyfing innan dags hafi verið mun hóflegri þegar bankinn hafi beitt inngripum nú en þá.

„Seðlabankinn lýsti því vissulega yfir í lok síðasta árs að hann væri að breyta inngripastefnunni. Annars vegar sagðist bankinn ætla að bregðast við ef útflæði aflandskróna hefði áhrif á markaðinn. Það flæði er ekki farið af stað enda hefur frumvarpið ekki verið samþykkt. Hins vegar sagðist bankinn telja að núverandi gengi væri, ef eitthvað væri, undir tímabundnu jafnvægisgengi. Þessi áherslubreyting virðist hafa raungerst nú í annarri hegðun bankans á markaði,“ segir Jón Bjarki.

# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR 2019




**Stöðugt er verið að leita leiða til að gera byggingariðnaðinn umhverfisvænni í framtíðinni en hann ber ábyrgð á næstum helmingi koltvísýringslosunar af mannavöldum.** →4






„Leir og leirtengd efni eru svo lífræn,“ segir Sigrún Jóna Norðdahl keramíkhönnuður. MYND/ATLI THOR ALFREDSSON

# Litlu upplifanirnar gefi lífinu mesta gildið

Frá því Sigrún Jóna Norðdahl keramíkhönnuður kom heim úr námi frá Englandi hefur hún rekið vinnustofu þar sem hún hannar og framleiðir eigin hönnun úr leir. Hún segir leir og leirtengd efni vera lífræn og beygja sig ekki alltaf að vilja manns sem geri vinnu hennar fyrir vikið svo skemmtilega. →2

Framhald af forsíðu ➜



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Ferill Sigrúnar Jónu Norðdahl keramíkhönnuðar byrjaði frekar seint miðað við flesta kollega hennar í stéttinni. Áður en hún sneri sér að keramík hafði hún stundað nám í frönskum fræðum í Háskóla Íslands en öll þessi reynsla hefur að hennar sögn leitt hana á skemmtilegar slóðir erlendis, bæði á Englandi og í Frakklandi, þar sem hún segist hafa verið svo lánsöm að vera við nám og störf. „Alveg frá því að ég kom frá Englandi hef ég verið með mína eigin vinnustofu þar sem ég hanna og framleiði mína eigin hönnun. Þetta er mjög skemmtilegt en einnig mjög krefjandi vettvangur. Leir og leirtengd efni eru svo lífræn og beygja sig ekki alltaf að vilja manns en það er líka það sem leiðir mann áfram í vinnunni og gerir hana svona skemmtilega.“

## Örva skynjun og upplifun

Hún sækir innblástur í daglegt líf og umhverfi sitt en auk þess hafi hún gaman af því að horfa til sambands fólks við hluti. „Ég framleiði helst nytjahluti sem hafa það markmið að vekja forvitni og örva skynjun og upplifun okkar við daglegar athafnir. Ég hugsa mikið um það samband sem við eigum við hluti í kringum okkur og hvort hlutir geti ekki bæði verið fallega hannaðir en á sama tíma haft eitthvert hlutverk í að tengja okkur betur við umhverfið. Einnig trúi ég því að litlu upplifanirnar gefi lífinu mesta gildið en í þeim hraða sem við upplifum í lífinu í dag fara þeir oft framhjá okkur. Hlutirnir sem ég geri hafa þessi áhrif, þeir eru fagurfræðilega spennandi en hafa einnig þennan auka eiginleika sem eykur gildi þeirra.“

## Skemmtilegt verkefni

Sigrún Jóna útskrifaðist frá University of Cumbria á Englandi árið 2014 en hafði áður lokið mótun í Myndlistaskólanum í Reykjavík og hönnunarbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Undanfarin ár hefur hún tekið þátt í mörgum sýningum á Englandi og hér á landi, til dæmis New Designers í London, Hönnunarmars og samsýningunni Hið eilífa smáblóm í Kaolin gallerí í Reykjavík á síðasta ári. „Síðasta sumar fékk ég einnig það spennandi verkefni að hanna borðbúnað á SOE Kitchen 101 í Marshallhúsinu. Það er jú algjör draumur að sjá eitthvað sem maður hefur skapað komið í notkun á stað eins og þessum.“

Sigrún Jóna rekur Kaolín Keramik á Skólavörðustíg í Reykjavík ásamt sjö öðrum keramíkerum en þar eru allar vörur hennar til sölu. „Í verslun okkar erum við með milliliðalausa verslun svo viðskiptavinir eru að kaupa beint af listamanninum. Þetta er líka gefandi og lifandi samstarf sem gaman er að vera þátttakandi í.“

Einnig má fylgjast með Sigrúnu Jónu á Facebook (sigrunnorddahl) og Instragram (sigrunnord).



„Þetta er mjög skemmtilegt en einnig mjög krefjandi vettvangur,“ segir Sigrún Jóna Norðdahl keramíkhönnuður. MYND/ANTON BRINK

> Ég framleiði helst nytjahluti sem hafa það markmið að vekja forvitni og örva skynjun og upplifun okkar við daglegar athafnir.







Til vinstri má sjá kertastjaka úr Berg-línunni. Til hægri eru könnur úr Handle it línunni.



Verk frá sýningunni Hið eilífa smáblóm, sem var samsýning Kaolin á Hönnunarmars árið 2018.

NÝ SENDING AF VOR VÖRUM



ÚTSALAN
ER HAFIN

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# EINSTÖK STÓRÚTSALA Á GÆÐAMERKJAVÖRU

**GERRY WEBER - TAIFUN - BETTY BARCLAY - JUNGE - FUCHS SCHMITT OG FL .FL.**



## MEIRI VERÐLÆKKUN - 40% - 50% - 60%




**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Umhverfisvænni húsakostur

Stöðugt er verið að leita leiða til að gera byggingariðnaðinn umhverfisvænni en hann ber ábyrgð á næstum helmingi koltvísýringslosunar af mannavöldum. Hér eru nokkrar hugmyndir.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Byggingariðnaðurinn ber ábyrgð á allt að fjörutíu prósentum af koltvísýringslosun af mannavöldum. Það er því til mikils að vinna að finna umhverfisvænar leiðir til að byggja og búa í húsum og bæði stjórnvöld og einstaklingar víða um heim eru farin að leita leiða til að vera umhverfisvænni bæði í byggingum og búsetu.

Fjölmargar tækninýjungar í þessa veru hafa litið dagsins ljós og valkostirnir til umhverfisvænni búsetuhátta eru fjölmargir. Hægt er að safna náttúrulegri orku með sólarrafhlöðum á útveggjum og þökum eða vindmyllum, safna regnvatni til að nota í þvotta og böð, nota eingöngu náttúruleg efni til byggingar, endurvinna ýmis efni til húsbyggingar, huga vel að einangrun til að ekki þurfi óumhverfisvænni orku til húshitunar og þannig mætti lengi telja.

**Það er til mikils að vinna að finna umhverfisvænar leiðir til að byggja og búa í húsum en byggingariðnaðurinn ber ábyrgð á stórum hluta loftslagsmengunar af mannavöldum.**

## Skógarhús

Á húsinu stóð skógur einn. Í Mílanó á Ítalíu er unnið að því að breyta tveimur stórum íbúðablokkum í lóðrétta skóga. Stefnt er að því að allt að þúsund tré og plöntur sem eiga það sameiginlegt að þrífast vel í töluverðri lofthæð verði hluti af húsinu en samsvarandi fjöldi myndi ná yfir töluvert landsvæði. Vonast er til þess að þessar skógarblokkir muni bæði hreinsa loftið af ryki og mengun og framleiða súrefni og þannig bæta loftgæðin í Mílanó sem er ein mengaðasta borg Ítalíu. Háhýsin munu einnig skýla öðrum byggingum frá hávaða og hita.

## Flöskuhús

Hús sem eru byggð meðfram úr efnum eins og gler- eða plastflöskum, dekkjum, fernum og svo framvegis hafa marga kosti umfram þau sem eru gegnheil úr steypu. Í fyrsta lagi eru það hin augljósu umhverfisáhrif þar sem þarna er verið að nýta efni sem þegar hafa verið framleidd í stað þess að framleiða ný. Glerflöskur enda til dæmis vel flestar í landfyllingu og fátt er nýtilegt úr gömlum gúmmídekkjum. Með því að fylla gler- eða plastflöskur af sandi og raða þeim upp í útveggi verður til öflug einangrun.



Gler- og plastflöskur hafa lengi verið nýttar sem byggingarefni af fátæku fólki sem hefur ekki aðra kosti en nú eru fleiri að opna augun fyrir hagkvæmni og fagurfræði slíkra bygginga. Hér getur að líta barinn á ferðamannastaðnum Cap-Egmont á Prince Edwards Island í Kanada sem var byggður snemma á níunda áratugnum en þar eru flöskur nýttar vel.






Þetta háhýsi í Mílanó er bæði fyrir fólk og skóga.

## Heyhús

Náttúrulegt byggingarefni ryður sér æ meira til rúms. Þannig eru múrsteinar, timbur og leir að verða æ vinsælla byggingarefni og hálmur og trjákurl er nýtt til einangrunar. Þessi náttúrulegu efni eru bæði meira einangrandi en flest gerviefni og brotna líka niður í náttúrunni.

## Hlutlaus hús

Hlutlaus hús eða „passivhaus“ er hugtak notað yfir hús þar sem orkusóun er í algjöru lágmarki. Hús þurfa að uppfylla ákveðna staðla til að geta talist „passivhaus“, þurfa að vera mjög vel einangruð, flestir gluggar eiga að snúa í átt að miðbaug (það er í suður norðan við miðbaug og norður sunnan hans), sólarrafhlöður, gróin þök og öll tækni innanhúss er miðuð við að vera eins orkusparandi og hægt er. Þá er orka nýtt eins og hægt er, til dæmis er hiti frá íbúum nýttur til að hita upp rýmið en fólk gefur frá sér 100 vött af hita daglega. Útveggir eru þykkir og gluggar frekar litlir og fáir opnanlegir. Loftgæði eru tryggð með grænum plöntum og gosbrunnum innandyra. Unnið hefur verið að hugmyndafræði „passivhaus“ síðan 1996 og nú eru meira en 25.000 slík hús í notkun í Evrópu, bæði sem heimili, skólar og félagsaðstaða svo dæmi séu tekin.

# Skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR 2019

Kynningar: Hirzlan, Motif, Sensa, Múlalundur



Halldór Ingi Stefánsson er sölustjóri Hirzlunnar sem einbeitir sér að fallegum og traustum húsgögnum og heildarlausnum fyrir skrifstofur fyrirtækja og opinberra stofnana. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Frábærar lausnir fyrir hamingjusamt skrifstofufólk

Húsgagnaverslunin Hirzlan er framsækið fyrirtæki í heildarlausnum fyrir skrifstofuna. Hirzlan er nú aðili að rammasamningi Ríkiskaupa og má selja húsgögn til opinberra stofnana. →2




Í Hirzlunni fást frábærar lausnir til að hlúa vel að starfsfólkinu, enda segir Halldór Ingi, sölustjóri Hirzlunnar, að lykilatriðið sé að notendur húsgagnanna séu ánægðir. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Við leggjum áherslu og metnað í heildarlausnir fyrir skrifstofuna, hvort sem viðskiptin eru stór eða smá," segir Halldór Ingi Stefánsson, sölustjóri hjá Hirzlunni.

„Sumir vilja breyta og bæta smám saman, á meðan aðrir skipta út öllu til að endurnýja eða eru að opna nýja skrifstofu. Í öllum tilvikum veitum við persónulega ráðgjöf fyrir hvern og einn og bjóðum sanngjörn verð," upplýsir Halldór Ingi í Hirzlunni sem undanfarin ár hefur einbeitt sér að húsgögnum og snjöllum lausnum fyrir skrifstofuna.

„Lykilatriðið er að notendur séu ánægðir því það er jú starfsfólkið sem notar húsgögnin. Það má svo alltaf bæta við húsgögnum eftir þörfum og bjóðum við ávallt sömu grunnhúsgögnin þannig að einfalt er að bæta við í sömu línu þótt árin líði," útskýrir Halldór Ingi.

„Aðalsmerki Hirzlunnar eru gæðahúsgögn þar sem fallegt útlit og vandaður frágangur fara saman."

### Góðir skrifborðsstólar



Hirzlan er með gríðarlegt úrval af skrifborðsstólum.

„Hjá okkur ættu allir að geta fundið sér stól við hæfi, en einnig er hægt að sérpanta stóla í litum og áklæðum sem viðskiptavinurinn óskar sér," upplýsir Halldór Ingi.

Í Hirzlunni hafa 360°Dondola-stólarnir heldur betur slegið í gegn. „Það eru stólar sem hreyfast með þeim sem sitja þá og eru sérhannaðir fyrir heilsuna. Tæknin er margrómuð og bæði sjúkraþjálfarar og kírópraktorar mæla með 360°Dondola," segir Halldór Ingi.

### Hirzlur og skápar

Í Hirzlunni fæst glæsilegt úrval af hillum, skápum og skúffum fyrir vinnustaðinn.

„Við kappkostum að eiga á lager breitt úrval af skápum sem henta inn á skrifstofur. Með nýjum persónuverndarlögum er nú gerð aukin krafa um að hirzlur séu læstar og má segja að 95 prósent skápanna sem við seljum séu með lás," segir Halldór Ingi.

### Rafmagnsskrifborð

Rafmagnsborð eru ein helsta söluvara Hirzlunnar.

„Hvort sem þú vilt lítið eða stórt skrifborð, beint eða í horn, breitt eða mjótt, ódýrt eða dýrt, gott eða betra; þá eigum við lausnina," upplýsir Halldór Ingi. „Öll okkar rafmagnsborð fást nú með minnisstýringu sem staðalbúnað og við trúum því að það eitt stuðli að enn frekari notkun."

### Aukahlutir

Hirzlan hefur allt til að fullkomna vinnuaðstöðuna.

„Í því samhengi er gott að muna eftir skjáörmum, gelmottum, pennaskúffum og leiðslubökkum, en alla þessa hluti selur Hirzlan ásamt fjölda annarra aukahluta," segir Halldór Ingi.

### Rammasamningur Ríkiskaupa

Á nýliðnu ári komst Hirzlan í svokallaðan rammasamning hjá Ríkiskaupum.

„Það var langt og strangt ferli sem tók á gæðum, verðum og almennri stöðu fyrirtækja,"




Nútímaleg og falleg skrifstofa skapar notalegt andrúmsloft á vinnustaðnum og er úr miklu úrvali lita og áklæða að velja.

## » Hirzlan heimsækir fyrirtæki og veitir ráðgjöf og hugmyndir fyrir skrifstofuna.

útskýrir Halldór Ingi í Hirzlunni sem stóðst allar kröfur Ríkiskaupa og er nú eitt fárra fyrirtækja sem fá að bjóða húsgögn til opinberra stofnana og sveitarfélaga.

### Framúrskarandi þjónusta

Hirzlan kappkostar að veita framúrskarandi þjónustu og býður upp á heimsóknir í fyrirtæki til að koma með góðar hugmyndir fyrir skrifstofuna.



„Samsetningarteymi Hirzlunnar er líka ávallt til taks ef þurfa þykir," upplýsir Halldór Ingi í Hirzlunni þar sem keyrt er á miklum lager og ávallt veitt snögg og góð þjónusta.

„Við treystum á að viðskiptavinir okkar fari sáttir og snúi aftur eftir farsæl viðskipti."



Í Hirzlunni fæst allt til skrifstofunnar.



Breitt úrval skápa fæst í Hirzlunni.

Hirzlan er í Síðumúla 37. Opið mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 9 til 18, föstudaga frá klukkan 9 til 17 og laugardaga frá klukkan 12 til 16. Sjá nánar á hirzlan.is

Gott er að hringja í síma 564 5040 eða senda tölvupóst á hirzlan@hirzlan.is til að leita ráðgjafar. Starfsmenn Hirzlunnar heimsækja þá fyrirtækið og veita ráðgjöf um mótun og uppsetningu skrifstofunnar.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna



**Flex skrifstofuhúsgögn**
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripi sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.







**Dímon**
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

# Auglýsingar sem virka

## Merktar kynningarvörur eru nauðsynlegur þáttur í markaðssetningu fyrirtækja. Motif selur gæða auglýsinga- og gjafavörur til fyrirtækja. Helstu nýjungarnar eru merktar möppur og tyggjópakkar.

Hefðbundnar auglýsingaleiðir er margar hverjar orðnar fremur áhrifalitlar. Það er mikið áreiti á fólk í gegnum net, sjónvarp, útvarp, dagblöð og tímarit og auglýsingarnar ná oft ekki til fólks. Fyrirtæki eiga því orðið í vandræðum með að ná til markhópa sinna með þessum gamla hætti. Þess vegna eru merktar kynningarvörur nauðsynlegur þáttur í markaðssetningu fyrirtækja. Vörurnar festa nafn viðkomandi fyrirtækis í hugum þeirra sem nota þær og auka velvild til þess. Það skilar sér svo aftur í auknum viðskiptum,“ segir Guðrún Anna Magnúsdóttir, grafískur hönnuður og eigandi auglýsingavörufyrirtækisins Motif.

Motif býður upp á víðtækt úrval af auglýsinga- og gjafavörum. Afgreiðslutíminn er frekar stuttur og vörurnar vandaðar. „Við leggjum mikla áherslu á að vörurnar standist gæðakröfur,“ áréttar Guðrún og bendir á að betra sé að panta meira en minna í einu, enda verðið á hverja einingu hagstæðara þannig.

Fjölbreytnin er í fyrirrúmi hjá Motif. Þannig má til dæmis fá margs konar vörur á skrifstofuna, eins og merktar minnisblokkir, penna, dagbækur, USB-lykla og ráðstefnumöppur. Einnig má fá merkta poka og upphengda kynningarbannera sem eru vinsælir fyrir ráðstefnur eða á kynningar.

Motif er alltaf að bæta við vörum og fylgist vel með því sem er vinsælast hverju sinni. „Um þessar mundir er til dæmis hálfgert korkæði og vinsælt að vera með minnisbækur, möppur og ýmislegt annað úr korkefni.“ Meðal annarra



Guðrún Anna er grafískur hönnuður og eigandi Motif. MYND/ANTON BRINK



Merktir tyggjópakkar eru sniðug auglýsing og vel þegin gjöf.



Glæsilegar möppur sem fljótlegt er að merkja með lógói.

vinsælla vara má nefna umhverfisvæna poka og fjölnota innkaupapoka, auk þess sem fjölnota hálsklútar og endurskinsmerki eru alltaf eftirsótt.

Ein af nýjungum Motif eru fallega hannaðar möppur sem fá má í hraðafgreiðslu. „Þá þarf einungis að prenta lógó fyrirtækis á möppurnar og þær eru tilbúnar til afgreiðslu. Þetta er fljótleg og ódýr lausn fyrir fyrirtæki sem til dæmis ætla að fara á ráðstefnur,“ segir Guðrún og nefnir aðra skemmtilega nýjung.

„Það hefur lengi verið klassískt að bjóða fólki súkkulaðistykki með lógói fyrirtækis en Motif býður nú aðra og heilsusamlegri lausn sem er tyggjópakki. Þetta er sniðug leið til að láta fólk muna eftir sér. Tyggjóið er sykurlaust og ferskt og mun betri kostur en dísætt og óhollt súkkulaði. Tyggjópakkinn endist líka mun lengur. Fólk stingur honum oft í vasann og ferðast með hann ótrúlegar leiðir, jafnvel til útlanda, og því er útbreiðsla auglýsingarinnar enn meiri fyrir vikið,“ lýsir Guðrún og telur að tyggjóið henti fyrirtækjum af öllum gerðum.

Motif er í samvinnu við auglýsingastofuna Grafika um gerð vinnuteikninga fyrir prentun. „Við leggjum mikinn metnað í að merkingar séu fallega upp settar og auðlæsilegar,“ segir Guðrún að lokum.

Allar nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Motif má nálgast á www.motif.is

# Tækifæri sem verður að nýta

## Kristján Daðason starfaði um þriggja mánaða skeið á skrifstofu Deloitte í London. Tíminn var lærdómsríkur og skemmtilegur þrátt fyrir langa og stranga vinnudaga.

Kristján Daðason, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, starfaði um þriggja mánaða skeið árið 2013 á skrifstofu Deloitte í London. Hann segir tímann hafa verið bæði skemmtilegan og lærdómsríkan og að um leið hafi verið afar þroskandi að starfa erlendis í allt öðru umhverfi en hann var vanur á Íslandi. „Það var óskað eftir einstaklingum innan Deloitte á Íslandi til að fara til London í endurskoðunarteymi hjá fjármálafyrirtækjum seint á árinu 2013. Ég hafði reynslu úr fjármálageiranum sem Deloitte í London vantaði. Svona tækifæri koma ekki á hverjum degi og það var aldrei spurning um annað en að stökkva á þetta.“

Hann segir vinnustaðamenninguna allt aðra í London en hann var vanur frá Íslandi. „Það fyrsta sem ég tók eftir var stéttaskiptingin en þar gilti sú regla að það mátti bara leita til næsta yfirmanns og alls ekki hoppa yfir tvö eða fleiri starfsþrep. Ég átti ekki mikið erindi við eigendur sem var annað en ég þekki hér heima en hér er hægt að leita til eigenda, framkvæmdastjóra, forstjórans og stjórnarformannsins og það er alltaf tekið vel á móti manni.“

Annað sem tíðkaðist í London var að senda aðstoðarmennina í svokallað „coffee run“. „Tvisvar á dag fóru aðstoðarmenn og sóttu kaffi, kleinur og nammi fyrir mann. Ég yrði fljótt tekinn á teppið hjá Sigurði Páli forstjóra hér heima ef mér dytti í hug að senda aðstoðarmenn hérna í bakaríið tvisvar á dag.“

### Baráttan um borðin

Á þessum tíma var Kristján með eigið skrifborð í Kópavogi en í London átti enginn sérstakt sæti. „Þar gilti fyrstur kemur, fyrstur fær fyrirkomulag. Það var skrítið að mæta á morgnana og byrja á því að leita sér að sæti. Ef ég mætti eftir klukkan 9 gat ég lent í því að finna ekki laust sæti og enda með því að vinna á kaffistofunni. Sem betur fer fór mest af vinnunni fram hjá viðskiptavinum þar sem maður hafði fasta starfsstöð.“

Vinnudagarnir voru langir en Kristján segir innfædda vinna sjaldan um helgar. „Það var mikið unnið á virkum dögum, oftast frá klukkan 9 til 23, nema á föstudögum, þá var hætt klukkan 17 og átti þá Bretinn það til að fara á pöbbinn. Eina reglan sem gilti á pöbbnum var að það mátti aldrei taka vinnutölvuna með. Ef starfsmaður sást með fartölvu þar var viðkomandi rekinn á staðnum. Þar kynntist ég skemmtilegu fólki sem var í sama skiptiprógrammi og ég, til dæmis frá Suður-Afríku, Rússlandi og Indlandi. Því miður var maður ekki nógu duglegur að rækja tengslin og því hef ég misst



Kristján Daðason, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, starfaði í London um þriggja mánaða skeið. MYND/ERNIR

sambandið við þau. Ég verð að passa slíkt betur í framtíðinni.“

### Frábær borg

Þrátt fyrir mikla vinnu þessa þrjá mánuði reyndi Kristján að kynnast og njóta stórborgarinnar. „London er frábær borg og þær helgar sem ekki var unnið reyndi ég að nýta vel. Ég hafði til dæmis mjög gaman af því að fara í leikhús, á veitingastaði og skoða borgina. Einnig var mjög vinsælt að heimsækja mig á þessum tíma af vinum og fjölskyldu. Fjölmargir vinir mínir mættu þegar UFC-bardagakvöld var í London og Gunnar Nelson hengdi þar eftirminnilega rússneskan bardagakappa. Ég féll algerlega fyrir þessari borg og hef farið oft til London síðan þá og á þá til að heimsækja Butcher's Hook & Cleaver sem var gamli hverfispöbbinn minn á meðan ég bjó þarna.“




Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskiptalausnum hjá Sensa, og Davíð Elvar Marínósson sölustjóri á fjarfundi. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Sjáumst á skrifstofunni

**Miklar breytingar hafa átt sér stað á stuttum tíma þegar kemur að því að sinna dagvinnuskyldu, einkum þegar kemur að fjarvinnumöguleikum og fjarfundabúnaði. Sigurgeir Þorbjarnarson og Davíð Elvar Marinósson starfa hjá Sensa sem hefur meðal annars sérhæft sig í fjarfundalausnum.**

Skrifstofan er ekki lengur staðbundið fyrirbæri. Skrifstofa nútímans er í raun hvar sem er og ekki bundin við einn stað eða rými heldur getur hún verið í sumarbústaðnum, í stofunni heima eða á sundlaugarbakka í sumarfríinu ef því er að skipta,“ segir Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskiptalausnum hjá Sensa. „Í alþjóðaumhverfi geta samstarfsaðilar verið frá mörgum löndum og ríður þá á að búa yfir góðum fjarfundabúnaði. Raunar skiptir það einnig oft sköpum fyrir fyrirtæki sem eingöngu hafa samskipti innanlands, því að með fjarfundum er hægt að hraða ákvarðanatöku, stytta verkferla og auka samvinnu. Fjarfundir verða því sú lausn sem æ fleiri leita í þar sem það er ekki lengur hægt að klappa saman lófunum og safna öllum saman á einn stað til fundahalda. Undir slíkum kringumstæðum er mikilvægt að öll aðstaða til fjarfunda sé til fyrirmyndar. Hvað varðar fundarherbergið sjálft en þó aðallega tækjabúnað, bæði hvað varðar einfaldleika, mynd og hljóð.“

Það að koma á fjarfundi hefur oft og tíðum reynst flókið, erfitt að koma tækjabúnaði í gang og tengingin getur oftar en ekki verið bágborin. „Þá hefur það verið viðvarandi vandamál að fyrirtæki eru búin fundakerfum frá mismunandi framleiðendum sem getur aukið flækjustigið því kerfin tengjast ekki alltaf svo auðveldlega,“ segir Davíð Elvar Marinósson, sölustjóri hjá Sensa. Sensa hefur fundið lausn á fjölmörgum vandamálum sem tengjast fjarfundum með myndfundaþjónustunni Sjáumst sem segja má að brúi bilið og tengi saman allar þessar mismunandi tæknilausnir, frá mismunandi framleiðendum.

## Einfaldleiki í fyrirrúmi

Hann bendir enn fremur á að upplifun fundargesta komi ekki vel út þegar fyrirtæki haldi fundi í gegnum USB-myndavél og notist við hljóðnema úr tölvu. „Sérfræðingar Sensa leggja mikið upp úr þarfagreiningu, að finna réttan búnað í fundarherbergin og lausnir út frá þörfum viðskiptavina. Við höfum verið að setja upp fundarherbergi útbúin fullkomnum myndavélum og hljóðnemum þannig að gæðin verði sem mest,“ segir Davíð og bætir við að með Sjáumst verði allt sem tengist fjarfundum einfaldara í notkun og um leið fagmannlegra. „Með Sjáumst er þjónustan sniðin að hverju og einu fyrirtæki, til dæmis birtast einkennismerki þeirra hverjum þeim sem tengist fundarkerfinu, auk þess sem búnaðurinn er svo einfaldur í notkun að aðeins þarf að smella á einn hnapp til að fundur geti farið fram. Þetta skiptir miklu máli þar sem áður fyrr var fjarfundabúnaður oft flókinn og þurfti tæknimann til að koma fundunum af stað en þess þarf ekki lengur.“

> **„Við höfum verið að setja upp fundarherbergi útbúin fullkomnum myndavélum og hljóðnemum þannig að gæðin verði sem mest.**
>
> Davíð Elvar Marinósson

> **„Með fjarfundum er hægt að hraða ákvarðanatöku, stytta verkferla og auka samvinnu.**
>
> Sigurgeir Þorbjarnarson

Meðal þess sem Sensa býður upp á er búnaður frá Cisco sem hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu ár eftir ár fyrir gæði og hönnun. „Eitt af fjölmörgu sem gerir þennan búnað einstakan er að þegar á fundi stendur þá eltir myndavélin þann sem er að tala, líkt og þú myndir fylgja eftir þeim sem talar með augunum á fundi í rauninni,“ segir Sigurgeir. „Þannig að þetta er ekki eins og USB-myndavél sem sýnir bara herbergið án þess að hreyfast heldur fylgir vélin þeim sem hefur orðið og gefur þannig betri tilfinningu fyrir því að vera staddur eða stödd á fundinum í eigin persónu.“

Mikilvægt er að fundarherbergið sé rétt útbúið hvað varðar lýsingu, hljóð og mynd. Það þarf að staðsetja myndavélina rétt og hljóðnemana líka svo hljóðið verði gott í fundarherbergjum fyrirtækja. Takmarkið er að upplifa fundinn eins og allir séu sama herbergi. Sigurgeir heldur áfram: „Í teymisvinnu er mikilvægt að fólk nái vel saman, það getur stundum verið erfitt þegar fólk er ekki á sama staðnum og hefur jafnvel aldrei hist. Með Sjáumst er þetta allt mun persónulegra og þægilegra og upplifunin af fundinum verður betri.“

## Auðvelt að tengjast

Davíð bendir líka á mikilvægi þess að hver sem er geti tengst fjarfundinum, hvaðan sem er og óháð því hvaða búnað viðkomandi notar sjálfur. „Áður fyrr þurftu allir að hafa sama búnað til að geta haldið fjarfund en viðskiptavinir okkar glíma ekki við það vandamál. Hægt er að tengjast Sjáumst þjónustunni með nánast öllum kerfum, til dæmis Cisco Jabber, Skype for Business og Teams frá Microsoft, vafra í tölvu, með snjallsíma eða með því að hringja inn með síma. Og að sjálfsögðu í gegnum allan myndfundabúnað fundarherbergja óháð framleiðanda.“

Enn fremur gerir Sjáumst fyrirtækjum kleift að streyma fjarfundum í gegnum YouTube, Facebook Live, MS Azure og fleiri slíkar streymisþjónustur og taka fundina upp til að dreifa síðar. „Sjáumst er þjónusta sem við erum með hér í Sensa, hún er rekin af okkur, er á Íslandi þannig að rekstraröryggið er gott, boðleiðirnar eru einfaldar og auðvelt að komast í samband við okkur,“ segir Sigurgeir að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á sensa.is.





PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
RISA
ÚTSALA
40 TIL 70 % AFSLÁTTUR
AF LAGERVÖRU
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is




Bækur Bergrúnar Írisar fá að sjálfsögðu að njóta sín á skrifstofunni.



Hér má sjá þrjár portrettmyndir sem Bergrún málaði í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Myndina af Herra Kartöfluhaus úr Toy Story málaði hún með syni sínum.



Skipulagstafla Bergrúnar og blekteikning frá því hún var í mótelteikningu í Myndlistaskólanum.

# Rýmið endurspeglar sjálfið

## Gott kaffi og dagsbirta eru ómissandi á skrifstofunni að mati Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur rithöfundar. Hún segist sjálf vera innréttuð á svipaðan hátt og skrifstofa hennar í Íshúsi Hafnarfjarðar.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@frettabladid.is



Það liggur vel á Bergrúnu þegar slegið er á þráðinn enda nýbúin að frétta að hún hafi fengið úthlutað sex mánaða listamannalaunum. Bergrún hefur myndskreytt í kringum 45 bækur en hefur stimplað sig inn sem barnabókahöfundur undanfarin ár. Fyrsta bók hennar sem rithöfundur var barnabókin Vinur minn, vindurinn sem kom út haustið 2014 en fyrir síðustu jól var hún með tvær skemmtilegar bækur. Annars vegar Næturdýrin, myndabók fyrir yngstu krílin, sem Bergrún skrifaði og teiknaði en Ragnhildur Gröndal samdi tónlist við. Hin bókin heitir Langelstur í Leynifélaginu og er framhald af Langelstur í bekknum.

„Ég hef aldrei þroskast upp úr barnabókum og vona að ég geri það aldrei. Mér finnst barnabækurnar bara miklu skemmtilegri, þar er komist hraðar að kjarnanum og talað tæpitungulaust. Svo er svo margt hægt að segja með myndum,“ segir Bergrún sem vinnur þessa dagana drög að þriðju bókinni í „Langelstur“-seríunni um þau Eyju og Rögnvald. „Ég er líka að sinna alls konar myndskreytiverkefnum, er til dæmis að búa til litabók fyrir UNICEF.“

Góð vinnuaðstaða er mikilvæg en lengi vel var Bergrún með litla vinnustofu heima hjá sér. „Ég var komin með nóg af því að geta ekki tekið kaffi með vinnufélögunum og missa af öllu því sem fylgir því að vinna með öðru fólki. Skemmtilegheitum eins og leynivinaleikjum og litlu jólum. Ég var búin að horfa til Íshússins í Hafnarfirði í dálítinn tíma. Síðan fór ég til Prag í rithöfundadvöl í tvo mánuði og prófaði þá að vera í ró og næði og ekki með vinnustofuna ofan í heimilinu. Þegar ég kom til baka gat ég ekki hugsað mér að vinna heima,“ segir Bergrún sem flutti skrifstofuna sína inn í Íshúsið í janúar 2017.



Bergrún Íris á skrifstofunni sinni í Íshúsinu sem hún segir að sé innréttuð svolítið eins og hún sjálf. MYND/SIGTRYGGUR ARI

„Í Íshúsinu er geggjaður hópur af æðislegu, fjölbreyttu listafólki sem er að vinna í hinu og þessu. Maður getur alltaf staðið upp, rölt og skoðað hvað hinir eru að gera, komið við keramikið, andað að sér saglykt á smíðaverkstæðinu. Allt þetta getur kveikt á sköpuninni hjá manni.“

Hátt er til lofts í Íshúsinu en rýmunum er skipt upp í bása. Bergrún er með mjög gott pláss í einum básnum en deilir rými með saumakonum. Hún hefur innréttað básinn eftir sínum smekk. „Ég er mjög hrifin af hlutum með sál, og allt sem ég fæ ekki að hafa heima hjá mér fer á skrifstofuna,“ segir Bergrún hlæjandi. „Skrifstofan mín er því endurspeglun á því hvernig ég sjálf er innréttuð.“

Þó Bergrún sé hrifin af gömlum fallegum munum er skrifborðsstóllinn nýr af nálinni. „Ég var búin að vinna of lengi á stól sem mér fannst fallegur frekar en þægilegur og það fór beint í bakið á mér. Ég fjárfesti því í góðum skrifborðsstól og reyni að hugsa um líkamsstöðuna meðan ég vinn. En ég á það til að sökkva mér ofan í verkefnin og gleyma mér. Ég reyni líka að standa upp reglulega og labba hring í kringum húsið.“

> **Ég er mjög hrifin af hlutum með sál og allt sem ég fæ ekki að hafa heima hjá mér fer á skrifstofuna.**

Bergrún segist vera átta til fjögur týpa. „Ég skutla drengnum í leikskóla á morgnana, fer í vinnu og sæki hann aftur rúmlega fjögur. Svo reyni ég eins og ég get að taka ekki vinnuna með mér heim, þó að það takist ekki alltaf í mestu törnunum.“ Daginn reynir hún svo að brjóta upp með ýmsum fundum enda þarf hún oft að hitta fólk og fara yfir verkefni.

Til að geta einbeitt sér notar Bergrún góð heyrnartól sem útiloka öll utanaðkomandi hljóð. Það sem hún hlustar á fer síðan eftir því hvert verkefnið er. „Ef ég er að skrifa skáldsögu hlusta ég mikið á klassíska tónlist og kvikmyndatónlist en meðan ég er að teikna finnst mér gott að hlusta á hljóðbækur.“

*En hvað er algerlega ómissandi á vinnustaðnum?*

„Gott kaffi og góð dagsbirta beint inn um stóran glugga.“




# LEIGA Á SÍMKERFI - ÓTRÚLEGA EINFALT

## Heildarlausn fyrir þitt fyrirtæki

Þú lækkar símakostnað verulega með því að leigja símkerfi hjá okkur og láta okkur fara yfir síma- og fjarskiptamál fyrirtækisins - **Hentar öllum stærðum fyrirtækja.**

3CX

- Lægri símtalskostnaður
- Hægt að tengjast kerfi óháð staðsetningu
- Hægt að nota í farsíma
- Yfirsýn yfir símsvörun fyrirtækisins
- Öflugt skýrslukerfi
- Hjálparsvörun og þrepaval
- Hægt að taka upp öll símtöl
- Samtenging við Outlook, G-mail o.fl.
- Hóteleining

### UMSAGNIR ÁNÆGÐRA VIÐSKIPTAVINA

Í yfir 20 ár hefur Boðleið séð okkur fyrir símkerfisþjónustu með einstakri prýði. 3CX hefur opnað fyrir okkur möguleikann til að starfa og hafa númer í nær hvaða landi sem er. Starfsmenn geta verið í innanhús símasambandi hvar sem er í heiminum á nær hvaða mobile tæki sem er, sem hefur minnkað símkostnað innanlands og til útlanda til muna. Einnig höfum við geta boðið viðskiptavinum og samstarfsaðilum mun lægri kostnað á innhringingum. Kerfið hefur tekið miklum framförum frá því við tókum það í gagnið og virðast þeir skilja vel að til þess að komast á toppinn þarf að hlusta vel á viðskiptavini og endursöluaðila. Allar leiðbeiningar fyrir notkun og stýringu á kerfinu er frítt og hægt að nálgast á vefnum þeirra. Umsjón með kerfinu, dreifing á clientum, uppsetning og varakerfi er loksins á færi kerfisstjóra fyrirtækja en ekki í höndum fárra sérfræðinga og kostnaðurinn á kerfinu er ótrúlega lítill miða við virkni þess. Starfsmenn Boðleiðar hafa sýnt fram á gríðalega þekkingu á kerfinu og hafa alltaf verið til staðar þegar þörf hefur verið á. **3CX er tær snilld.**

Sveinn Kristinsson
Netstjóri / Network administrator
VALITOR

**Pantaðu fund
með ráðgjafa og sjáðu
hvað þitt fyrirtæki sparar
Sími: 535 5200**

Boðleið

BOÐLEIÐ ÞJÓNUSTA EHF. | AKRALIND 8 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 535 5200 | BODLEID@BODLEID.IS | WWW.BODLEID.IS

# Minni samskipti í opnu rými

Opin vinnurými auka ekki samskipti ólíkt því sem margir kunna að halda. Þau geta hentað ákveðinni starfsemi en í flestum tilfellum er mikilvægt að huga að hljóðvist og samskiptareglum.

**Vera Einarsdóttir**
vera@frettabladid.is



Opin vinnurými draga úr samskiptum fólks augliti til auglitis en auka aftur á móti tölvusamskipti af ýmsu tagi. Þetta er niðurstaða nýlegrar rannsóknar sem var gerð við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. Það kemur Guðríði Sigurðardóttur, ráðgjafa og einum eigenda mannauðs- og ráðgjafarfyrirtækisins Attentus, ekki sérstaklega á óvart. „Í opnu rými þarf fólk að setja sér ákveðnar samskiptareglur til að trufla ekki aðra og þá getur reynst betra að eiga tölvusamskipti.“

Guðríður segir opin vinnurými alls ekki henta öllum vinnustöðum. „Þau eru hins vegar ódýrari en hefðbundin skrifstofurými enda þarf yfirleitt færri fermetra undir þau auk þess sem þau bjóða upp á meiri sveigjanleika í starfsmannahaldi. Ekki þarf að slá upp veggjum ef starfsmönnum fjölgar né rífa þá niður ef þeim fækkar.“ Guðríður segir opin vinnurými upphaflega tilkomin vegna hagræðingar en vissulega geti þau sums staðar reynst vel. „Ef starfsemin krefst þess að þú þurfir að vita hvað næsti maður er að gera og fylgjast með öllu sem fram fer er opið rými til bóta en síður ef starfið krefst mikillar einbeitingar.“

Hún segir því fyrst og fremst mikilvægt að vinnuumhverfið styðji við þá starfsemi sem fer fram á hverjum stað fyrir sig og er jafnframt gott að starfsfólk fái að hafa eitthvað um það að segja. „Það á við í þessu eins og öllu öðru að það er mikilvægt að fólk hafi eitthvert sjálfræði og höfum við meðal annars boðið upp á ráðgjöf þegar verið er að breyta á vinnustöðum eða flytja til að hjálpa fólki að móta sínar óskir. Það er hægt að gera með ýmsum hætti. Þegar við hönnuðum okkar eigið vinnurými hér hjá Attentus notuðum við aðferð frá Lego Serious Play sem byggir á því að starfsmenn fá í hendur kubba og nota ákveðna aðferðafræði við að kubba þá aðstöðu sem þeir telja henta starfsemi fyrirtækisins og sínum þörfum. Eins er hægt að nota Pinterest eða láta starfsmenn gera svokallað „vision board“ eða sýniskort með blaðaúrklippum svo dæmi séu nefnd.“

Guðríður segir sums staðar ekki koma annað til greina en að bjóða upp á opið vinnurými en þá sé mikilvægt að búnar séu til ákveðnar samskiptareglur. „Ég veit til dæmis um fyrirtæki sem hafa ákveðið tiltekinn fókustíma á dag þar sem aðeins má trufla vinnufélagann ef það tengist verkefninu sem verið er að vinna. Þá hafa sumir verið með rauð flögg sem þeir setja á tölvuna ef þeir þurfa



Guðríður segir opin vinnurými upphaflega tilkomin vegna hagræðingar. Hún segir verkefnamiðaða vinnustaði vera að ryðja sér til rúms og á von á því að frekari tilraunir verði gerðar með þá sem og sveigjanlega vinnuaðstöðu.

frið enda getur það leitt til mikillar tímasóunar að vera truflaður í miðju kafi og margir kannast við að vera þá lengi að komast inn í verkefnið aftur.“ Guðríður segir líka mikilvægt að starfsmenn hafi afdrep þar sem þeir geta tekið persónuleg eða viðkvæm samtöl eða einbeitt sér í þögn. „Þá skiptir góð hljóðvist í opnu rými gríðarlega miklu máli og eru arkitektar sífellt að leita lausna til að bæta hana. Það er meðal annars hægt að gera með því að klæða loft, setja teppi á gólf og setja upp ýmiskonar skilrúm.

Undanfarið hafa verkefnamiðaðir vinnustaðir verið að ryðja sér til rúms en þá eiga starfsmenn ekki ákveðið sæti eða borð heldur mæta með fartölvuna í vinnuna og finna sér sæti þar sem er laust eða hjá þeim sem þeir eru að vinna með þann daginn. „Það getur í sumum tilfellum átt vel við og hentar til að mynda mínum vinnustað, en hér eru starfsmenn sjaldnast allir í húsi í einu og því óþarfi að hafa skrifstofu fyrir hvern og einn. Það þarf þó að skoða þetta vel því þó að fyrirkomulagið henti hluta starfseminnar þarf það ekki endilega að eiga við um hana alla og getur þurft að gera aðrar ráðstafanir fyrir tiltekna vinnuhópa. Þá spilar mannleg hegðun stóra rullu og veit ég til þess að margir eru fljótir að marka sér bás og setjast alltaf á sama stað nema þessu sé þeim mun betur stýrt.“

*En hver er framtíðin?*

„Ég hugsa að menn muni halda áfram að gera tilraunir með verkefnamiðaða vinnustaði enda býður nútímatækni upp á að hægt sé að vinna ýmis störf á fleiri en einum stað. Í stórborgum víða erlendis er líka að færast í aukana að fólk semji um að vinna hluta dags heima eða annars staðar en á vinnustaðnum meðal annars með það fyrir augum að sleppa við mestu umferðarhnútana. Ef umferðarþunginn í Reykjavík heldur áfram að aukast sé ég fyrir mér að fólk fari í auknum mæli að semja um það.“




**COMMERZ**
**VERÐ** 188.900 KR.
**H:** 100 cm **B:** 107,5 cm **D:** 44 cm



**LONGOSTAND MINI**
**VERÐ** 12.890 KR.
**H:** 100 cm **B:** 107,5 cm **D:** 44 cm



**MAXI LONGOSTAND**
**VERÐ** 17.890 KR.
**H:** 100 cm **B:** 107,5 cm **D:** 44 cm



**MINI BULLET**
**VERÐ** 39.890 KR.
**H:** 86 cm **B:** 38 cm **D:** 20 cm

SJÁLFBÆR FLOKKUN SORPS ER KRAFA

Paxxo Longopac flokkunarkerfið er byltingarkennd lausn í sjálfbærri flokkun. Paxxo er sænskur framleiðandi í fremstu röð á sínu sviði í heiminum

ÞAÐ TEKUR AÐEINS UM 30 SEK. AÐ SKIPTA UM POKA

PAXXO

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

REKSTRARLAND

# Einfalt samfélagsverkefni

**Múlalundur vinnustofa SÍBS, sem er 60 ára í ár, býður fyrirtækjum og einstaklingum allt fyrir skrifstofuna og skapar um leið tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Vöruúrval og verð kemur þægilega á óvart.**

Múlalundur fagnar sextíu ára afmæli í ár. Þar fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri. „Við segjum stundum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, að panta skrifstofuvörur frá Múlalundi, sem hvort eð er þarf að kaupa, og fá þær sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS.

Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi.

„Það er sannarlega ánægjulegt þegar fyrirtæki flétta samfélagsleg verkefni saman við eigin daglegan rekstur með því að kaupa skrifstofuvörurnar af Múlalundi. Með því fá þau gæðavörur og þjónustu sem aftur styður starfsfólk Múlalundar í að byggja upp sjálfstraust og þrótt með virkri þátttöku á vinnumarkaði. Fólki er enda mjög mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu,“ segir Sigurður.

## Vinsæl vefverslun

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali skrifstofuvara, og bæði verð og úrval koma ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ upplýsir Sigurður. Fari pöntun yfir 16.000 krónur er frí heimsending um land allt en ef pantað er fyrir lægri upphæð er tekið lágt sendingargjald.

## Pennar, pappír og dagbækur

Múlalundur selur allt sem hugsast getur fyrir skrifstofuna. „Verðin hjá okkur eru vel samkeppnishæf og oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ upplýsir Sigurður. Hann segir misskilnings gæta um að Múlalundur selji einungis eigin framleiðsluvörur, svo sem möppur og plastvasa. „Við bjóðum líka upp á pappír, penna, töflutúss, löggiltan skjalapappír og allt mögulegt annað fyrir skrifstofuna. Þá er hægt að fá fjölbreytt úrval penna frá BIC, Milan, Pentel EnerGel og mörgum fleirum.“

Á haustin býður Múlalundur landsins mesta úrval af dagbókum. „Þeir sem vilja geta látið gylla eða



Nýlega hóf Múlalundur framleiðslu á endingargóðum glærum vösum úr 100% endurunnu efni.




Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu.



Að sögn Sigurðar verður efnt til afmælisfagnaðar með vorinu.



Fyrirtæki sem skipta við Múlalund leggja mikilvægu samfélagsverkefni lið.



Egla-möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi.

> **Einfaldasta samfélagsverkefnið er að panta skrifstofuvöur frá Múlalundi, sem hvort eð er þarf að kaupa.**
>
> Sigurður Viktor Úlfarsson

þrykkja nöfn og fyrirtækjamerki í dagbækurnar og skapað með því vinnu í leiðinni,“ útskýrir Sigurður. „Margir kjósa að kaupa allar sínar skrifstofuvörur hjá Múlalundi og það styrkir okkur mikið í starfi, enda þarf ekki að fara lengra en á Múlalund eftir almennum skrifstofuvörum,“ segir Sigurður.

## Röð og regla með Egla

Egla-bréfabindi og -möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi. „Hér innanhúss segjum við gjarnan: Röð og regla með Egla,“ segir Sigurður og brosir. „Við seljum líka tímaritabox þar sem kjölurinn litur úr eins og Egla-mappa og eru hugsuð fyrir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata. Með þeim er snyrtilegt að horfa yfir hillur skrifstofunnar með allt í stíl,“ segir Sigurður. Fyrirtæki geyma gjarnan gögn í möppum um ákveðinn tíma en færa þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar. „Við bjóðum vitaskuld upp á allar þessar lausnir og gott betur, en Egla og fleiri vörur Múlalundar fást beint frá Múlalundi sem og í öllum helstu ritfangaverslunum,“ segir Sigurður. Egla er íslenskt heiti og sækir uppruna sinn í Egils sögu Skallagrímssonar.

## Starfsmannaskírteini og innri markaðssetning

Múlalundur býður upp á barmmerki og hálsbönd fyrir starfsmannaskírteini, fundi og ráðstefnur. Þau eru ýmist framleidd af starfsfólki Múlalundar eða innflutt. „Í dag merkja sífellt fleiri fyrirtæki starfsfólk sitt og þá henta barmmerki og hálsbönd vel. Þau fást í fjölmörgum litum og eru búin sérstakri öryggislæsingu sem opnast sjálfkrafa ef rykkt er í böndin,“ útskýrir Sigurður.

Múlalundur framleiðir einnig músamottur sem eru vinsælar hjá fyrirtækjum til innri og ytri markaðssetningar.

„Á motturnar eru þá prentuð skilaboð til starfsmanna tengd verkferlum, gæðastöðlum, sameiginlegum markmiðum eða átaksverkefnum sem starfsmenn hafa svo við höndina í dagsins önn í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Sigurður.

## „100% endurunninn“

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Mikilvægt er að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið.“ Plastið sem Múlalundur nýtir í sína framleiðslu uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna. „Plastið hefur evrópska vottun til notkunar við leikfangagerð þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir hreinleika og skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu. „Plastið sem Múlalundur nýtir er almennt 40 til 60 prósent endurunnið og nú bjóðum við líka upp á 0,18 mm plastvasa úr 100 prósent endurunnu efni. Ef leitað er að „100% endurunninn“ í vefverslun Múlalundar koma þessar vörur upp. Hreint, vottað plast, sem er að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið.“

## Öllum er mikilvægt að vinna

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happdrættis SÍBS, og fagnar því eins og fyrr segir sextíu ára afmæli í ár. Af því tilefni verður efnt til afmælisfagnaðar í vor. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stærstum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinningurinn er samfélagsins í heild, því saman hjálpum við fleirum sem glíma við skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglega starfsemi saman við samfélagslega ábyrgð. Íslensk fyrirtæki hafa staðið með okkur í 60 ár. Með því vinna allir,“ segir Sigurður.

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Skoðið úrvalið á mulalundur.is.

# Hamingjan í fyrsta sæti

Ánægt starfsfólk skilar sér í enn betra fyrirtæki. Það er hugmyndaríkara, sýnir meiri hollustu og frumkvæði og er líklegra til að vera lengur í starfi sínu. Jákvætt vinnuumhverfi hefur góð áhrif á starfsfólk og vinnuveitendur og skilar sér í öryggistilfinningu, stuðningi og virðingu í stað neikvæðni, streitu og álags með tilheyrandi fjarvistum, vanlíðan og mistökum.

1. Heilsaðu starfsfólkinu og leyfðu því að finna að þú gleðst yfir því að eiga samfylgd með því og njóta starfskrafta þess.
2. Hrósaðu mun oftar og launaðu það sem vel er gert með launauppbót, fleiri frídögum og sveigjanleika í starfi. Starfsmenn sem finna lítið til sín í starfi sækja frekar á önnur mið.
3. Ráddu hamingjusama einstaklinga. Glaðsinna fólk smitar hlátri og léttleika yfir vinnustaðinn og slíkir vinnustaðir eru eftirsóknarverðir.
4. Komdu starfsfólkinu á óvart og hristu upp í vinnudeginum, til dæmis með því að fara með morgunfundinn á vinsælt kaffihús.
5. Ræddu við starfsfólkið og komstu að einhverju óvæntu um það. Það sýnir að þú hefur áhuga á persónunni og það gæti nýst enn betur í starfinu.





Sumir nota tónlist til að koma sér í rétta gírinn fyrir vinnuna.

# Lögin við vinnuna

Umhverfishljóð sem myndast á vinnustað þar sem fólk notar síma, ræðir saman, dregur til húsgögn, prentar gögn og svo framvegis, er miserfitt að loka úti og sumir þurfa jafnvel að grípa til þess ráðs að hlusta á tónlist til að yfirgnæfa óþægilegan eða afvegaleiðandi hávaða. En hvaða tónlist er best að hlusta á?

Í fyrsta lagi verður að hafa í huga að tónlist hefur áhrif á heilann, styður við og léttir verkefni sem eru vélræn eða krefjast endurtekningar en getur haft öfug áhrif á verkefni sem þarfnast einbeitingar sérstaklega ef textar laganna eru krefjandi eða lögin hafa tilfinningalega merkingu fyrir hlustandann. Betra er að hlusta á lög án texta þegar verið er að skrifa tölvupóst eða skýrslur af einhverju tagi. Tónlist sem byggir á endurtekningum er góð við krefjandi verkefni þar sem þá fer ekki of mikið vinnsluminni hjá heilanum í að reyna að sjá fyrir hvað kemur næst en hún má þó ekki vera of einhæf því þá fer heilanum að leiðast og einbeitingin dvínar.



Sumar rannsóknir gefa til kynna að tónlist í dúr láti tímann líða hraðar en tónlist í moll sem oft er hægari og dapurlegri. Hvort er betra fer eftir vinnuálagi. Gott stuðlag getur komið þér í gang með verkefni.

Tónlist eftir Bach og Philip Glass er talin henta vel við vinnuna og þá er kvikmyndatónlist einnig vinsæl þar sem hún er yfirleitt án söngs. Loks eru æ fleiri sem hlusta á tölvuleikjatónlist til að ná fram góðum vinnuafköstum þar sem slík tónlist er sérsamin til að halda fólki vil efnið án þess að vekja of mikla athygli.



Gott er að hlusta á klassíska tónlist.





Við erum við símann frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga.
**Sími 580 0000 / a4@a4.is / www.a4.is**

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !





Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

*Snyrtistofan Hafblik*

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Bragðgóðir og hollir réttir

Bulgur eru brotið hveiti sem er lagt í bleyti í sjóðandi vatn líkt og kúskús. Bulgur eru mjög gott með fiski eða kjúklingi. Hér eru frábærir léttir réttir sem öllum ætti að líka við á janúarkvöldi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Kjúkling er hægt að matbúa á ótal vegu og alltaf verða til nýir réttir.

## Bulgursalat með kjúklingabringum

Rétturinn er miðaður við fjóra.

**200 g bulgur**
**4 kjúklingabringur**
**1 msk. smjör til steikingar**
**1 fennel**
**6 vorlaukar**
**5 sólþurrkaðir tómatar í olíu**
**3 msk. smátt söxuð steinselja**
**10 svartar ólífur**
**2 msk. jómfrúarolía**
**30 g heslihnetur**

Setjið bulgur í sjóðandi vatn eins og stendur á umbúðum. Kælið.

Kryddið kjúklingabringurnar með salti og pipar. Steikið á pönnu á meðalhita í tvær mínútur á hvorri hlið. Leggið þá lok á pönnuna og eldið áfram í 6-8 mínútur.

Skerið fennel og vorlauk smátt og saxið sólþurrkaða tómata. Setjið í skál ásamt bulgur, steinselju og blandið öllu saman. Skerið kjúklingabringurnar í sneiðar og raðið fallega ofan á salatið. Það er hægt að sleppa kjúklingnum í þessum rétti og vera með soðin egg í helmingum í staðinn.

## Spænskur kjúklingur

Þessi réttur er með kjúklingabaunum og ólífum. Hann er súper einfaldur og er góður með hrísgrjónum, kúskús eða bulgur.

**8-12 kjúklingalæri**
**2 rauðlaukar**
**6 hvítlauksrif**
**200 g hakkaðir tómatar**
**200 g kjúklingabaunir án vatns**
**Grænar ólífur**
**Ólífuolía**
**Paprikuduft, salt og pipar**

Hitið ofninn í 200°C. Dreifið ólífuolíu í stórt eldfast form. Leggið kjúklingabitana í formið og vætið þá aðeins í olíunni á báðum hliðum. Látið skinnhliðina snúa upp. Skerið laukinn smátt niður og raðið í kringum kjúklingabitana. Kryddið yfir með paprikudufti og bragðbætið með salti og pipar.

Setjið í heitan ofn og eldið í 30 mínútur. Takið þá formið út og takið kjúklinginn upp úr. Setjið tómatana út í kjötsafann ásamt pressuðum hvítlauk og hrærið saman. Bætið við salti og pipar ef þarf. Raðið kjúklingnum aftur í formið og deilið kjúklingabaunum og ólífum yfir. Formið er sett aftur inn í ofninn. Eldið áfram í 15 mínútur eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður.



Kjúklingur í rjómasósu er vinsæll hjá allri fjölskyldunni. Bæði er hægt að hluta niður heilan kjúkling í slíkan rétt eða nota kjúklingabringur eða úrbeinuð læri.



Bulgur er brotið hveiti sem líkist kúskús.

## Franskur kjúklingaréttur

Uppskriftin miðast við fjóra.

Æðislegur kjúklingaréttur þar sem gott dijon-sinnepsbragðið fær að njóta sín. Þetta er afar einfaldur réttur og auðvelt að laga.

**500 g úrbeinuð kjúklingalæri**
**200 g perlulaukar**
**Smjör til steikingar**
**½ tsk. þurrkað timían**
**1 tsk. þurrkað estragon**
**½ tsk. múskat**
**2 msk. dijon sinnep**
**2 dl bjór**
**3 dl rjómi**
**Salt**
**Nýmalaður pipar**
**Ferskt estragon til skreytingar í lokin**

Kjúklingurinn er bragðbættur með salti og pipar. Brúnið kjúklinginn með lauk í smjöri og olíu á pönnu. Bætið við kryddi sem er talið upp og sinnepi. Þá er bjórinn settur saman við og suðan látin koma upp. Loks er rjóminn látinn út í og allt látið malla í um það bil 15 mínútur eða þar til sósan hefur þykknað örlítið.

Kjúklinginn má bera fram með kartöflum, bulgur eða hrísgrjónum eftir smekk.

GREIÐSLULEIÐIR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um Greiðsluleiðir kemur út föstudaginn 18. janúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 512 5442 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

## Fasteignir




**OPIÐ HÚS**
miðvikudaginn 16. jan. kl. 17:30 - 18:00

200 fm parhús
Í næsta nágrenni við skóla
Bílskúr
Sólskáli



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð :
**79,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**OPIÐ HÚS**
miðvikudaginn 16.jan. kl. 17:00 - 17:30

Vel skipulögð og björt 52 fermetra 2ja herbergja á 2.hæð á þessum vinsæla stað við Ásvallagötu í Vesturbæ Reykjavíkur.
Stór húsgarður í innilokuðu porti að danskri fyrirmynd, með leiktækjum og bekkjum.



Nánari upplýsingar veitir:
**Páll Þórólfsson** lögg. fasteignasali
pall@miklaborg.is **sími:** 893 9929

Verð :
**33,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. janúar 2019, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. janúar 2019 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. janúar 2019, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraða, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

*Reykjavík, 16. janúar 2019*

| | | |
|---|---|---|
| Tollstjóri | Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra | Sýslumaðurinn á Suðurlandi |
| Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum |
| Sýslumaðurinn á Vestfjörðum | Sýslumaðurinn á Austurlandi | Sýslumaðurinn á Suðurnesjum |

## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Nám í alþjóðlegum menntaskóla í Noregi Einstakt tækifæri á námi til stúdentsprófs í alþjóðlegu umhverfi (uwcrcn.no)

Mennta- og menningarmálamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um skólavist við Alþjóðlega menntaskólann, Red Cross Nordic United World College (RCNUWC) í Flekke, Noregi, skólaárið 2019 - 2020. Umsækjendur skulu hafa lokið sem svarar einu ári í framhaldsskóla, hafa gott vald á ensku og vera á aldrinum 16-18 ára. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

**Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi föstudaginn 15. febrúar 2019.**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir vegna þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir til umsóknar styrki vegna þátttökuframhaldsskólanema í alþjóðlegum nemakeppnum í stærðfræði og raunvísindum á árinu 2019. Markmið styrkjanna er að fjölga nemendum í raunvísindum og stærðfræði og eru styrkirnir veittir til að standa straum af ferðakostnaði vegna þátttöku í keppnunum. Að auki mun ráðuneytið veita styrki sérstaklega til keppenda.

Umsóknir berist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík eða á netfangið postur@mrn.is í síðasta lagi föstudaginn 8. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar eru í auglýsingu á vef ráðuneytisns, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2019.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!
www.hagvangur.is
HAGVANGUR



# Sjóðir Eaton Vance keyptu fyrir 1,4 milljarða í útboði WOW



Fjárfestingarsjóðir á vegum Eaton Vance fjárfestu fyrir samanlagt tíu milljónir evra, jafnvirði rúmlega 1.380 milljóna króna, í skuldabréfaútboði WOW air sem lauk um miðjan septembermánuð. Þetta kemur fram í yfirliti yfir fjárfestingar sjóðastýringarfyrirtækisins.

Þannig keypti sjóðurinn Global Macro Absolute Return Advantage skuldabréf í flugfélaginu fyrir 5,5 milljónir evra, Global Macro Portfolio keypti skuldabréf fyrir 3,6 milljónir evra og Global Opportunities Portfolio festi kaup á skuldabréfum WOW air fyrir 900 þúsund evrur.

Sem kunnugt er tryggði flugfélagið sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, jafnvirði um 8,3 milljarða króna, í útboðinu, sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði umsjón með, og keyptu sjóðir Eaton Vance því einn sjötta hluta af útgáfunni.

Skúli Mogensen, forstjóri og eini eigandi flugfélagsins, upplýsti í bréfi sem hann skrifaði eigendum skuldabréfanna fyrr í vetur að hann hefði fjárfest fyrir 5,5 milljónir evra í útboðinu eða sem jafngildir um 11 prósentum af heildarupphæð útboðsins. Þá kom fram í uppgjöri WOW air fyrir þriðja ársfjórðung að félagið hefði sjálft keypt skuldabréf fyrir 9,8 milljónir evra með það fyrir augum að selja bréfin aftur í náinni framtíð.

Atkvæðagreiðslu eigenda skuldabréfa WOW air um breytingar á skilmálum bréfanna lýkur á morgun en samþykki eigendanna er skilyrði fyrir því að fjárfesting Indigo Partners í flugfélaginu gangi eftir. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Eaton Vance verið hvað tregastur í taumi í hópi skuldabréfaeigendanna til að fallast á umræddar breytingar, sér í lagi að því er varðar niðurfellingu á kauprétti að hlutafé í félaginu.

## Breytingar á eignarhaldi stærstu sjóða Eaton Vance frá ágúst:

| | | |
|---|---|---|
| Icelandair | 2% | ↓ |
| Festi | 1,2% | ↓ |
| Arion banki | 1,5% | ↑ |
| Hagar | 1,1% | ↓ |
| TM | 1,5% | ↓ |
| VÍS | 2,2% | ↓ |
| Reitir | 1,2% | ↓ |
| Reginn | 1,0% | ↓ |

sjóðir samanlagt 5,2 prósenta hlut í fasteignafélaginu og 6 prósenta hlut í flutningarisanum. Bættu sjóðirnir lítillega við sig í félögunum á fyrstu tíu mánuðum ársins.

Til viðbótar eiga sjóðir Eaton Vance lítinn hlut í Kviku banka og þá nam hlutur þeirra í Heimavöllum, stærsta íbúðaleigufélagi landsins, um 1,9 prósentum í lok október í fyrra. Hluturinn í Heimavöllum hefur aukist óverulega á undanförnum tveimur mánuðum.

Sjóðirnir lánuðu leigufélaginu enn fremur um þrjá milljarða króna fyrir milligöngu Fossa markaða. Þá veittu þeir Almenna leigufélaginu, næststærsta íbúðaleigufélagi landsins, jafnframt ríflega fjögurra milljarða króna lán.

**Skilaði neikvæðri ávöxtun**

Fyrir utan fjárfestingar Eaton Vance í skráðum félögum hafa sjóðir á vegum fyrirtækisins einnig verið í hópi þeirra erlendu fjárfesta sem hafa fjárfest hvað mest í íslenskum ríkisskuldabréfum.

Sjóðir sjóðastýringarfyrirtækisins áttu ríkisskuldabréf fyrir liðlega 236 milljónir dala, jafnvirði um 28,8 milljarða króna, í lok októbermánaðar í fyrra en til samanburðar var virði ríkisskuldabréfa í eigu sjóðanna um 248 milljónir dala í lok júlí, eða um 26,0 milljarðar króna á þáverandi gengi. Bættu stærstu tveir sjóðir Eaton Vance raunar lítillega við sig í löngum ríkisskuldabréfum á tímabilinu.

Eaton Vance hóf að kaupa ríkisskuldabréf hér á landi á seinni helmingi ársins 2015 fyrir tilstilli nýfjárfestingarleiðar Seðlabankans og skilaði fjárfestingin sjóðum fyrirtækisins fljótt ríkulegri ávöxtun.

Slík vaxtamunarviðskipti, þar sem aðdráttaraflið var einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd, stöðvuðust hins vegar nær alfarið í júní 2016 þegar Seðlabankinn kynnti svonefnt fjárstreymistæki í því skyni að stemma stigu við of miklu skammtímainnflæði fjármagns.

Fjárfestingar Eaton Vance í íslenskum hlutabréfum og skuldabréfum hafa, eins og áður hefur verið sagt frá í Markaðinum, verið gerðar í gegnum fjölmarga sjóði á vegum fyrirtækisins. Þegar litið er til gjaldmiðlasamsetningar eigna fjárfestingarsjóðanna, þá er krónueign þeirra í flestum tilfellum á meðal hlutfallslega stærstu eigna sjóðanna.

Þannig nam krónueign Global Macro Absolute Return Advantage 3,6 prósentum af tæplega 585 milljarða króna hreinni eign sjóðsins í lok síðasta október, að því er fram kemur í gögnum sjóðsins. Þar er jafnframt tekið fram að gnóttstaða (e. long position) sjóðsins hér á landi skýri að mestu af hverju vextir og hlutabréf í eignasafni hans í vesturhluta Evrópu hafi skilað neikvæðri ávöxtun á tímabilinu nóvember 2017 til október 2018. Þó hafi skortstaða í evrum mildað neikvæðu áhrifin af langtímafjárfestingu Eaton Vance í íslenskum krónum.

## Fjárfestingar stærstu sjóða Eaton Vance í íslenskum félögum

| | Hlutur | Markaðsvirði í milljónum króna |
|---|---|---|
| **Arion banki** | | |
| Eaton Vance (alls) | 3,3% | 4.820 |
| **Eik** | | |
| Global Macro Portfolio | 1,7% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 3,6% | |
| **Samtals** | **5,3%** | 1.520 |
| **Eimskip** | | |
| Global Macro Portfolio | 1,5% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 2,8% | |
| **Samtals** | **4,3%** | 1.710 |
| **Festi** | | |
| Eaton Vance (alls) | 3,3% | 1.245 |
| **Hagar** | | |
| Global Macro Portfolio | 1,6% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 3,3% | |
| **Samtals** | **4,9%** | 2.640 |
| **Heimavellir** | | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 1,3% | 165 |
| **Kvika** | | |
| Eaton Vance (alls) | 0,4% | 60 |
| **Reginn** | | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 2,6% | 1.000 |
| **Reitir** | | |
| Global Macro Portfolio | 1,8% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 3,4% | |
| **Samtals** | **5,2%** | 2.590 |
| **Síminn** | | |
| Global Macro Portfolio | 3,1% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 6,2% | |
| **Samtals** | **9,3%** | 3.080 |
| **Sjóvá** | | |
| Global Macro Portfolio | 2,1% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 4,4% | |
| **Samtals** | **6,5%** | 1.200 |
| **TM** | | |
| Global Macro Portfolio | 1,0% | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 2,1% | |
| **Samtals** | **3,1%** | 550 |
| **VÍS** | | |
| Global Macro Absolute Return Advantage | 0,9% | 170 |

# Björgun Wells Fargo eftir reginhneyksli

*Illa ígrundað hvatakerfi leiddi til þess að starfsmenn opnuðu milljónir af fölskum reikningum og þeir höfðu hagsmuni viðskiptavina ekki að leiðarljósi þegar selt var úr hilluborði bankans. Nú segir forstjóri fyrirtækisins að bankinn sé „besti banki í heimi“.*

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Tim Sloan, forstjóri Wells Fargo bankans sem varð uppvís að reginhneyksli fyrir tveimur árum, segir að hann sé „besti banki í heimi“. Hann rökstyður mál sitt með því að vísa til vaxtar í innlánum og útlánum og arðsemi af rekstri. Þetta ætti, í hans huga, að benda til þess að bankanum hafi tekist að ná aftur vopnum sínum eftir að hafa ratað í ógöngur.

Þeir sem ekki stýra bankanum líta málið öðrum augum. Í viðtölum Financial Times við fjárfesta, fræðimenn, keppinauta og starfsmenn kemur fram að vörumerkið hafi beðið álitshnekki, starfsmenn haldi aftur af sér því þeir óttist að endurtaka fyrri mistök og erfitt sé að draga línu í sandinn og halda áfram eftir það sem á undan er gengið.

**Óvægin sölumenning**

Sölumenningin í viðskiptabankastarfsemi Wells Fargo var óvægin. Illa ígrundað hvatakerfi leiddi til þess að starfsmenn opnuðu milljónir af fölskum reikningum og þeir höfðu hagsmuni viðskiptavina ekki að leiðarljósi þegar selt var úr hilluborði bankans.

Stjórnendur og stjórn bankans horfðu fram hjá þessu þar til að vinnubrögðin voru gerð opinber árið 2016. Fyrstu viðbrögð bankans voru að segja upp lágt settum starfsmönnum. Rúmlega fimm þúsund manns var gert að taka pokann sinn, segir í fréttaskýringu Financial Times.

Almenningur, stjórnmála- og embættismenn voru ekki ginnkeyptir fyrir því að nóg hefði verið að losa sig við skemmdu eplin á gólfinu. Af þeim sökum var stjórn bankans skipt út, sömu sögu er að segja af mörgum æðstu stjórnendum og gerð var atlaga að því að breyta vinnustaðamenningunni.

**Atkvæðaveiðar**

Þekktir stjórnmálamenn hafa sagt að Sloan, sem leiddi heildsölubankasvið Wells Fargo þegar misferlið átti sér stað, sé ekki hæfur til að leiða bankann. Sloan segir að þau ummæli hafi verið látin falla í atkvæðaveiðum.



Tim Sloan forstjóri er bjartsýnn á rekstur Wells Fargo sem hefur átt undir högg að sækja. NORDICPHOTOS/GETTY

**›› Bankinn var einn af fjórum stærstu eignum Berkshire Hathaway – ásamt American Express, Coca-Cola og IBM – og Warren Buffett hafði lofað bankann fyrir framúrskarandi stjórnun.**

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur sett takmörk á efnahagsreikning Wells Fargo. Hann má ekki verða stærri en tvær billjónir dollara. Takist bankanum ekki að komast undan þeim skilmálum eru auknar líkur á að Sloan þurfi að víkja úr starfi.

Afkoma bankans hefur verið býsna stöðug miðað við hve umfangsmikið hneykslið var. Verðkennitölur bankans eru ekki lengur hærri en annarra banka heldur í takt við það sem gengur og gerist hjá öðrum stórum bandarískum bönkum og það glittir í vöxt.

Að því sögðu eru markmið forsvarsmanna Wells Fargo háleitari. Bankinn skaraði áður fyrr fram úr hvað varðar arðsemi, verðkennitölur og orðspor. Nú er stóra spurningin hvort hægt verði að ná sömu hæðum aftur. Um það er efast.

**Sé nú enn einn bankinn**

David Ellison, sjóðsstjóri hjá Hennessy Large Cap Financial Fund, segir að fyrirtækjum sem hafi ratað í svipuð vandræði takist „aldrei“ að fá aftur yfirverð fyrir hlutabréfin. Viðskiptavinir geti nefnilega leitað annað. Nú sé Wells Fargo einungis enn einn stóri bankinn sem sé keimlíkur keppinautunum.

Perry Pelos, framkvæmdastjóri heildsölubankasviðs Wells Fargo, segir að gamli bankinn hafi stært sig af því að ákvarðanataka væri ekki miðstýrð. „Það er gott fyrir suma þætti en ekki aðra. Vandinn var að við gerðum það með allt.“

Fram kemur í fréttaskýringu Financial Times að lýsingin geri minna úr vandanum en efni standa til. Hjá bankanum ríkti frumkvöðlaandi, deildum og stjórnendum var uppálagt að taka ákvarðanir og eltast við vöxt í takt við aðstæður á hverju markaðssvæði fyrir sig. Nema hvað þeir höfðu frjálsar hendur. Menningin á vinnustaðnum tryggði að ríkt eftirliti var með útlánaáhættu en sömu sögu er ekki að segja af eftirliti með áhættu af rekstri.

Hneykslið vakti spurninguna: Hvað ef skipulagið sem lagði grunninn að árangri bankans í fortíð væri í raun ósjálfbært?

Orðspor bankans var að hann væri betri í að meta lánaáhættu og væri betra vörumerki þegar kemur að innlánum en aðrir. Bankinn var einn af fjórum stærstu eignum Berkshire Hathaway – ásamt American Express, Coca-Cola og IBM – og Warren Buffett hafði lofað bankann fyrir framúrskarandi stjórnun.

Þetta orðspor endurspeglaðist í hlutabréfaverði bankans. Hlutabréfin voru metin á tvisvar sinnum bókfærðar eignir sé litið fram hjá viðskiptavild og óefnislegum eignum.

**›› Seðlabanki Bandaríkjanna hefur sett takmörk á efnahagsreikning Wells Fargo. Hann má ekki verða stærri en tvær billjónir dollara. Takist bankanum ekki að komast undan þeim skilmálum eru auknar líkur á að Sloan þurfi að víkja úr starfi.**

Á sama mælikvarða voru Bank of America og JPMorgan metnir á einn og einn og hálfan. Nú hafa verðkennitölur Wells Fargo lækkað og er bankinn metinn með sama hætti og Bank of America. JPMorgan er sá eini af stóru bönkunum sem metinn er á tvo á þennan mælikvarða.

**Miðstýring dregur úr arðsemi**

Gerard Cassidy, greinandi hjá RBC, segir að það að Wells Fargo hafi verið eins lítið miðstýrður og raun bar vitni, sem leiddi til hneykslisins, hafi verið ein af ástæðunum fyrir því hve reksturinn gekk vel. Hann telur að bankinn verði ekki aftur metinn á yfirverði með núverandi viðskiptaháttum. Wells Fargo hafi komið á ferlum sem hafi í för með sér að arðsemin verði ekki framúrskarandi.

Fram kemur í fréttaskýringu Financial Times að fjöldi útlána hafi ekki dregist saman í krísunni þó að þau hafi hætt að vaxa um skeið en nú vaxi þau um tvö prósent. Áður en hneykslið komst í dagsljósið fyrir tveimur árum var vöxturinn fimm prósent. Viðskiptavinir yfirgáfu því ekki bankann.

Áskorunin sem Wells Fargo stendur frammi fyrir er að afla nýrra viðskiptavina. En það þýðir einmitt að bankinn þurfi að hefjast aftur handa við að selja. Fjármálastjóri Wells Fargo, John Shrewsberry, segir að starfsmenn hugsi nú um að allt sé eftir bókinni og setja upplifun viðskiptavina í forgrunn í stað hugarfarsins að selja viðskiptavinum alltaf æ meira.

## Forstjóri Nissan styður samstarf við Renault

Hiroto Saikawa, forstjóri Nissan, styður áfram samstarf á milli fyrirtækis síns og Renault. Hann segir að á meðan forgöngumaður samstarfsins sitji enn í fangelsi sé ekki rétti tíminn til að endurskoða fyrirkomulagið.

„Það er enginn hjá Nissan, Renault eða Mitsubishi sem vill slíta samstarfinu,“ segir Saikawa. Nú sé ekki stefnt að samruna heldur sé sífellt verið að leita leiða til að styrkja samstarfið.

Umræddur forgöngumaður er Carlos Ghosn sem situr í fangelsi vegna ásakana um fjármálamisferli hjá Nissan. Þegar það komst upp ákvað stjórnin að kjósa nýjan formann en hann situr enn í stjórn bílaframleiðandans. Ghosn er enn forstjóri Renault.

Saikawa segir mikilvægasta verkefnið nú vera að koma á stöðugleika en ekki spurningin hvort Nissan eigi að hafa atkvæðisrétt hjá Renault. „Við munum ræða um fjármuni og hluthafa í rólegu andrúmslofti. Sá tími er ekki runninn upp,“ segir Saikawa.



Hiroto Saikawa, forstjóri Nissan, NORDICPHOTOS/GETTY

Renault á 43 prósenta hlut í Nissan og rétt til að greiða atkvæði á hluthafafundum en Nissan á 15 prósent í Renault án atkvæðisréttar. – hvj

## Sjóður Bills Gross fer æ minnkandi

Eignir í stýringu hjá Bill Gross, sem eitt sinn var talinn konungur skuldabréfanna, nema orðið minna en einum milljarði dollara. Gross starfar hjá Janus Henderson. Viðskiptavinir hafa dregið fé úr sjóðnum og fjárfestingarnar hafa reynst feilskot. Um helmingur eignanna er í eigu viðskiptavina og helmingur er í eigu Gross. Þetta kemur fram í frétt Financial Times.

Árið 2014 stýrði Gross stærsta skuldabréfasjóði í heimi hjá Pimco og námu eignir hans tæplega 300 milljörðum dollara.

Kastljósinu er nú beint að Dick Weil sem réð Gross til Janus Henderson árið 2014. Weil var undirmaður Gross hjá Pimco.

Upphaflega var litið á það sem hvalreka þegar Gross hóf störf hjá fyrirtækinu eftir að hafa hætt í skyndi hjá Pimco. Gengi hlutabréfa Janus hækkaði um 40 prósent við ráðninguna. En fjárfestar eltu Gross ekki í röðum líkt og vænst var. Að auki hefur honum haldist illa á þeim viðskiptavinum sem leituðu til hans. George Soros lagði í upphafi fé í sjóðinn en tók 500 milljónir út á fyrsta ári. Þegar best lét nam stærð sjóðsins 2,2 milljörðum dollara í febrúar fyrir ári.



Bill Gross var um árabil álitinn skuldabréfakonungur. NORDICPHOTOS/GETTY

**-4%**

**var ávöxtunin af skuldabréfasjóði Gross árið 2018.**

Ávöxtun sjóðsins var neikvæð um 3,9 prósent í fyrra samanborið við 1,2 prósenta tap hjá sambærilegum sjóðum. – hvj


Opel Grandland X Aktiv sér um að koma þér og dótinu þínu á ævintýraslóðir
GRANDLAND X Aktiv
Aktiv frumsýning, laugardaginn 19. jan. kl. 12–16 að Krókhálsi 9
GRANDLAND X
Pipar\TBWA \ SÍA
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Opel Grandland X Aktiv, verð frá:
4.490.000 kr.
5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
Grandland X Aktiv:
Aukin veghæð / Toyo harðskelja vetrardekk / Toppgrind og skíðabogar
Vetrarmottur / Aurhlífar / Kaupauki: Árskort á skíðasvæði
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.
Grandland X Aktiv er einnig frumsýndur í sýningarsal okkar í Reykjanesbæ
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna

# Þróa leiðir fyrir markaðssetningu í Kína

## Svipmynd

**Lilja Þorsteinsdóttir**

**Nám**
BA í stjórnmálafræði, MPA í opinberri stjórnsýslu, ólokið meistaranám í nýsköpun og viðskiptaþróun.

**Störf**
Framkvæmdastjóri Svartagaldurs ehf. sem sér um alhliða markaðssetningu á netinu og þróar einnig hugbúnaðarlausnir á því sviði. Ég stofnaði líka heilsutengt nýsköpunarfyrirtæki árið 2011 sem fær að malla í rólegheitunum og ég dúlla mér í frítíma í einni eða tveimur vefverslunum sem ég setti upp.

**Fjölskylduhagir**
Ég er gift og á þrjár dætur á aldrinum 8-16 ára. Með fullri virðingu fyrir þeim verð ég að segja að ég á líka sætasta gula Labrador í heimi sem heitir Ender.



**Lilja segir að fyrirtæki í öllum geirum séu að átta sig á því að það þýði ekki að hjakka í sama farinu í markaðssetningu árið 2019.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lilja Þorsteinsdóttir er framkvæmdastjóri tækni- og markaðssetningarfyrirtækisins Svartagaldurs sem stofnað var í haust. Hún segir Svartagaldur vera á fullu í að þróa leiðir fyrir íslensk fyrirtæki til að markaðssetja sig á netinu í Kína.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Mér skilst það sé frábært að vera morgunhani, hugleiða og stunda jóga á morgnana. Ég verð samt að viðurkenna að ég er týpan sem fer á fætur á síðustu stundu, innbyrði óhemjumikið magn af kaffi, geri mig klára og rýk beint í vinnuna. Kannski kemur þetta með aldrinum.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef mikinn áhuga á tækni, hinum ýmsu græjum, vefmálum og auðvitað markaðssetningu á netinu. Ég vinn ekki bara við hana heldur eyði líka frítíma í að lesa mér til, prófa nýjar aðferðir á hinum ýmsu vefjum sem ég held úti og reyni að finna út hvað virkar best hverju sinni. Auðvitað finnst mér best að eyða tíma með fjölskyldunni og hundinum mínum og reyni að gera sem mest af því. En svo hef ég líka alltaf spilað mikið af tölvuleikjum síðan ég var krakki og það hefur ekkert breyst. Ég elska sci-fi þætti og bíómyndir. Ef það er geimvera eða heimsendir á bíótjaldinu, þá er ég mætt á svæðið.

*Hvaða bók ert þú að lesa eða last síðast?*

Síðasta bókin sem ég kíkti í er The Startup Owner's Manual eftir Steve Blank. Ég las hana í meistaranáminu í nýsköpun og viðskiptaþróun við HÍ, hún hefur reynst mér mjög gagnleg og ég fletti stundum upp í henni. Steve er líka með fyrirlestra á Udemy sem ég mæli með fyrir alla sem eru að þróa nýja vöru eða stofna fyrirtæki. Mér finnst samt skemmtilegra að lesa blogg, fréttir, pistla og styttri texta, jafnvel að hlusta á hlaðvörp. Það er helst að ég grípi í góðan krimma eða sögulegar skáldsögur þegar ég er að slaka á í sveitinni. Sú síðasta var Heiman fylgja eftir Steinunni Jóhannesdóttur um líf Hallgríms Péturssonar.

> **Ég ætlaði alltaf að verða rithöfundur og er svo heppin að textagerð er stundum hluti af vinnunni minni þannig að ég fæ útrás fyrir þörfina.**
>
> Lilja Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Svartagaldurs

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?*

Ég er svo lánsöm að vera í draumastarfinu mínu svo ég leiði ekki hugann mikið að öðrum starfsframa. Ég ætlaði alltaf að verða rithöfundur og er svo heppin að textagerð er stundum hluti af vinnunni minni þannig að ég fæ útrás fyrir þörfina.

*Hvað er það áhugaverðasta við að starfa í atvinnugreininni?*

Ég veit varla hvar ég á að byrja, það er svo margt. Í fyrsta lagi er svo ótrúlega áhugavert og skemmtilegt að vinna í skapandi geira og hitta daglega fólk sem hugsar ekki alveg eins og flest annað fólk. Ég meina þetta á góðan hátt. Í öðru lagi er áhugavert að fylgjast með þeim öra vexti sem er í markaðssetningu á netinu. Fyrirtæki í öllum geirum og af öllum stærðargráðum eru að átta sig á því að það þýðir ekki að hjakka í sama farinu í markaðssetningu árið 2019 og leita til okkar til að fá ráðgjöf. Það er svo margt hægt að gera sniðugt til að skáka samkeppninni á netinu og þar koma galdrarnir okkar og reynsla sterk inn.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Það eru stundum einfaldir hlutir eins og að halda einbeitingunni í hraðanum og fjöruga starfsandanum sem þrífst hjá okkur. Ég er þakklát fyrir hljóðeinangrandi heyrnartól. Auðvitað hefur það verið skemmtileg áskorun að fara af stað með nýtt markaðsfyrirtæki. Við erum jú bara búin að starfa í tæpt hálft ár og höfum verið að púsla saman nýjum verkefnum, innleiðingum, slípa til verkferla og koma okkur á framfæri. En það hefur allt gengið vonum framar.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Ætli ég verði ekki að nefna að líkt og hjá öðrum fyrirtækjum þar sem laun vega þungt eru launatengdu gjöldin stór biti. Það myndi hjálpa nýstofnuðum fyrirtækjum að komast á koppinn að veita meira svigrúm þar. Við erum líka að þróa tæknilausnir í markaðsgeiranum og ég myndi vilja sjá nýsköpunar- og tæknifyrirtæki fá mun meiri stuðning en þau fá nú.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í atvinnugreininni á komandi árum og í hverju felast helstu sóknartækifærin?*

Markaðssetning á netinu breytist svo ört að við þurfum að hafa okkur öll við til að vera með allt á hreinu. Leitarvélar eins og Google breyta algríminu sínu mjög oft og eitthvað sem virkaði í leitarvélabestun fyrir hálfu ári virkar ekki endilega í dag. Að sama skapi breytast kerfi fyrir auglýsingar á netinu oft þannig að við erum alltaf að læra nýja hluti og atvinnugreinin er í stöðugri mótun. Sóknartækifæri okkar liggja í margar áttir en í augnablikinu erum við til dæmis á fullu að þróa leiðir fyrir íslensk fyrirtæki til að markaðssetja sig á netinu í Kína.

# Agað innsæi



**Dagný Dögg Franklínsdóttir**
forstöðumaður Viðskiptastýringar Creditinfo

Sálfræðingurinn Daniel Kahneman segir frá því í bókinni Thinking Fast and Slow þegar hann var settur í það hlutverk að útbúa kerfi til að ákveða hverjir ættu að gegna herþjónustu í ísraelska hernum. Fram að því voru slíkar ákvarðanir teknar af sérfræðingum sem lögðu mat á hversu hæfir umsækjendur voru út frá 15 til 20 mínútna viðtölum. Í ljós kom að þessi viðtöl höfðu óskóp lítið að segja um frammistöðu umsækjenda þegar að herþjónustunni kom. Kahneman bjó til einfalt kerfi til að vinna bót á þessu. Hann lagði til að umsækjendur yrðu metnir út frá sex mismunandi persónueinkennum sem hann taldi líkleg til árangurs í herþjónustu og útbjó staðlaðan spurningalista út frá þeim. Markmiðið var að útbúa eins hlutlaust mat og kostur var á og koma í veg fyrir að þeir sem tækju viðtölin myndu reiða sig um of á persónutöfra umsækjenda við ákvörðun sína. Nokkrum mánuðum síðar kom svo í ljós að nýja kerfið reyndist vera umtalsvert betra en það gamla og rúmum sextíu árum síðar er það enn í notkun.

### Aukið aðgengi

Þetta dæmi sýnir okkur að ákvarðanir sem byggðar eru á áreiðanlegum gögnum og hlutlausu mati eru alla jafna líklegri til árangurs en þær sem byggja einungis á innsæi. Í viðskiptum og í okkar daglega lífi stöndum við reglulega frammi fyrir ákvörðunum sem mættu betur vera teknar með vísan í traustar heimildir og skilvirka ferla. Á síðustu árum hefur aðgengi okkar að slíkum heimildum stóraukist. Núna getur til dæmis hver sem er sótt ársreikninga, lánshæfismat og upplýsingar um eignarhald fyrirtækja hjá Creditinfo. Öllum er fært að sjá rekstrarsögu fyrirtækja, líkurnar á því að þau fari í vanskil og rekja hvert endanlegt eignarhald þeirra er. Það þýðir að bæði einstaklingar og fyrirtæki geta flett upp nauðsynlegum upplýsingum um þá sem þeir ætla í viðskipti við og tekið upplýstar ákvarðanir um viðskiptasambandið.

> **Ákvarðanir sem byggðar eru á áreiðanlegum gögnum og hlutlausu mati eru alla jafna líklegri til árangurs en þær sem byggja einungis á innsæi.**

### Sjálfvirkar ákvarðanir

Þegar taka þarf ákvörðun um að fara í viðskiptasamband þarf að styðjast við traust gögn í bland við sérfræðiþekkingu. Flestir kanna meðal annars lánshæfismat nýrra viðskiptavina samhliða því hvað reynslan segir um sambærilega kúnna áður en ákvörðun er tekin um að veita þeim úttektarheimild. Í takt við öra tækniþróun síðustu ára hefur aukin áhersla verið lögð á sjálfvirka ákvörðunartöku í viðskiptum. Gott dæmi um slíkt er sjálfvirkt greiðslumat þegar einstaklingar taka húsnæðislán eða sjálfvirkir ákvörðunarferlar sem leggja mat á úttektarheimildir einstaklinga og fyrirtækja. Allar líkur eru á því að slíkar ákvarðanir verði fyrirferðarmeiri í okkar daglega lífi þegar fram líða stundir.

Þýðir það að tölvurnar séu að taka yfir störfin okkar eins og margir eru hræddir um? Þvert á móti gera tækniframfarir og aukið aðgengi að áreiðanlegum gögnum okkur kleift að taka skilvirkari og upplýstari ákvarðanir. Sjálfvirkir ferlar draga úr hættunni á mannlegum mistökum og skapa rými fyrir agað innsæi sérfræðinga við ákvarðanatöku. Nú þegar gögn eru bæði orðin umfangsmeiri og aðgengilegri en áður er mun auðveldara fyrir okkur að taka upplýstar ákvarðanir í krafti traustra gagna.

## Birgja sig upp fyrir Brexit



Gaffallyftari færir vörubretti í vöruhúsi Chiltern Cold Storage Group í Peterborough í Bretlandi. Fyrirtækið er byrjað að birgja sig upp af flugvélamáltíðum sem framreiddar eru í flugferðum á milli Bretlands og Evrópu. Mörg bresk fyrirtæki búa sig nú undir þær breytingar sem útganga Breta úr Evrópusambandinu getur haft í för með sér. NORDICPHOTOS/GETTY

# Allt rafrænt yfir milljón?



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Hvernig væru viðbrögðin hérlendis ef fjármálaráðherra tilkynnti landsmönnum að nú yrði bannað að eiga viðskipti með reiðufé umfram milljón krónur? Hætt er við að umræðan myndi einkennast af upphrópunum ef eitthvað er að marka reynsluna. Þegar rætt var á sínum tíma um að 5.000 og 10.000 króna seðlar yrðu teknir úr umferð fór allt í háaloft. Ekkert rúm var fyrir málefnalega umræðu og lítill áhugi. Það kemur þó að því að við komumst ekki hjá því að ræða um framtíð reiðufjár af fullri alvöru.

Þegar fjárlög Ástralíu voru kynnt síðla síðasta árs ræddi fjármálaráðherrann Scott Morrison um mikilvægi þess að ráðast gegn svarta hagkerfinu og fjármögnun glæpastarfsemi. Að því tilefni verði allar peningagreiðslur í reiðufé umfram 10.000 Ástralíudali, eða 869.000 krónur, bannaðar frá og með 1. júlí. Þessu verði fylgt eftir af nýjum starfshópi, sem hafi um 26 milljarða króna til umráða í eftirliti sínu næstu fjögur árin. Með þessu er reiknað með að skatttekjur ríkisins á tímabilinu aukist um tífalda þá upphæð. Ef við heimfærum þessa tölu á okkur Íslendinga, með tilliti til skatttekna ríkjanna, jafngildir aukningin um 4,6 milljörðum króna á fjögurra ára tímabili.

> **Sá kostur rafrænna viðskipta að hægt sé að fylgjast með skattsvikum er einnig einn helsti gallinn.**

Í rökstuðningi sínum sagði Morrison þetta vera slæm tíðindi fyrir glæpamenn og þá sem reyna að svíkja undan skatti eða greiða lægra verð fyrir vörur og þjónustu með því að aðstoða aðra við að svindla. Hann bætti við að aðgerðin væri liður í þeirri viðleitni að gera Ástralíu að reiðufjárlausu hagkerfi. Fleiri lönd stefna hraðbyri í þá áttina, hvort sem er vegna opinberrar stefnu eða aukinnar notkunar almennings á öðrum greiðslumiðlum.

Sá kostur rafrænna viðskipta að hægt sé að fylgjast með skattsvikum er einnig einn helsti gallinn. Með takmörkun reiðufjárviðskipta skiljum við eftir okkur rafrænt fótspor í öllum okkar viðskiptum. Þó hið opinbera kunni að fullyrða að slíkar upplýsingar séu öruggar er ekki víst að allir treysti því. Því er nauðsynlegt að hefja hér málefnalega og yfirvegaða umræðu um notkun reiðufjár og hvert sé best fyrir okkur að stefna í þeim málum.

# Viðskiptamódel fyrir nýjan veruleika



**Hrönn Ingólfsdóttir**
stjórnarformaður Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja

Með heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt voru af öllum 193 aðildarríkjunum árið 2015, tóku þjóðir heims ákvörðun um að vinna markvisst að því að ná betri framtíð fyrir alla jarðarbúa, binda enda á fátækt, berjast gegn ójöfnuði og óréttlæti og vernda plánetuna okkar.

Heimsmarkmiðin eru sameiginleg áskorun allra jarðarbúa og ákall til okkar allra. Í að ná þessum markmiðum felst mikil áskorun, en í stað þess að láta okkur fallast hendur verðum við að líta á þessa áskorun sem tækifæri til að endurmeta gildi okkar. Ljóst er að markmiðunum verður ekki náð án víðtækrar þátttöku alls samfélagsins.

**Róttækar aðgerðir þarf**

Stjórnvöld hafa samþætt Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í stefnumótun sína og markmiðasetningu. Ekki mun þó takast að ná þessum metnaðarfullu markmiðum nema allir geirar þjóðfélagsins taki þátt. Fyrirtæki verða að gegna mjög mikilvægu hlutverki í ferlinu. Skorað er á stjórnendur íslenskra fyrirtækja að leggjast á eitt með stjórnvöldum.

Ljóst er að til að ná fyrirliggjandi markmiðum verðum við að grípa til róttækra aðgerða og temja okkur nýjan hugsunarhátt. Við verðum að hugsa í nýjum lausnum og framkvæma hlutina á allt annan hátt en við höfum gert hingað til. Við þurfum að vinna nokkuð hratt og vinna að því að umbreyta viðskiptamódelum fyrirtækja til framtíðar. Hið hefðbundna viðskiptamódel sem við höfum unnið eftir í gegnum tíðina er of takmarkað til að við getum náð heimsmarkmiðunum á tilsettum tíma.

**Einkageirinn er með lausnir**

Öll fyrirtæki geta lagt sitt af mörkum til markmiðanna, sama hversu stór eða lítil þau eru, og án tillits til iðnaðarins sem þau starfa í. Þó að markmiðin séu umfangsmikil, þá geta öll fyrirtæki lagt sitt af mörkum með því að eiga fyrst og fremst ábyrg viðskipti og nýta tækifæri til að leysa samfélagsleg viðfangsefni með nýsköpun og samstarfi aðila.

Áskoranir heimsins þurfa lausnir sem einkageirinn getur skilað. Það er stór og vaxandi markaður fyrir nýsköpun fyrirtækja. Við verðum að hugsa í lausnum. Hvernig er hægt að leysa málin á nýstárlegan hátt? Nú reynir á okkur að hugsa út fyrir kassann. Fagna nýjum hugmyndum. Vera óhrædd við að fara nýjar og frumlegar leiðir.

**Nýr veruleiki**

Nánar verður fjallað um þær áskoranir sem fyrirtæki standa frammi fyrir og leiðir til lausna á Janúarráðstefnu Festu, miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð, sem haldin er í sjötta sinn fimmtudaginn, 17. janúar 2019 í Silfurbergi, Hörpu. Ráðstefnan er stærsti viðburður ársins á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar fyrirtækja en þar koma saman sérfræðingar og leiðtogar úr atvinnulífinu og fjalla um þann ávinning sem hlýst af innleiðingu slíkrar stefnumótunar.

Yfirskriftin að þessu sinni er „Viðskiptamódel fyrir nýjan veruleika“. Áherslan er á nýsköpun með samfélagsábyrgð að leiðarljósi, hvernig fyrirtæki og stofnanir geta nýtt hugmyndafræði um sjálfbærni og samfélagsábyrgð til þess að skapa meira virði öllum til hagsbóta.

## Skotsilfur

### Í samstarf við risa?



Orðrómur er á kreiki um að **Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson**, sem keypti í fyrra þrjár Bónusverslanir á höfuðborgarsvæðinu af Högum, hafi hug á því að fara í samstarf við eina af stærstu matvörukeðjum Norðurlandanna. Til stendur að halda áfram sambærilegum rekstri í umræddum fasteignum, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, en ekki liggur enn fyrir undir hvaða merki verslanirnar verða reknar. Þær Bónusverslanir sem Sigurður Pálmi keypti eru staðsettar á Hallveigarstíg, Smiðjuvegi og í Faxafeni.

### Sjóðirnir segja nei



Um tveir mánuðir eru síðan auglýst var eftir nýjum forstjóra Eimskips í stað Gylfa Sigfússonar og bíða margir spenntir eftir því að til tíðinda dragi í þeim málum. Heyrst hefur að einn af þeim sem hafi sýnt forstjórastarfinu áhuga sé **Baldvin Þorsteinsson** sem var kjörinn stjórnarformaður flutningarisans í september síðastliðnum. Fulltrúar lífeyrissjóðanna í hluthafahópnum eru hins vegar sagðir hafa komið þeim skilaboðum skýrt á framfæri að sjóðirnir væru mótfallnir því.

### Gullkorn Smára



Það var broslegt að fylgjast með framgöngu **Smára McCarthy,** þingmanns Pírata, í Kastljósi síðastliðið mánudagskvöld. Eitt af gullkornum þingmannsins var að enginn erlendur aðili hefði fjárfest í íslenskum banka frá því að Hauck & Aufhäuser keypti í Búnaðarbankanum endur fyrir löngu en komið hefði á daginn að hann sigldi undir fölsku flaggi. Er til of mikils mælst að þingmaður í efnahags- og viðskiptanefnd geri sér grein fyrir því að Arion banki, sem var skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð síðastliðið vor, sé að stórum hluta í eigu erlendra fjárfestingarsjóða?

## Vélmenni fyrirferðarmikil á stærstu tæknisýningu heims




Vélmenni voru fyrirferðarmikil á CES, stærstu neytendatæknisýningu heims, sem haldin var í Las Vegas í liðinni viku. Þetta vélmenni spilaði borðspilið vinsæla skrafl við gesti. Allar helstu tækninýjungar á sviði afþreyingar á undanförnum árum hafa fyrst verið kynntar á sýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Úr vasa heimila



**Ásdís Kristjánsdóttir**
forstöðumaður efnahagssviðs SA

Það er fagnaðarefni hve mikil umræða hefur verið um skattamál undanfarið. Hún hefur sérstaklega beinst að skattheimtu lægstu launa. Komið hefur fram að skattbyrði lágmarkslauna hafi aukist á undanförnum árum. Það er rétt enda hefur kapp verið lagt á að hækka lægstu laun í undangengnum kjarasamningum. Vegna uppbyggingar skattkerfis okkar hækkar skattbyrði samfara auknum tekjum að öðru óbreyttu. Lægstu laun voru hækkuð umfram önnur með markmið um að auka kaupmátt ráðstöfunartekna. Það hefur gengið eftir undanfarin ár og gott betur. Frá síðustu kjarasamningum hefur kaupmáttur lágmarkslauna eftir skattgreiðslur vaxið um nærri fjórðung þrátt fyrir aukna skattbyrði.

Aukna skattbyrði lágmarkslauna þarf einnig að setja í samhengi við opinber stuðningskerfi með sínum tekjuskerðingum. Markmið þeirra er að styðja við þá tekjulægri úr sameiginlegum sjóðum. Að teknu tilliti til vaxta- og barnabóta greiða efstu tvær tekjutíundirnar rúmlega 70% af hreinum heildargreiðslum tekjuskatts einstaklinga. Lægstu fimm tekjutíundirnar, helmingur framteljenda, greiða tæplega 1% og lægstu þrjár tekjutíundir fá meira greitt úr ríkissjóði í formi bóta en sem nemur staðgreiðslu tekna þrátt fyrir aukna skattbyrði.

Tökum dæmi um einstætt foreldri með tvö börn, annað undir sjö ára aldri. Hafi sá einstaklingur alla tíð verið með tekjur yfir meðallaunum hafa ráðstöfunartekjur hans, að teknu tilliti til vaxta- og barnabóta, vaxið um 9% að raunvirði frá árinu 2008. Hafi hann verið með tekjur í meðallaunum hafa ráðstöfunartekjur hans eftir skatt- og bótagreiðslur vaxið um 11% en hafi hann verið á lágmarkslaunum hafa ráðstöfunartekjur hans vaxið um 17%. Kaupmáttur tekjulægsta hópsins að teknu tilliti til vaxta- og barnabóta hefur því vaxið hlutfallslega mest á síðustu tíu árum þrátt fyrir aukna skattbyrði.

> **Það er eðlilegt að skattbyrði aukist með hærri tekjum, en það er birtingarmynd þeirrar tekjujöfnunar sem innbyggð er í skattkerfi okkar.**

Á það hefur verið bent að á 10. áratug síðustu aldar hafi lægstu laun verið skattfrjáls. Á sama tíma voru þau líka töluvert lægri, en það er heilbrigðismerki að fleiri launamenn séu farnir að greiða tekjuskatt. Árið 1992 greiddu 60% framteljenda tekjuskatt og er það hlutfall nú orðið 86%, svipað og á Norðurlöndunum. Hækkun þess hlutfalls ætti ekki að koma á óvart. Íslendingar hafa náð gríðarlegum lífskjarabata á síðustu áratugum og er svo komið að nær hvergi eru greidd hærri laun en á Íslandi og hvergi er tekjujöfnuður meiri. Í gagnagrunni OECD má finna samanburð á útgreiddum launum eftir skatt- og bótagreiðslur og eftir að búið er að leiðrétta fyrir verðlagi í hverju ríki. Samkvæmt þeim tölum eru tekjur Íslendinga undir meðallaunum þær fjórðu hæstu meðal ríkja OECD og þriðju hæstu hvort sem horft er til meðaltekna eða tekna yfir meðaltekjum.

Þó það sé mikilvægt að draga fram mynd sem sýnir þróun á skattbyrði þá getur sú mynd ein og sér verið blekkjandi. Almenn sátt er í þjóðfélaginu um að styðja við þá sem hafa minna milli handanna og þurfa á stuðningi að halda. Þess vegna er mikilvægt þegar staða heimila er rædd að horfa til þróunar ráðstöfunartekna eftir skatt- og bótagreiðslur. Á endanum eru það þær tekjur sem svara þeirri spurningu hvort heimilin eru betur sett í dag en áður. Það er eðlilegt að skattbyrði aukist með hærri tekjum, en það er birtingarmynd þeirrar tekjujöfnunar sem innbyggð er í skattkerfi okkar. Um almennar skattahækkanir gilda þó önnur lögmál og er gleðilegt að fleiri láta sig það mál varða og skori á hið opinbera að vinda ofan af þeim skattahækkunum sem gripið var til í síðustu niðursveiflu. Skatttekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið meiri og höfum í huga að þær koma úr vösum heimila.

# Vofa góðra stjórnarhátta

SKOÐUN



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Tilnefningarnefndir eru í tísku. Á skömmum tíma hefur þeim skráðu félögum í Kauphöllinni sem skipa tilnefningarnefnd fjölgað ört og nú hefur meirihluti félaganna komið slíkri nefnd á fót eða hafið undirbúning að því. Þá er rétt að staldra við og spyrja hvort nefndirnar þjóni tilgangi sínum.

Tilnefningarnefndir eiga að gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt. Þannig eigi að stuðla að fjölbreytni í stjórninni. Hins vegar gildir það sama um tilnefningarnefndir og svo margt annað, að góð yfirskrift er ekki endilega ávísun á góða útkomu.

Smásölurisinn Hagar tilkynnti um frambjóðendur til stjórnar í síðustu viku og jafnframt voru kynntar tillögur tilnefningarnefndar. Nefndin ákvað að sniðganga athafnamanninn sem stofnaði fyrirtækið og byggði alþjóðlegt smásöluveldi á grunni þess en í rökstuðningi nefndarinnar var það eitt látið duga að útlista ferilskrár hinna tilnefndu. Þá kom fram að einungis hefði verið leitað til sex stærstu hluthafa fyrirtækisins.

Ekki verður séð hvernig þessar aðferðir nefndarinnar taka mið af heildarhagsmunum hluthafa. Vanræksla á útfærslu og framkvæmd tilnefningarnefnda getur leitt til þess að stjórnarhættir fyrirtækis verði verri fyrir vikið.

Það liggur raunar ekki í augum uppi hvaða vanda tilnefningarnefndum er ætlað að leysa og þær virðast í fljótu bragði vera krókaleiðir í ákvörðunartöku. Í leiðbeiningum um tilnefningarnefndir segir að meirihluti þeirra skuli vera óháður félaginu. Hluthafar skipa nefndina sem ráðfærir sig við stærstu hluthafana, framkvæmir mat á frambjóðendum og leggur fram tillögur sem hún telur taka mið af heildarhagsmunum hluthafa. Krafan um tilnefningarnefndir felur þannig í sér að hluthafar eigi að reiða sig á mat nefndarmanna sem eiga kannski ekkert undir gengi fyrirtækisins.

Leiða má líkur að því að lífeyrissjóðirnir muni fara eftir tillögum tilnefningarnefnda í samræmi við markmiðið um góða stjórnarhætti. Ef tilnefningarnefndir verða áhrifamiklar í stjórnarkjörum íslenskra fyrirtækja er vandséð hvernig eins konar framsal á ákvörðun frá haghafa til þriðja aðila sé betra fyrirkomulag fyrir ákvörðunartöku heldur en það þegar haghafar velja stjórnarmenn eftir eigin viðmiðum og hyggjuviti. Hlutabréfamarkaðurinn hefur nú þegar verið gagnrýndur fyrir þann fjölda stjórnarmanna sem á ekki stakan hlut í viðkomandi fyrirtæki.

Oft ber að varast það þegar hugmyndir ná skjótri útbreiðslu án merkjanlegrar mótstöðu. Hvað tilnefningarnefndir varðar er hætt á því að þær verði notaðar til þess eins að fyrirtæki geti hakað í boxið á lista góðra stjórnarhátta.

# MARKADURINN.IS

## NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ




**30 DAGA**
**PRUFUÁSKRIFT**
**+ TVÆR SKÝRSLUR**
**AÐ EIGIN VALI!**

## PRÓFAÐU FRÍTT Í ÞRJÁTÍU DAGA OG FÁÐU TVÆR FRÍAR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI.

- INNLENDAR OG ERLENDAR VIÐSKIPTAFRÉTTIR
- GENGI HLUTABRÉFA OG GJALDMIÐLA
- ÁVÖXTUN SJÓÐA OG SKULDABRÉFA
- HVAÐ ER Á DÖFINNI Í VIÐSKIPTALÍFINU
- KAUP Á ÁRSSKÝRSLUM OG UPPLÝSINGUM ÚR HLUTHAFASKRÁ

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 16. janúar 2019

FRÉTTABLAÐIÐ frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Skot í fótinn

**Athyglisvert** hefur verið að fylgjast með væringum kringum stjórnarkjör í Högum sem fram fer næstkomandi föstudag. Tilnefningarnefnd félagsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að Jón Ásgeir Jóhannesson, stofnandi Bónuss, sé ekki meðal þeirra frambjóðenda sem taka eigi sæti í stjórn félagsins. Svo virðist sem ákvörðunin byggi á því að nefndin kjósi að velja þá einstaklinga sem líklegastir eru til að hljóta brautargengi í kosningu til stjórnar. Það er auðvitað þvert á það hlutverk nefndarinnar samkvæmt eigin reglum og leiðbeinandi reglum Viðskiptaráðs að taka afstöðu til frambjóðenda einvörðungu á grundvelli hæfni, þekkingar og reynslu.

**Því skal** einnig haldið til haga að nefndin virðist hafa haft samráð við sex stærstu hluthafa Haga, en félög í eigu fjölskyldu Jóns Ásgeirs eru sjöundi stærsti hluthafi félagsins þegar allt er talið. Aðrar tilnefningarnefndir sem hér starfa hafa haft mun víðtækara samráð, og rætt við að minnsta kosti tíu til tuttugu stærstu hluthafana. Velta má fyrir sér hvers vegna tilnefningarnefnd Haga taldi rétt að staðnæmast við sjötta stærsta hluthafa félagsins.

**Sú aðferðafræði** nefndarinnar að reyna einfaldlega að giska á hvernig kosning til stjórnar Haga muni fara á hluthafafundi, og hafa ekki víðtækara samráð en raun ber vitni, er auðvitað í hæsta máta vafasöm. Raunar mætti halda því fram að nefndin sé með því að svipta hluthafa Haga lögbundnum rétti sínum til að kjósa sér stjórn, enda vitað að stofnanafjárfestar hika við að kjósa gegn tillögum tilnefningarnefnda.

**Tilnefningarnefndakerfið** er tiltölulega nýtt af nálinni á Íslandi. Því er ætlað að tryggja að í stjórnir veljist besta fólkið, og því ber nefndunum að leggja hæfni, reynslu og þekkingu til grundvallar við mat á frambjóðendum. Með því á að tryggja að í stjórnir veljist hæft fólk sem vinnur að hagsmunum félagsins alls, en ekki einstakra hluthafa. Hugmyndin er góðra gjalda verð, og ef rétt er gert er þetta kerfi sem æskilegt getur verið að festa í sessi.

**Erfitt er** hins vegar að halda því fram að stofnandi Haga hafi ekki hæfni, þekkingu eða reynslu til að sinna stjórnarstörfum fyrir félagið. Aðferðafræði tilnefningarnefndar Haga var því einfaldlega til þess fallin að grafa undan þessu nýja, en annars efnilega, kerfi.


ÁSTRÍÐA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Félag í eigu Andra bætir við sig í VÍS

Eignarhaldsfélagið Eitt hótel, sem er í jafnri eigu Andra Gunnarssonar og Fannars Ólafssonar, en þeir eru á meðal hluthafa í fjárfestingarfélaginu Óskabeini, einum stærsta einkafjárfestinum í VÍS, hefur á síðustu vikum verið að bæta við hlut sinn í tryggingafélaginu.

Samkvæmt nýjum lista yfir alla hluthafa VÍS á Eitt hótel núna um 7,5 milljónir hluta, eða sem nemur um 0,4 prósenta eignarhlut í félaginu, en um miðjan síðasta mánuð átti félagið um 5 milljónir hluta. Óskabein, sem þeir Andri og Fannar eiga ásamt meðal annars Gesti Breiðfjörð Gestssyni, stjórnarmanni í VÍS og eiganda Sparnaðar, fer samtals með ríflega fjögurra prósenta hlut í tryggingafélaginu. Auk þess að vera í hópi stærstu eigenda VÍS í gegnum Óskabein eru Andri og Fannar einnig á meðal hluthafa í félaginu Tröllahvönn sem á fjórðungshlut í Keahótelum.



**Andri Gunnarsson lögmaður.**

Hlutabréfaverð VÍS hefur lækkað um liðlega 16 prósent á síðustu tólf mánuðum og við lokun markaða í gær stóð gengi bréfa félagsins í 9,86 krónum á hlut. – **hae**

**10.01.2019**

**Ég er búinn vera í þessu í tuttugu ár og hef aldrei upplifað þetta svona.**



Guðbrandur Einarsson, formaður Landssambands íslenskra verzlunarmanna





*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur


SAMSUNG
JANÚAR DAGAR
SAMSUNG sjónvörp, multiroom hátalarar, soundbar og fleira á frábæru tilboðsverði.
*Sýningareintök á miklum afslætti.
Allt að
50%
afsláttur
SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON
Netverslun
ORMSSON.IS
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15
ormsson
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðan 6-12 en hvassari hlémegin fjalla SV- og S-lands. NA 17-22 á Suðausturlandi, lægir seinnipartinn. Él norðan til, en léttskýjað á S- og V-landi. Frost 2 til 10 stig.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° ↖ 2 | -2° ↙ 6 | -4° ↓ 1 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° ↑ 5 | 1° ↑ 7 | -3° ↑ 5 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° ← 4 | -4° ↑ 3 | -3° ↘ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° ↓ 2 | 0° ↙ 3 | -3° ↗ 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. höfuðfat
5. mjaka
6. skóli
8. puðra
10. samtök
11. skaði
12. ræða
13. slagæð
15. skipsflak
17. auðjöfur

**LÓÐRÉTT**
1. vatnselgur
2. mælieining
3. vefnaðarvara
4. afhending
7. flakandi
9. fasta stærð
12. áhald
14. er
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hetta, 5. aka, 6. fg, 8. frussa, 10. sa, 11. tap, 12. tala, 13. ósæð, 15. rekald, 17. milli.
**LÓÐRÉTT:** 1. hafsjór, 2. ekra, 3. tau, 4. afsal, 7. gapandi, 9. staðal, 12. tæki, 14. sem, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Andrey Esipenko (2.584) átti leik gegn Vincent Keymer (2.500) í b-flokki Tata Steel-mótsins í Wijk aan Zee.

**36. Dxb5!! Hxb5 37. Hd8 De4+ 38. Ka1 1-0.** Ian Nepomniachtci er efstur með 3 vinninga eftir 4 umferðir. Magnús Carlsen hefur gert jafntefli í öllum sínum skákum og reyndar gert jafntefli í 21 kappskák í röð! Fjórða umferð Skákþings Reykjavíkur fer fram í kvöld.

**www.skak.is:** Skákhátíð MótX.

**Hvítur á leik**






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# 10 TONN

Takmarkað magn

**598**
kr. kg

**Holta Kjúklingur**
Heill, frosinn

# SAMA VERÐ UM LAND ALLT

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **20. janúar** eða meðan birgðir endast.

# Ekki stöðugt níðst á landinu

**Árni Daníel Júlíusson er höfundur bókar um byggð, landnýtingu og bændasamfélag á miðöldum. Segir sjúkdóma sem erlendis voru dæmi um fátækt og skort hafa verið mjög sjaldgæfa hér.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



„Mér fannst vanta rannsóknir um þetta tímabil, því hafði lítið sem ekkert verið sinnt,“ segir Árni Daníel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Af hverju strái – Saga af byggð, grasi og bændum 1300-1700 er ný bók eftir Árna Daníel Júlíusson, sagnfræðing og sérfræðing við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan gefur út.

„Bókin er byggð á doktorsritgerð minni sem ég ritaði um sögu íslenska bændasamfélagsins í Kaupmannahafnarháskóla á árunum 1993-1997. Mér fannst vanta rannsóknir um þetta tímabil, því hafði lítið sem ekkert verið sinnt í sagnfræðirannsóknum,“ segir Árni Daníel. „Meðal þess sem rak á fjörur mínar í þessum rannsóknum var Íslenska fornbréfasafnið en þar er mikill fjársjóður vanræktra heimilda. Ég fékk sömuleiðis mikið veganesti frá fræðimönnum við Háskóla Íslands sem hafa kannað sambúð manns og náttúru hér á landi.“

**MÉR FANNST HUGMYNDIN UM STÖÐUGAN ÁGANG Á GRÓÐURLENDIÐ FYRR Á ÖLDUM EKKI GETA GENGIÐ UPP.**

## Hugmyndir gegn ríkjandi sýn

Strax árið 1990 setti Árni Daníel fram ákveðnar hugmyndir um Íslandssöguna sem gengu á móti ríkjandi sýn þess tíma. „Þá var almenn hugsun sú að Íslendingar hefðu verið búnir að nýta allt land sem hægt var um 1100 og eftir það hefðu þeir stöðugt gengið á dýrmætasta kapítal landsins sem var gróðurmoldin. Mér fannst ég ekki geta séð þetta í þeim heimildum sem ég kannaði. Þær heimildir sýndu að 14. öldin var sú öld þar sem byggðaþensla var allra mest, þá voru flest lögbýli, flestar jarðir og flestar hjáleigur, en eftir að farið var að skrá fornleifar hafa einnig fleiri miðaldahjáleigur komið í ljós.

Landbúnaður miðalda var ekki með þeim hætti að mjög væri gengið á landið. Hann byggðist fyrst og fremst á nautgriparækt og nautgripir þurftu fyrst og fremst hey. Sauðfjárrækt fór smám saman að aukast eftir 1402 en náði alls ekki því stigi að hún væri til verulegra vandræða í gróðurlendi fyrr en seint á 19. öld og þó sérstaklega á þeirri 20. Mér fannst hugmyndin um stöðugan ágang á gróðurlendið fyrr á öldum ekki geta gengið upp. Síðan hafa komið niðurstöður sem hafa stutt hugmyndir mínar, bæði frá fornleifafræðingum en sérstaklega frá vistfræðingum sem hafa verið að skoða þróun gróðurfars. Nokkrar ólíkar rannsóknir sýna aukna útbreiðslu skóga og meiri grósku almennt eftir gríðarlegt mannfall vegna svarta dauða. Búfé fækkaði mikið samhliða snöggri og mikilli fólksfækkun og það hafði áhrif. Búfjárfjöldi var raunar aldrei nægilega mikill til að fullnýta gróðurlendið. Niðurstaðan er sú að það er ekki rétt að Íslendingar hafi stöðugt níðst á landinu.“

## Betri lífskjör en í Englandi

Oft hefur verið dregin upp dökk mynd af ömurleika miðalda á Íslandi. Árni Daníel hafnar þeirri hugmynd. „Ef maður skoðar miðaldasamfélagið íslenska og ber það saman við samfélög í nágrannalöndum sem góðar heimildir eru til um, eins og það enska, þá kemur í ljós að íslenskur almúgi bjó við betri lífskjör en almúgi í Englandi. Þetta áttu Íslendingar til að mynda sammerkt með Svíum. Svíþjóð og Ísland voru greinilega betur sett hvað varðar aðgang almennings að landi sem hægt var að nýta til að sjá fyrir bændafjölskyldunum. Í Englandi var mannfjölgun orðin svo mikil á 14. öld að til varð stór stétt landlausra og bláfátækra bænda sem höfðu ekki aðgang að landi. Beinasöfn á Skriðuklaustri og víðar sýna að sjúkdómar sem erlendis voru dæmi um fátækt og skort voru mjög sjaldgæfir hér. Þarna, eins og í landnýtingarsögunni, styðja sagnfræðin og fornleifafræðin hvor aðra.“

Árni Daníel vinnur nú að verkefni sem nefnist Icechange með fjórum öðrum fræðimönnum, en það fjallar um heimildir um umhverfissögu Íslands frá 800 til 1800 og er styrkt af sænskum sjóðum. Hann er einnig að rannsaka, ásamt öðrum, vistsögu Mývatnssvæðis frá 1700-1950 með styrkjum frá bandarískum og íslenskum sjóðum.

# Dans við dauðann

**LEIKHÚS**

**Ég dey**

★★★☆☆

**eftir Charlotte Bøving**

**Nýja sviðið**

**Borgarleikhúsið í samvinnu við Charlotte Bøving / Fyrirtækið slf**

**Leikari:** Charlotte Bøving
**Þýðandi:** Erla Elíasdóttir Völudóttir
**Með-leikstjóri:** Benedikt Erlingsson
**Dramatúrg:** Gréta Kristín Ómarsdóttir
**Leikmynd og búningar:** Þórunn María Jónsdóttir
**Tónlist:** Gísli Galdur
**Myndband og grafísk hönnun:** Steinar Júlíusson
**Lýsing:** Garðar Borgþórsson
**Sviðshreyfingar:** Unnur Elísabet Gunnarsdóttir

Við lifum og við deyjum. Allt það sem gerist þar á milli skilgreinir okkur sem manneskjur. En hvernig getur dauðinn skilgreint lífið? Einleikurinn Ég dey eftir Charlotte Bøving fjallar um tilvistina út frá reynslu hennar af dauðanum, jafnvel sínum eigin dauðdaga, en sýningin sem frumsýnd var í Borgarleikhúsinu síðastliðinn fimmtudag byrjar einmitt með minningarræðu um hana sjálfa.

Það er alltof langt síðan Charlotte hefur sést á sviðinu en hún hefur fáu gleymt þrátt fyrir fjarveruna. Sviðsverund hennar er virkilega góð og Charlotte nær til áhorfendanna strax frá byrjun. Nálgun hennar að textanum er bæði bráðfyndin og skörp, svo ekki sé nú minnst á gífurlega fallegan söng, en þess væri óskandi að hún hefði skrifað sterkara handrit til að vinna með.

Ég dey er eins konar dagskrá um dauðann sem Charlotte rannsakar frá mörgum mismunandi hliðum. Hversdagslegar hugsanir svo sem að íhuga tilgang lífsins í Bónus og hvort heimiliskötturinn sé raunverulegt höfuð fjölskyldunnar eru skoðaðar í skemmtilegu ljósi. Einnig fjallar hún á einlægan og áhrifaríkan hátt um sína persónulegu reynslu af dauðanum. En sögurnar skortir sterkari innrömmun sem og að taka út veikari senur. Atriði á borð við beinagrindadansinn og úttekt á orsökum dauðsfalla í heiminum taka frá sýningunni frekar en að bæta við, þau eru ópersónulegt uppfyllingarefni. Hlé í sýningu af þessari lengd er líka óþarfi og uppbrotið heftir þróun sýningarinnar sem var á ágætis flugi.



„Sviðsverund hennar er virkilega góð og Charlotte nær til áhorfendanna strax frá byrjun,“ segir gagnrýnandi Fréttablaðsins í dómi sínum.

Einleikir eru krefjandi sviðslistaform sem byggja oftar en ekki á nánd leikarans við fólkið úti í sal. Charlotte, í samvinnu við meðleikstjórann Benedikt Erlingsson og danshöfundinn Unni Elísabetu Gunnarsdóttur, kryddar sýninguna með einföldum gjörðum og dansi en nær ekki að láta rýmið vinna með sér. Ég dey á frekar heima á smærra sviði sem býður upp á sterkari tengsl milli áhorfenda og einleikarans. Charlotte týnist á Nýja sviðinu og hefði notið sín miklu betur á því litla, hinum megin í Borgarleikhúsinu.

Leikmynd Þórunnar Maríu Jónsdóttur hjálpar ekki mikið þar sem áherslan er lögð á svarta liti og ofureinfalda sviðsmynd. Búningar hennar eru töluvert betri, þá sérstaklega sá fyrsti sem saumar saman alvöru og húmor. Myndbandsvinna og grafísk hönnun Steinars Júlíussonar heppnast einkar vel og gerir mikið til að fylla upp í tómarýmið, sem og tónlist Gísla Galdurs.

Dauðinn umvefur lífið og minnir okkur reglulega á hversu dýrmæt tilvistin getur verið. Enginn veit hvenær allt mun endi taka, þess vegna er nauðsynlegt að grípa hvert tækifæri til að njóta, gleðja aðra og lifa í sátt við sjálfa sig. Á sínum bestu stundum snertir Charlotte í Ég dey djúpa strengi og líka hláturtaugarnar en sýninguna skortir heildræna nálgun til að hugmyndin gangi fyllilega upp. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sjarmi Charlotte skín skærar heldur en textinn.

# HEILSUDAGAR

## VEGAN LÍFRÆNT GLÚTENLAUST

25% AFSLÁTTUR




**Sólgæti**
25% af allri línunni.




**Bio-Kult**
Orginal/Candéa
**1.754 kr.**
Áður 2.193 kr.




LÍFRÆNT!

**Amy's kitchen**
Ítölsk/Lentil
**463 kr.**
Áður 579 kr.




LÍFRÆNT!

**Mamma**
Chia Squeeze
**199 kr.**
Áður 268 kr.




**NOW**
25% af allri línunni.

25% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR




**Himnesk hollusta**
20% af allri línunni.

20% AFSLÁTTUR




GLÚTENLAUST

**Nākd.**
20% af allri línunni.




**VitHit**
**199 kr.**
Áður 288 kr.




**Whole Earth**
Hnetusmjör
**467 kr.**
Áður 667 kr.

30% AFSLÁTTUR

Ath! Þetta er aðeins brot af þeim vörum sem eru á tilboði á Heilsudögum. Tilboð gilda til laugardagsins 2. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**Afgreiðslutímar**

| | |
|---|---|
| mánudaga - miðvikudaga | 09:00 - 18:00 |
| fimmtudaga | 09:00 - 18:30 |
| föstudaga | 09:00 - 19:00 |
| laugardaga | 10:00 - 16:00 |
| lokað sunnudaga. | |

FK
FJARÐARKAUP
EINSTÖK VERSLUN

Fræið er sérdeild Fjarðarkaupa með heilsuvörur. Þar er gott úrval af vegan vörum, lífrænum matvörum, vistvænum vörum og fæðubótarefnum. Kíktu í heimsókn og kynntu þér úrvalið.
**www.fjardarkaup.is**

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

RISA ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur



ÖLL SMÁVARA*
20-60%
AFSLÁTTUR
* gildir ekki af littalavörum

VINSÆLU ÚTSÖLUBORÐIN
„ALLT Á 1.000, 2.000 & 3.000 KRÓNUR“
Á SÍNUM STAÐ

HÚSGAGNA HÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | OPIÐ TIL KL. 18[00] ALLA HELGINA

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. JANÚAR 2019

### Viðburðir

**Hvað?** Menning á miðvikudögum: Landslag og þróun ljóðaútgáfu á Dögum ljóðsins
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Anna Valdís Kro frá ljóðaútgáfunni Ós Pressunni ræðir um landslag og þróun ljóðaútgáfu hér á landi og skoðar í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir. Erindið er liður í Dögum ljóðsins í Kópavogi og tilheyrir einnig erindaröð Menningarhúsa Kópavogs: Menning á miðvikudögum.

**Hvað?** Málstofa: Fjármálakreppan á Norður- og Eystrasaltslöndum
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Seðlabanki Íslands
Málstofan verður haldin í Sölvhóli, fundarherbergi í Seðlabankanum, miðvikudaginn 16. janúar kl. 15.00. Frummælandi: Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

**Hvað?** Höfundakvöld með Auði Övu Ólafsdóttur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Auður Ava Ólafsdóttir (1958) hefur kennt listfræði og listasögu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands og var um tíma forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands. Auður Ava hefur sett upp myndlistarsýningar og fjallað um myndlist og listasögulegt efni í ýmsum fjölmiðlum. hún er einn þekktasti rithöfundur Íslands og hefur sent frá sér sex skáldsögur, ljóðasafn og leikrit auk þess sem hún hefur skrifað texta fyrir íslensku hljómsveitina Milkywhale.

**Hvað?** Fjármögnun fyrirtækja
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Suðurlandsbraut 14
Hvaða kostir eru í boði og hvernig er best að undirbúa sig? Gagnlegur fræðslufundur þar sem meðal annars verður rætt um undirbúning lánsumsóknar, afgreiðsluferlið og hentuga fjármögnun. Fundurinn er haldinn í útibúi Íslandsbanka á Suðurlandsbraut 14.

**Hvað?** Shoplifters / Manbiki Kazoku – Sigurmynd Cannes 2018
**Hvenær?** 17.40
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Hinn merki leikstjóri Kore-eda hlaut Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2018. Myndin er spennandi og falleg saga fjölskyldu einnar í Tókíó sem þarf að stela til að ná endum saman. Dag einn breytist líf þeirra þegar þau taka að sér unga stelpu sem þau finna aleina í köldu húsasundi.

**Hvað?** Svefn leikskólabarna
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Hlíðasmári 17
Á fyrsta fræðslukvöldi Sálstofunnar á nýju ári mun Elísa Guðnadóttir sálfræðingur leitast við að svara algengum spurningum foreldra leikskólabarna um svefn barna. Spurningum eins og: Af hverju er svefn mikilvægur? Hversu mikinn svefn þurfa leikskólabörn? Hvaða umhverfisþættir geta ýtt undir og viðhaldið svefnerfiðleikum? Hvaða hlutverk spilar daglúrinn og hvenær á að taka hann út? Hvað eru góðar svefnvenjur? Og hvað er til ráða ef barn fæst ekki í bólið, er lengi að sofna, þarf aðstoð við það eða getur ekki sofið í sínu rúmi?



Auður Ava verður á höfundarkvöldi í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Í Seðlabankanum fer fram í dag málstofa um fjármálakreppuna á Norður- og Eystrasaltslöndum.

**Hvað?** Sýnilegt fólk
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Harpa
Andrés Jónsson, almannatengill og eigandi Góðra samskipta, kennir aðferðir sem hann notar við þjálfun stjórnenda og MBA-nema á stuttu námskeiði í Hörpu.

**Hvað?** Frá draumum til framkvæmdagleði
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Iða Zimsen, Vesturgötu
Ert þú kona sem átt þér drauma og langar að láta þá verða að veruleika en veist ekki hvernig þú getur tekið fyrstu framkvæmdaskrefin? Heyrðu okkar sögu af strögli og framgöngu. Hvernig við tókum þessi fyrstu skref.

**Hvað?** Þriðji orkupakkinn og íslenskt atvinnulíf
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Hús verslunarinnar
Hvað er í svokölluðum þriðja orkupakka Evrópusambandsins? Hverju breytir hann fyrir orkufyrirtæki og neytendur? Hvernig samræmist hann stjórnskipan Íslands? Hvað myndi það þýða fyrir EES-samninginn og íslenskt atvinnulíf ef Ísland hafnaði innleiðingu pakkans?

**Hvað?** Stefán Baxter fjallar um þarfir og væntingar viðskiptavina
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Setur skapandi greina, Hlemmi
Við hugbúnaðarþróun starfa oft margir aðilar með mismunandi sýn á verkefnið. Hugbúnaður þarf venjulega að henta stórum hópi notenda með mismunandi þarfir. Það getur því verið snúið að sætta ólík sjónarmið við hugbúnaðarþróun. Stefán Baxter fer yfir þá þætti sem skipta mestu máli í þessu ferli við að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavinarins.

### Sýningar

**Hvað?** Ingólfur Arnarsson: Jarðhæð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Sýnd eru ný verk eftir myndlistarmanninn Ingólf Arnarsson í A-sal Hafnarhúss. Ingólfur hefur verið áhrifamikill í íslensku listalífi allt frá því að hann lauk listnámi í Hollandi snemma á níunda áratugnum. Teikning hefur ætíð skipað veigamikinn sess í listsköpun hans en teikningar Ingólfs einkennast af fíngerðum línum, nákvæmni og tíma. Hann hefur jafnframt unnið verk á steinsteypu þar sem þyngd iðnaðarframleiddra eininga myndar undirlag næmra litatóna.

**Hvað?** Fjársjóður þjóðar – valin verk úr safneign
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í fórum Listasafns Íslands eru á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar er dágott úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga. Sýningin dregur fram, með aðstoð um áttatíu listaverka, fjölbreytni þeirra miðla og stílbrigða sem einkenna þessa stuttu en viðburðaríku sögu. Fyrstu áratugina byggðist safneign Listasafns Íslands einvörðungu upp á gjöfum, málverkum eftir höfðinglega erlenda listamenn, einkum danska og norræna, en upp úr þarsíðustu aldamótum urðu listaverk eftir Íslendinga æ meira áberandi. Núna er aðeins um tíundi hluti listaverkaeignar safnsins erlendur þó svo að enn séu ögn fleiri erlendir en íslenskir listamenn höfundar verka í Listasafni Íslands.




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Suspiria (ICE SUB) | 17:10 | First Reformed (ENGLISH-NO SUB) | 22:10 |
| Roma (SPANISH W/ENG SUB) | 17:30 | Zabawa, Zabawa (POLISH W/ENG SUB) | 22:10 |
| Shoplifters//Búðaþjófar (ENG SUB) | 17:40 | One Cut of the Dead (ENG SUB) | 22:20 |
| Shoplifters//Búðaþjófar (ICE SUB) | 20:00 | | |



**JANÚAR | 2019**







# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS OR 20 771 ←

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

HM í handbolta á RÚV
10.-27. janúar




Leikir Íslands á HM í vikunni

| | | |
|---|---|---|
| 14/1 | kl. 14.30 | Ísland – Barein |
| 16/1 | kl. 14.30 | Ísland – Japan |

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.45 HM stofan**
**14.20 Japan - Ísland**
**16.05 HM stofan**
**16.35 Handboltalið Íslands** Þáttaröð um bestu handboltalið Íslands. Sjö handboltalið í karla- og kvennaflokki hafa verið valin bestu handboltalið Íslands. Rætt er við fjölda sérfræðinga, leikmanna og þjálfara, rifjuð upp afrek síðustu ára og skyggnst inn í sögu félaganna. Dagskrárgerð: Hilmar Björnsson og Vilhjálmur Siggeirsson. e.
**16.50 Króatía - Barein**
**18.40 Táknmálsfréttir**
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin**
**20.00 Hans Jónatan - maðurinn sem stal sjálfum sér** Íslensk heimildarmynd um óvenjulega ævi Hans Jónatans sem fæddist þræll á eyjunni St. Croix í Karíbahafi árið 1784, barðist fyrir frelsi sínu í Kaupmannahöfn og gerðist síðar verslunarmaður á Djúpavogi. Myndin er byggð á samnefndri bók Gísla Pálssonar, prófessors. Leikstjórn: Valdimar Leifsson. Framleiðsla: Lífsmynd. Aðalhlutverk: George Leite, Edda Björnsdóttir og Yiori Moorhead.
**21.10 Nútímafjölskyldan** Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta átt sér stað í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennt fyrir nýju stjúpforeldrum sínum, fyrrverandi eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrverandi konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus. Aðalhlutverk: Vera Vitali, Erik Johansson, Fredrik Hallgren og Petra Mede. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM stofan** Íþróttafréttamenn RÚV og sérfræðingar fara yfir leiki dagsins á HM karla í handbolta.
**22.45 Ítalskar borgarperlur: Undir yfirborðinu – Feneyjar** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem fjallað er um sögu þriggja ítalskra borga: Napólí, Feneyja og Flórens.
**23.35 Kastljós**
**23.50 Menningin**
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Tour 2019**
**11.30 PGA Highlights 2019**
**12.25 PGA Tour 2019**
**16.25 The Open Official Film 2018**
**17.25 US Women's Open 2018**
**23.05 PGA Highlights 2019**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.44 The Tonight Show Starring**
**09.29 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.15 Everybody Loves Raymond**
**12.38 King of Queens**
**13.01 How I Met Your Mother**
**13.25 Dr. Phil**
**14.10 Life in Pieces**
**14.33 Charmed**
**15.17 Ally McBeal**
**16.03 Malcolm in the Middle**
**16.27 Everybody Loves Raymond**
**16.51 King of Queens**
**17.14 How I Met Your Mother**
**17.36 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Black-ish**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 Code Black**
**21.50 The Gifted**
**22.35 The Chi**
**23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS Los Angeles**
**02.20 Chicago Med**
**03.10 Bull**
**03.55 Elementary**
**04.40 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö. Fyrsti þáttur**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Heimspeki og frásagnir**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV (224 af 400)**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Góði dátinn Svejk (29 af 39)**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 Experimenter**
**14.05 Absolutely Anything**
**15.30 Grassroots**
**17.10 Experimenter**
**18.50 Absolutely Anything**
**20.20 Grassroots**
**22.00 Salt**
**23.40 Batman Begins**
**02.00 The Tale**
**03.55 Salt**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Ævintýri Tinna**
**07.45 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Newsroom**
**10.30 Jamie's 15 Minute Meals**
**10.55 The Big Bang Theory**
**11.15 Bomban**
**12.10 Fósturbörn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef The Professionals Australia**
**13.45 Kórar Íslands**
**14.50 Leitin að upprunanum**
**15.30 Léttir sprettir**
**15.50 Kevin Can Wait**
**16.10 Lego Master**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 I Feel Bad**
**19.55 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.20 Ísskápastríð**
**21.00 The Cry**
**22.05 Lovleg**
**22.35 Sally4Ever**
**23.05 NCIS**
**23.50 The Blacklist**
**00.35 Counterpart**
**01.25 Room 104**
**01.55 Greyzone**
**02.40 Greyzone**
**03.25 Six Feet Under**
**04.30 Camping**

## STÖÐ 3

**19.00 Insecure**
**19.40 Mom**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.15 Gotham**
**22.00 Game of Thrones**
**23.00 Mosaic**
**23.55 Mosaic**
**00.45 The New Girl**
**01.10 Insecure**
**01.45 Mom**
**02.10 Friends**
**02.35 Seinfeld**
**03.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.55 Barcelona - Eibar**
**08.35 Spænsku mörkin 2018/2019**
**09.05 Stjarnan - KA/Þór**
**10.30 Chelsea - Newcastle**
**12.10 Everton - Bournemouth**
**13.50 Tottenham - Manchester United**
**15.40 Premier League Review 2018/2019**
**16.35 Stjarnan - KA/Þór**
**18.00 Blackburn - Newcastle**
**19.40 Southampton - Derby**
**21.45 New Orleans Saints - Philadelphia Eagles**
**00.10 KR - Stjarnan**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25 Brighton - Liverpool**
**09.10 Leeds - Derby**
**10.50 Kansas City Chiefs - Indianapolis Colts**
**13.20 LA Rams - Dallas Cowboys**
**15.40 Athletic Bilbao - Sevilla**
**17.20 Atletico Madrid - Levante**
**19.05 KR - Stjarnan**
**21.15 New England Patriots - LA Chargers**
**00.05 Southampton - Derby**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




*VOFFI* er viðamikil rannsókn á vegum Barnaspítala Hringsins á veikindum ungra barna og fjarvistum foreldra frá vinnu vegna veikindanna. Aðalmarkmið rannsóknarinnar er að meta hvaða veikindi herja helst á ung börn, hve oft þau veikjast og hve margir vinnudagar eða námsdagar foreldra tapast vegna veikindanna.

**Samtök atvinnulífsins styðja verkefnið og hvetja foreldra ungra barna til að taka þátt. VOFFI er metnaðarfullt verkefni sem gæti veitt samfélaginu dýrmætar upplýsingar því nú er lítið sem ekkert vitað um umfang fjarvista fólks frá vinnu vegna veikinda barna.**

Nýbökuðum foreldrum er boðin þátttaka í rannsókninni en einnig hægt er að skrá sig í rannsóknina hvenær sem er eftir fæðingu barnsins. Foreldrar allra barna sem fæðst hafa 1. janúar 2018 og síðar geta tekið þátt. Hægt er að óska eftir skráningu í VOFFA á Facebook og með tölvupósti á **voffi@landspitali.is**. Auk þess eru nánari upplýsingar á vef SA, **www.sa.is**.

*Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.*

SA

www.sa.is




# Íslendingarnir í stúkunni

Íslenska landsliðið í handbolta stendur í ströngu þessa dagana á HM sem fram fer í Þýskalandi og Danmörku. Í stúkunni hafa Íslendingar einnig staðið sig vel og litað mótið með líflegri og skemmtilegri framkomu – þar sem mottóið er: Áfram Ísland!



Íslensku stuðningsmennirnir hafa látið vel í sér heyra svo eftir hefur verið tekið um víða veröld. NORDICPHOTOS/GETTY



Þó að úrslitin hafi ekki dottið í fyrstu tveimur leikjunum heilluðu ungu strákarnir á gólfinu alla í stúkunni.



Benni Bongó er staddur í München ásamt níu öðrum liðsmönnum Sérsveitarinnar, stuðningsmannafélags sem er ætlað að styðja handboltalandslið Íslands og var stofnað á síðasta ári, þar sem reynir á raddböndin. NORDICPHOTOS/GETTY



Sérsveitin hefur látið vel í sér heyra allt mótið og vakið verðskuldaða athygli fyrir skemmtilega framkomu.




# KOLVETNASKERTA FJÖLSKYLDAN




Þú þekkir hana á rauða borðanum og glæra lokinu

#iseyskyr

KOLVETNASKERT












Guðmundur, Jóhannes, Edda og Alexía fyrir utan Leifsstöð við upphaf ævintýrisins.

# Vonast til að koma heim brún, blönk og spænskumælandi

Hjónin **Alexía Björg Jóhannesdóttir** og **Guðmundur Steingrímsson** héldu í upphafi árs með börn sín tvö í víking til Mið- og Suður-Ameríku. Kötturinn fór í pössun, fjölskyldubíllinn var seldur, húsið var sett í leigu og einn bakpoki á mann fór meðferðis.

Við náðum tali af Alexíu í Kosta Ríka þar sem fjölskyldan ver fyrstu þremur vikum dvalarinnar við brimbrettaiðkun. „Við erum núna í litlum bæ að læra á brimbretti. Svo ef allt gengur að óskum er förinni heitið til Panama og eftir það er það er stefnan sett á Kólumbíu, Ekvador, Galapagoseyjar, Perú, Bólivíu, Chile, Argentínu og Úrúgvæ.“ Alexía segir það lengi hafa verið draum þeirra hjóna að ferðast með börnin, Eddu 14 ára og Jóhannes 9 ára, í lengri tíma.



Fyrstu vikunum ver fjölskyldan í Kosta Ríka við brimbrettaiðkun.

### Vinnan og heimalærdómur með

„Við seldum eitt og annað úr heimilishaldinu, til dæmis bílinn, fengum frábæra leigjendur og náðum að leggja fyrir síðustu mánuði með því að vinna mikið. Börnin eru í Hagaskóla og Melaskóla og viðhorf kennaranna þar var alveg frábært. Við munum að sjálfsögðu passa upp á að þau dragist ekki aftur úr í námi en skilaboðin frá skólunum voru meira um það að þau ættu að upplifa heiminn og læra af ferðinni frekar en að vera með nefið ofan í bókum. Þetta væri einstakt tækifæri.“

Þau hjón taka einnig með sér verkefni en bæði eru þau sjálfstætt starfandi. „En alveg eins og með börnin er líka mikilvægt að við séum ekki með nefið ofan í tölvunum allan daginn. Við þurfum að upplifa heiminn líka.“

### Einn bakpoki á mann

Aðspurð hvers vegna Mið- og Suður-Ameríka hafi orðið fyrir valinu segir Alexía þau hafa langað að læra spænsku auk þess sem lönd álfanna séu bæði fjölbreytt og spennandi. „Svo höfum við aldrei komið á þessar slóðir áður.“ Undirbúningurinn fyrir slíka ferð er töluverður: „Við höfum gúglað þetta allt í drasl. Sem sagt bara við og Google við eldhúsborðið.“

Aðspurð um áskoranir segir Alexía það eina hafa verið að þurfa að velja lönd og sleppa öðrum úr þegar þau uppgötvuðu að þau gætu ekki náð yfir alla Suður-Ameríku.



Hressir ferðalangar á leið í flug.

„Svo voru það líka alls konar gögn sem við þurftum að vera búin að útvega okkur. Fæðingarvottorð barnanna, leyfi til að ferðast með barn sem býr á tveimur heimilum, bólusetningavottorð og fara í fullt af sprautum.

Ferðatryggingar voru svo alveg sér kafli sem þurfti að tækla með því að anda djúpt. Það var líka áskorun að ákveða hvaða fáu flíkur og hlutir fengju að koma með þar sem við erum bara með einn bakpoka hver.“

### Miserfitt en mögulegt fyrir alla

Alexía segir áætlaða heimkomu vera einhvern tíma í júní eða júlí en aðspurð hvað þau vonist til að fá út úr ferðinni svarar hún í léttum tón: „Að koma heim brún og blönk, sultuslök með magavöðva og talandi spænsku. Við trúum því að það sé hollt að rífa sig upp og endurmeta lífið. Kynnast betur sjálfum sér, börnunum og veröldinni. Það er líklegast miserfitt fyrir fólk að rífa sig upp úr vinnu og daglegri rútínu en það er mögulegt fyrir alla.“

**bjork@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# TILBOÐSDAGAR




## Toyota Rav4 GX

Nýskráður 5/2017, ekinn 59 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Ásett kr. 3.990.000
**Tilboð kr. 3.490.00**
kr. 45.356 á mán. í 84 mán.




## Honda Jazz Dynamic

Nýskráður 6/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur. Stærri vél 130 hestöfl. Honda verksmiðjuábyrgð til 6/20121

Ásett kr. 3.390.000
**Tilboð kr.2 .990.000**
kr. 38.881 á mán. í 84 mán.




## Honda CR-V Elegance dísel

Nýskráður 5/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 5/2020

Ásett kr. 4.290.000
**Tilboð kr. 3.790.000**
kr. 49.241 á mán. í 84 mán.




## Honda HR-V Elegance

Nýskráður 9/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 9/2021

Ásett kr. 3.990.000
**Tilboð kr. 3.546.000**
kr. 46.081 á mán.*




## Honda CR-V Lifestyle dísel

Nýskráður 10/2018, Nýtt ökutæki, dísel, beinskiptur, leðurinnrétting. Honda verksmiðjuábyrgð til 10/2021

Ásett kr. 5.390.000
**Tilboð kr. 4.390.000**
kr. 57.011 á mán.*




## Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 27 þús.km., bensín, beinskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 6/2020.

Ásett kr. 2.090.000
**Tilboð kr. 1.890.000**
kr. 27.226 á mán.*




## Honda CR-V Executive dísil

Nýskráður 4/2017, ekinn 40 þús.km., dísel, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 4/2020.

Ásett kr. 4.990.000
**Tilboð kr. 4.590.000**
kr. 59.602 á mán.*




## Toyota Land Cruiser 7 manna

Nýskráður 8/2016, ekinn 74 þús.km., dísel, sjálfskiptur, 7 manna.

Ásett kr. 6.990.000
**Tilboð kr. 6.290.000**
kr. 81.617 á mán.*




## Honda Civic Sport Plus

Nýskráður 2/2018, ekinn 5 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 2/2021

Ásett kr. 3.890.000
**Tilboð kr. 3.550.000**
kr. 46.133 á mán.*




## Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 61 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 6/2020

Ásett kr. 3.990.000
**Tilboð kr. 3.690.000**
kr. 47.946 á mán.*




## Honda Civic Comfort

Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Honda verksmiðjuábyrgð til 6/2020

Ásett kr. 2.790.000
**Tilboð kr. 2.490.000**
kr. 32.406 á mán.*




## Suzuki Grand Vitara Lux

Nýskráður 5/2014, ekinn 95 þús.km., dísel, beinskiptur.

Ásett kr. 2.490.000
**Tilboð kr. 1.790.000**
kr. 23.340 á mán.*

## Opnunartími

**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**
**notaðir.bernhard.is** opið allan sólarhringinn

**Skoðaðu alla söluskrána okkar á**

**notadir.bernhard.is**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

*Afborganir eru miðað við 80% lán til 84 mánaða. Fjölbreyttir lánamöguleikar í boði

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Davíðs Þorlákssonar



# Bogalaga toppur ísjakans

Hvort sem fólki líkar betur eða verr þá er Braggamálinu hvergi nærri lokið. Nýlegt útspil var tillaga um að vísa málinu til héraðssaksóknara. Þótt niðurstaða innri endurskoðunar borgarinnar hafi verið að fjölmargar brotalamir hafi verið í stjórnsýslu borgarinnar er það ekki niðurstaðan að refsivert háttsemi hafi átt sér stað. Tillagan er því sett fram til að slá pólitískar keilur og er því engum til sóma sem að henni kemur.

Karp um þetta dregur athygli frá hinum stóra lærdómi sem ætti að draga af málinu um agaleysi í opinberum rekstri. Of fáir stjórnmálamenn leggja áherslu á ráðdeild í opinberum rekstri í störfum sínum. Í stað þess leggja þau áherslu á að gera sem mest sem kostar peninga. Þau virðast ekki átta sig á því að þetta eru tvær hliðar á sama peningnum. Því meiri sem aginn er í útgjöldum því meira svigrúm er til að setja fé í eitthvað sem raunverulega skiptir máli.

Fyrstu mistök borgarinnar voru að ætla sér að gera upp hús til að leigja út. Það var frá upphafi augljóst að betra væri að slík áhættustarfsemi væri í höndum einkaaðila. Fyrir þær 425 milljónir sem fóru í þetta væri hægt að fjármagna 234 pláss í grunnskóla eða veita 176 fátækum fjárhagsaðstoð í eitt ár. Bragginn er aðeins bogalaga toppur á þeim ísjaka sem agaleysi í opinberum rekstri og framkvæmdum er. Það er löngu orðið tímabært að stjórnmála- og embættismenn geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og taki þessi mál föstum tökum.



*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró. Gildir þegar bókað er flug báðar leiðir.
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS




